# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

126. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 30. JÚNÍ 2021






Austin & Barbeque
**Ferðagrill**
13.491 kr.
~~14.990 kr.~~
10% afsl.



30% afsl.
Weber
**WiFi Grillmælir**
13.293 kr.
~~18.990 kr.~~

# Leiktu þér í sumar!



Luxor
**Ferðahátalari**
19.992 kr.
~~24.990 kr.~~
20% afsl.



Nova
**Djammingó drykkjarkútur**
790 kr.



Xqisit
**Höfuðpúða-festing**
3.490 kr.



Nova
**Spjallspjöld**
1.490 kr.

# Úrlausn hjá Nova

Njóttu frelsisins í sumar. Hringdu, hlustaðu á tónlist og taktu á móti símtölum í snjallúrinu, án þess að síminn sé nálægur. Það er snilld.



Úrlausn fylgir í 4 mán.
eSIM
Apple
**Watch 5 LTE 44mm**
74.990 kr.
~~89.990 kr.~~
15.000 króna afsl.



Úrlausn fylgir í 4 mán.
eSIM
Apple
**Watch 6 LTE 40mm**
84.990 kr.
~~99.990 kr.~~
15.000 króna afsl.



Úrlausn fylgir í 4 mán.
eSIM
Apple
**Watch 6 LTE 44mm**
89.990 kr.
~~104.990 kr.~~
15.000 króna afsl.

**Tilboðin gilda á nova.is út sunnudaginn 4. júlí.**

Fleiri dílar og skemmtilegheit á nova.is fyrir c

# Rafmögnuð rennireið!

Hvert á að rúlla í sumar? Þú kemst auðveldlega á milli staða á Rafskútu. Renndu af stað á móti frelsinu, líttu í kringum þig og andaðu að þér umhverfinu!



**Frí heimsending**
Power
**Zero 10**
194.990 kr.
~~214.990 kr.~~
20.000 króna afsl.



**Frí heimsending**
Xiaomi
**Essential**
44.990 kr.
~~49.990 kr.~~
5.000 króna afsl.



**Frí heimsending**
Xiaomi
**Rafskúta Pro2**
64.990 kr.
~~74.990 kr.~~
10.000 króna afsl.



**Frí heimsending**
Power
**Zero 8**
72.990 kr.
~~82.990 kr.~~
10.000 króna afsl.

## Allskonar greiðslumöguleikar!

Með Aur, Netgíró eða Borgun.

aur BORGUN netgíró

**Besti díllinn!**

# FRÉTTABLAÐIÐ

126. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

fretta bladid.is

MIÐVIKUDAGUR 30. JÚNÍ 2021




Íslendingar og erlendir ferðamenn hópuðust saman til að sleikja sólina á Norður- og Austurlandi í gær. Landsmenn eru nú margir eins og kýr að sumri eftir að fjöldatakmörkunum og öðrum sóttvarnaráðstöfunum var aflétt fyrir helgi. Ekki spillir bongóblíðan sem ríkt hefur víða um land og við því að búast að sundlaugin á Akureyri troðfyllist eins og í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Lögbann lagt á lendingu Norðurflugs við eldgosið að kröfu eigenda Hrauns

Landeigendur að Hrauni hafa samið við eitt þyrlufyrirtæki um lendingu á gossvæðinu í Geldingadal. Sýslumaður lagði í gær lögbann við lendingum Norðurflugs án samþykkis landeigenda.

adalheidur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Sýslumaðurinn á Suðurnesjum lagði í gær lögbann við því að þyrlufyrirtækið Norðurflug lendi þyrlum sínumí landi Hrauns án samþykkis landeigenda. Um er að ræða gossvæðið í Geldingadal en Norðurflug hefur boðið upp á þyrluferðir að gosinu frá því í mars.

„Lögbannið var lagt á af því að menn mega ekki lenda flugförum inni á eignarlandi nema með samþykki viðkomandi landeigenda,“ segir Óskar Sigurðsson, lögmaður landeigendanna. Hann segir leyfi loftfara til lendingar ekki hluta af almannarétti. „Það er enginn að amast við frjálsri för almennings sem nýtur verndar í náttúruverndarlögum. Þetta mál lýtur eingöngu að þyrlunum. Ef menn eru með þyrlu geta þeir áfram flogið yfir en til að lenda þarf samþykki landeigenda.“

Lögbannið var lagt á í gær og landeigendur hafa nú viku til að höfða mál fyrir héraðsdómi til staðfestingar lögbanninu.

Aðspurður um úrræði þyrlufyrirtækisins nú segir Óskar að til að fá að lenda loftfari á svæðinu þurfi að semja um það. Annað félag sem flogið hefur með fólk að svæðinu hefur þegar samið við landeigendur um lendingarleyfi. „Félagið getur náttúrlega leyst málin með því að setjast niður með landeigendum og semja,“ segir Óskar.

Fréttablaðið náði tali af Birgi Ómari Haraldssyni hjá Norðurflugi vegna málsins en hann sagði að félagið myndi ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

Á vef Norðurflugs segir að fullbókað sé í ferðir að gosinu en fólk geti skráð sig á biðlista. Hver ferð að gosinu kostar 44.400 fyrir fullorðinn en 33.300 fyrir börn. Ekki er nú fjallað sérstaklega um lendingu á gossvæðinu á vef félagsins. ■



Tvö fyrirtæki bjóða flug að gosinu. Annað þeirra hefur samið um lendingu.

»

**Landeigendur hafa viku til að höfða staðfestingarmál fyrir héraðsdómi.**

## Seldu fyrir nærri fjóra milljarða í Íslandsbanka

hordur@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Sex erlendir fjárfestingasjóðir, sem fengu úthlutað tæplega tveggja prósenta eignarhlut í nýafstöðnu hlutafjárútboði Íslandsbanka, seldu öll bréf sín á fyrstu þremur dögunum eftir að bankinn var skráður á markað. Áætla má að söluandvirðið hafi verið samtals um nærri fjórir milljarðar.

Sjóðirnir sem seldu bréf sín í bankanum, samkvæmt lista yfir alla hluthafa Íslandsbanka sem Markaðurinn hefur séð, voru í stýringu hjá Silver Point Capital, Fiera Capital, Fideility, Lansdowne, Key Square Capital og Ghisallo Partners.

Samanlagt áttu sjóðirnir um 38 milljónir hluta að nafnvirði í bankanum sem þeir keyptu á rúmlega þrjá milljarða króna í útboðinu. Gengi bréfanna hækkaði talsvert þegar þau voru tekin til viðskipta í síðustu viku. SJÁ MARKAÐINN







Myndavélavöktun í verslun Huppu var talin brjóta gegn persónuverndarlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Huppa sektuð fyrir vöktun á starfsmönnum

thorgrimur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Huppuís ehf. var í gær sektað um fimm milljónir króna af Persónuvernd vegna rafrænnar vöktunar í ísbúð fyrirtækisins. Kvartað hafði verið yfir rafrænni vöktun á rými þar sem starfsmenn, sem margir eru undir lögaldri, nota til að hafa fataskipti. Einnig var merkingum um vöktunina talið ábótavant og upplýsingu starfsmanna um réttindi sín.

Persónuvernd taldi vöktunina ekki styðjast við fullnægjandi heimild samkvæmt persónuverndarlögum og að hvorki hefði verið gætt að gagnsæiskröfu né meðalhófskröfu. Jafnframt varð það til þyngingar sektarinnar að brotið varðaði hagsmuni barns. Auk sektarinnar var Huppuís gert að stöðva vöktunina og eyða efni úr eftirlitsmyndavélinni. ■

## Götulistin lífgar



Borgarbúar nota góðviðrisdagana til að fegra hverfin sín. Amanda Tyahur er sprenglærður listamaður frá Listaháskóla Íslands og Lorenzo de'Medici, í Flórens á Ítalíu. Hún nýtti þurrviðrið í gær til að mála listaverk á steinvegg þennan við Hraunbæ í Árbænum. Áfram er gert ráð fyrir svipuðu veðri í höfuðborginni á morgun en spáð er sunnan 5-10 metrum á sekúndu. Skýjað verður að mestu og mögulega lítils háttar væta. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Níu hús rýmd í Varmahlíð í gær vegna aurskriðu sem féll milli tveggja húsa

lovisa@frettabladid.is

**HAMFARIR** Alls er búið að rýma níu hús við Laugaveg og Norðurbrún í Varmahlíð eftir að aurskriða féll skyndilega um klukkan 16 í gær. Ekkert manntjón varð sem betur fer, að sögn Höskuldar Birkis Erlingssonar, varðstjóra hjá Lögreglunni á Norðurlandi vestra.

Viðbragðsaðilar funduðu í gærkvöld vegna aurskriðunnar.

„Það er verið að fara yfir stöðuna vegna skriðunnar og hvort það sé hætta á því að hún fari aftur af stað, hluti hennar, eða það komi skriða annars staðar. Það er það sem er verið að rannsaka núna með tæknifólki og verkfræðingum hjá sveitarfélaginu Skagafirði,“ segir Höskuldur. ■



Aurskriðan féll óvænt í dag á milli tveggja húsa. MYND/BJÖRN BJARNASON

» Enn er óvíst hvort önnur skriða fari af stað.






# Sólarþyrstir Íslendingar að yfirfylla tjaldsvæði landsins

Tjaldsvæði á Austurlandi eru nánast að verða uppseld fyrir vikuna. Búið er að taka frá flest öll tjaldstæðin í Húsafelli og veðrið í Ásbyrgi var fullkomið gönguveður þar sem margir gista í tjaldi.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Hitatölur á Austurlandi eru flestar í hærri kantinum. Á Seyðisfirði er búist við 22 stiga hita í hádeginu í dag, einni gráðu minna á Eskifirði og 18 í Neskaupstað. Nánast öll herbergi eru uppbókuð á Hótel Héraði þessa vikuna og sömu sögu er að segja á tjaldsvæðinu á Egilsstöðum. Þar er spáð allt að 25 stiga hita í dag.

Heiður Vigfúsdóttir, eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Austurfarar, sem rekur tjaldsvæðið á Egilsstöðum, segir mikla umferð hafa verið um tjaldsvæðið undanfarna daga.

„Við erum með stórt tjaldsvæði. Það eru takmörkuð stæði í rafmagn, sem fólk er kannski svolítið að bítast um í bókunarkerfinu,“ segir hún.

Í Mývatnssveit voru ferðamenn úti um allar perlur sveitarinnar í gær. Útsendari Fréttablaðsins hitti rútubílstjóra í Dimmuborgum sem var á ferðalagi með bólusetta bandaríska ferðamenn og voru allir með bros á vör. Í Dimmuborgum voru sjö rútur. Í Jarðböðunum var einnig mikið af bílum og um 30 bílar við Hverarönd. Töluverður mývargur er í sveitinni en heimamenn kvarta lítið.

Í Húsafelli fengust þær upplýsingar að reytingur af fólki væri kominn en búið væri að taka frá flest stæðin um helgina og var búist við líflegri helgi í blíðunni.

Þuríður í Vaglaskógi sagði að það væri slatti af fólki komið. Veðrið væri dásamlegt og það mætti búast við fleirum um helgina. Vaglaskógur hefur ekki tekið upp hið nýja bókunarkerfi og því mætir fólk með sitt og finnur sér stað. „Það er sólskin og 21 gráða núna,“ sagði hún um fjögurleytið í gær. „Við búumst alltaf við góðri helgi þegar veðurspáin er svona. Það var góð helgi síðast eftir rólegt vor og svo kemur þessi blíða og þá má búast við að margir komi,“ segir Þuríður.

Kristín, yfirlandvörður í Ásbyrgi, segir að veðrið hafi verið fullkomið fyrir gönguferðir og margir hafi verið að nýta sér blíðuna til að skoða sig um. „Það er búið að vera mjög gott veður. Um 20 gráður en ekki glampandi sól. Það er létt yfir og frábært gönguveður.

Fólk flykkist hingað. Tjaldsvæðið í Vesturdal er aðeins opið fyrir fólk sem er að ganga gljúfrin. Svo er eitt lítið við Dettifoss, norður af bílastæðunum, þar sem er töluvert af fólki.

Í Ásbyrgi er drjúgt af fólki. Við erum með bókunarkerfið frá Parka og helgin lítur vel út. Verður lífleg og skemmtileg.“ ■



Sjö rútur voru við Dimmuborgir í Mývatnssveit í gær. MYND/GUÐBJÖRG ÁSDÍS INGÓLFSDÓTTIR



Frá tjaldsvæðinu á Egilsstöðum.




SsangYong Tivoli Dlx '18, beinskiptur, ekinn 77 þús.km. **Verð:** 2.290.000 kr.




SsangYong Rexton Hlx '16, sjálfskiptur, ekinn 151 þús. km. **Verð:** 2.990.000 kr.




| | |
|---|---|
| Verð ................................ | 2.490.000 kr. |
| Greitt m/notuðum ........ | 500.000 kr. |
| Eftirstöðvar .................. | 1.990.000 kr. |
| Afborgun á mánuði ..... | 29.667 kr.** |

SsangYong Tivoli XLV dlx '18, beinskiptur, ekinn 71 þús. km. **Verð:** 2.490.000 kr.




Opel Astra Enjoy '17, sjálfskiptur, ekinn 61 þús. km. **Verð:** 2.190.000 kr.

# Við tökum gamla bílinn uppí á

# 500.000

Notaður uppí nýlegan

Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 500.000 króna innborgun* í nýlegan og öruggan bíl (sérmerktur á plani). Þinn gamli þarf aðeins að vera með fulla skoðun og í ökufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl uppí má alltaf ræða aðra díla.




| | |
|---|---|
| Verð ................................ | 2.990.000 kr. |
| Greitt m/notuðum ........ | 500.000 kr. |
| Eftirstöðvar .................. | 2.490.000 kr. |
| Afborgun á mánuði ..... | 38.878kr.** |

Opel Astra Innovation. '18, sjálfskiptur, ekinn 76 þús.km. **Verð:** 2.990.000 kr.




SsangYong Tivoli Dlx '18, beinskiptur, ekinn 69 þús.km. **Verð:** 2.290.000 kr.




Chevrolet Cruze Ltz St '16, sjálfskiptur, ekinn 127 þús.km. **Verð:** 1.490.000 kr.




SsangYong Tivoli '17, sjálfskiptur, ekinn 81 þús.km. **Verð:** 2.350.000 kr.




SsangYong Tivoli Xlv Dlx '17, sjálfskiptur, ekinn 74 þús.km. **Verð:** 2.390.000 kr.




SsangYong Tivoli Xlv Dlx+ '18, Sjálfskiptur, ekinn 50 þús.km. **Verð:** 3.490.000 kr.




SsangYong Tivoli Hlx '17, sjálfskiptur, ekinn 61 þús.km. **Verð:** 2.590.000 kr.




SsangYong Korando Dlx '18, beinskiptur, ekinn 60 þús.km. **Verð:** 2.990.000 kr.




Opel Mokka X Innovation '18, sjálfskiptur, ekinn 71 þús.km. **Verð:** 3.090.000 kr.




SsangYong Tivoli Hlx '18 , sjálfskiptur, ekinn 60 þús.km. **Verð:** 3.190.000 kr.




Chevrolet Cruze Ltz '16, sjálfskiptur, ekinn 132 þús.km. **Verð:** 1.390.000 kr.




SsangYong Tivoli Xlv Dlx '18, sjálfskiptur, ekinn 65 þús.km. **Verð:** 3.090.000 kr.

**Meira úrval á**
notadir.benni.is



**Bílabúð Benna** | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna
Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl. * Tökum aðeins 1 bíl uppí hvern nýlegan notaðan bíl. **Forsendur: 7 ára lán hjá Lykli. Útborgun 500.000 kr.


Byggingin verður orðin sýnileg fyrir lok næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fyrsta botnplata nýs spítala steypt

arib@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrsta botnplatan af nýjum meðferðarkjarna Landspítalans við Hringbraut var steypt í gær. Eysteinn Einarsson, staðarverkfræðingur hjá Nýjum Landspítala, segir verkinu miða vel og sé á áætlun.

„Við erum að steypa ofan í holunni sem var grafin hérna. Við erum ekki að fara að koma upp úr holunni fyrr en haustið á næsta ári. Við förum ekki að sjá neitt fyrr en í október eða nóvember á næsta ári. Þetta eru tveir kjallarar sem við erum að steypa,“ segir Eysteinn.

Engin færanleg steypustöð er á staðnum en steypan er keyrð frá Steypustöðinni. „Þeir þurfa að passa sig hvenær þeir koma, annað hvort fyrir morgunumferðina eða seinnipartinn. Þetta er ákveðið skipulagsatriði.“ ■

## RÚV sektað af fjölmiðlanefnd

lovisa@frettabladid.is

**FJÖLMIÐLAR** Fjölmiðlanefnd hefur sektað RÚV um eina milljón vegna auglýsinga sem birtar voru á eftir Krakkafréttum á tilteknu tímabili en þátturinn er ætlaður börnum 12 ára og yngri.

Byggt er á ákvæði fjölmiðlalaga sem leggur bann við auglýsingum og fjarkaupainnskotum á dagskrártíma fyrir börn. Vegna brots gegn ákvæðinu var RÚV gert að greiða stjórnvaldssekt.

Fjölmiðlanefnd telur þó ekkert benda til þess að auglýsingunum sem voru sýndar á RÚV hafi verið sérstaklega beint að börnum. Krakkafréttir hafa nú verið færðar framar í dagskrá RÚV og eru því ekki sýndar beint á eftir eða undan auglýsingatíma. ■

# Telur ólíklegt að eldgosið hverfi á einni nóttu

thorgrimur@frettabladid.is

**ELDGOS** „Óróinn datt næstum alveg niður í gær en tók sig svo aftur upp.“ segir Einar Hjörleifsson, náttúruvársérfræðingur hjá Veðurstofunni, um síðustu vendingar í Geldingadölum. „Óróinn hefur verið mun lægri en síðustu vikur en virðist núna vera að aukast lítillega aftur.“

Að sögn Einars var erfitt að greina gosið í gær vegna lélegs skyggnis. Í dag verði hins vegar fundað með fólki af vettvangi og betra skyggni muni vonandi gefa betri vísbendingar um framvinduna. Hann benti á að fleiri smáskjálftar hafi greinst milli Keilis og Meradalahnúka samhliða því sem órói í gosinu hafi minnkað.


Skyggnið að eldgosinu var öllu verra í gær en í síðustu viku.

„Það eru aðallega þessar veðuraðstæður sem byrgja okkur sýn og svo nokkurt sambandsleysi við myndavélar.“

Einar segir erfitt að meta hversu lengi gosið komi til með að halda áfram eins og er. „Á meðan óróinn er að gefa svona í tel ég ólíklegra að gosinu verði lokið þegar skýin draga frá.“ ■

# BSRB mætir SA í Félagsdómi vegna ágreinings um styttingu vinnuviku

**BSRB mætir SA í Félagsdómi vegna ágreinings um framkvæmd vinnuvikustyttingar fyrir vaktavinnufólk. Formaður Sameykis segir SA og Isavia leggja til mun minni styttingu fyrir fólk í vaktavinnu en samið var um.**

urduryrr@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Þrjú stéttarfélög stefna nú Samtökum atvinnulífsins og Isavia til Félagsdóms vegna ágreinings um skipulag vaktavinnu eftir styttingu vinnuvikunnar. Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, segir túlkun SA og Isavia á bókun um styttingu vinnuvikunnar fara gegn því sem samið var um.

Stéttarfélögin sem um ræðir eru Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Félag flugmálastarfsmanna ríkisins. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) stefnir SA fyrir hönd félaganna þriggja.

Nýja fyrirkomulagið um styttingu vinnuvikunnar í 36 tíma úr 40 tímum tók gildi 1. janúar síðastliðinn fyrir dagvinnufólk en 1. maí fyrir vaktavinnufólk. Samkvæmt Þórarni er framkvæmd þess mismunandi eftir því hvort um er að ræða dagvinnu- eða vaktavinnufólk þar sem dagvinnufólk er með skilgreind neysluhlé í kjarasamningi en ekki vaktavinnufólk.

Þórarinn segir SA og Isavia ganga út frá því að vinnutími vaktavinnufólks eigi að styttast í 36 tíma en ofan á þann tíma skuli bæta neysluhléum í 35 mínútur á dag. Það skipulag myndi skila aðeins rúmri klukkutíma styttingu, mun styttri en kjarasamningur kveður á um.


Ágreiningur er um neysluhlé vaktavinnufólks Isavia og hvort þau verði hluti styttingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> Í kynningarefni BSRB segir að ganga skuli lengra í styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki

„Isavia vill meina að í þessu vaktaskipulagi séu neysluhléin fyrir utan og séu neysluhléin tekin þá lengi það hverja vakt,“ segir Þórarinn. Hann segir Sameyki og hin stéttarfélögin vera ósammála því, enda hafi neysluhléin aldrei fram að þessu verið skipulögð inn í vaktavinnutímann þar sem kjarasamningurinn kveður á um annað.

Þórarinn segir vaktavinnutímann alltaf vera skipulagðan sem ein heild með ótímasettum neysluhléum, þau séu tekin þegar tækifæri gefst. „Það hefur alltaf verið skilgreiningin inni í vaktavinnukerfunum. Við breyttum þeim ekki neitt í kjarasamningunum og fyrra fyrirkomulag neysluhléa innan vaktavinnunnar stendur óbreytt og óhaggað að okkar mati,“ segir hann.

Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, segir málið snúast um túlkun á vinnutímastyttingu í kjarasamningum Isavia við stéttarfélögin. „Ágreiningur var í nefnd um útfærslu á vinnutímastyttingu og er málið komið til úrskurðar hjá Félagsdómi,“ segir hann.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir forsvarsfólk samtakanna aldrei tjá sig um mál áður en búið sé að dæma í þeim.

Í kynningarmyndbandi um styttingu vinnuvikunnar hjá BSRB segir að vinnutími alls vaktavinnufólks í fullu starfi skuli stytt úr 40 tímum í 36 tíma og allt niður í 32 tíma fyrir fólk sem vinnu kvöld-, nætur- og helgarvinnu.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, segir í sama myndbandi að ástæðan fyrir því að gengið sé lengra í styttingu vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk sé vegna þess að rannsóknir sýni að vaktavinna geti verið heilsuspillandi, sérstaklega þegar hún er óregluleg. ■



ENNEMM / SÍA / NM-006390

# Fótbolti og fjör á N1 mótinu






## Taktu fjörið alla leið!




Fylltu sumarið af fjöri á leiðinni á N1 mótið og safnaðu stimplum í Vegabréfið á öllum N1 stöðvum. Þátttakendur fá glaðning fyrir hvern stimpil og eiga tækifæri á glæsilegum vinningum í leikslok.








## 20 kr. afsláttur í dag

Farðu með fullan tank á N1 mótið! N1 korthafar fá 20 króna afslátt af lítranum og tvo punkta, nema þar sem fast lágt verð gildir.



## Alla leið á N1 mótið

Árlegt fótboltamót N1 hefst í dag og stendur til 3. júlí. Í 35 ár hefur N1 mótið veitt ungum fótboltaköppum tækifæri til að hittast og taka framförum saman. Fylgstu með hetjum framtíðarinnar leika listir sínar og njóttu dvalarinnar á Akureyri með fjölskyldunni. Góða ferð og skemmtun!

**Fangaðu fjörið! #n1mótið**

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

# Ekki einhugur um afhendingu Grjótkelduflóa til Akraness

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTURLAND** Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt að afhenda Grjótkelduflóa, rúmlega 154 hektara svæði, til Akraneskaupstaðar að beiðni síðarnefnda sveitarfélagsins. Skagamenn hafa átt jörðina frá árinu 1928 og hyggja nú á uppbyggingu þar, einkum með uppbyggingu gagnavers.

Ekki reyndist einhugur um afhendinguna í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, hvorki innan minnihluta né meirihluta. Elín Ósk Gunnarsdóttir, fulltrúi Íbúalistans, lagðist gegn tillögunni og Helga Harðardóttir, fulltrúi Áfram, sat hjá. Hvorug þeirra vildi tjá sig við Fréttablaðið um málið.

> Við fáum örlítil fasteignagjöld af þessu svæði
>
> Björgvin Helgason, oddviti Hvalfjarðarsveitar

„Það er einhver örlítill meiningarmunur,“ segir Björgvin Helgason, oddviti Hvalfjarðarsveitar, um kosninguna. En ákveðið var að færa sveitarfélagamörk láglendisins, fyrrnefnda 154 hektara, en hálendishlutinn, 79 hektarar, yrðu áfram í Hvalfjarðarsveit.

Á svæðinu er nú skógræktarreitur á vegum Skógræktarfélags Akraness, efnislosunarsvæði, æfingasvæði Skotfélags Akraness, beitarhólf fyrir hross og sauðfé, gönguleiðir, reiðleiðir og fleira.


Akranes stækkar um 154 hektara eftir afhendinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við fáum örlítil fasteignagjöld af þessu svæði. Í rauninni ekki neitt neitt af svona landbúnaðarlandi,“ segir Björgvin aðspurður um hagsmunina.

„Akraneskaupstaður hefur nýtt þetta land og okkur fannst ekkert óeðlilegt að lögsögumörkin myndu færast til að hann hefði skipulagsvaldið.“

Akraneskaupstaður hefur undirbúið uppbyggingu gagnavers í samvinnu við Landsvirkjun og erlenda fjárfesta undanfarin ár. Árið 2018 var greint frá því að slíkt gagnaver yrði einkum notað til þess að grafa eftir rafmyntum. ■


Ulf Kristersson, leiðtogi Hægriflokksins, reynir nú að mynda stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Kristersson reynir stjórnarmyndun

thorgrimur@frettabladid.is

**SVÍÞJÓÐ** Ulf Kristersson, leiðtoga Hægriflokksins, var falið stjórnarmyndunarumboð í Svíþjóð í gær. Hefur hann þrjá daga til að mynda nýja ríkisstjórn til að leysa af hólmi stjórn Stefans Löfven, sem sagði af sér á mánudaginn eftir að þingið samþykkti vantrauststillögu gegn honum. Að frestinum loknum verður hann að tilkynna forseta þingsins að hægt sé að kjósa um nýja stjórn.

Ljóst er að strembnar stjórnarmyndunarviðræður bíða Kristerssons. Eftir síðustu þingkosningar landsins tók heila fjóra mánuði að mynda stjórn, einkum þar sem hinar hefðbundnu hægri- og vinstriblokkir landsins vildu ekki ganga í stjórnarsamstarf með hægriöfgaflokki Svíþjóðardemókrata.

Til þess að hægt sé að mynda stjórn mega ekki fleiri en 174 þingmenn kjósa gegn henni. Bent hefur verið á ýmis möguleg stjórnarmynstur en ekki er víst að Kristersson verði endilega forsætisráðherra þótt honum takist að mynda stjórn. ■

# Illdeilur aukast milli sauðfjárbænda og skógarbænda vegna ágangsfjár

Að mati skógarbænda þarf að breyta lögum um búfjárhald til þess að verja lendur þeirra fyrir ágangsfé. Dýrt er að girða jarðir af og óheimilt er að reka kindur yfir á jörð nágrannans.


Kindur geta valdið miklu tjóni á löndum skógarbænda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

kristinnhaukur@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** Skógarbændur telja að breyta þurfi tæplega 20 ára gömlum lögum um búfjárhald. Ákvæði þeirra um friðun jarða fyrir ágangi fjár séu haldlitlar og girðingar dýrar. Færist það í aukana að leiðindamál komi upp á milli sauðfjárbænda og skógarbænda vegna þessa.

„Sumir skógarbændur eiga erfitt með að verja sig fyrir þessu,“ segir Jóhann Gísli Jóhannsson, stjórnarformaður Landssamtaka skógareigenda. Sífellt komi upp leiðinleg mál og illdeilur á milli sauðfjárbænda og skógarbænda vegna lausagöngu. „Þetta er alltaf sífellt að verða verra og verra því sauðfjárbændum fækkar og fleiri eignast jarðir í nálægð við þá,“ segir hann.

Rótin að vandanum eru búfjárhaldslögin frá árinu 2002. Þessi lög leystu lög um fjallaskil af hendi, en samkvæmt þeim átti sveitarstjórn að sjá um að smala ágangsfé á kostnað eigenda, annars lögregla. En með hinum nýju lögum þurfa landeigendur að fá jarðir sínar sérstaklega friðaðar fyrir ágangsfé og þurfa þá girðingar að vera vottaðar árlega af búnaðarsamböndum, sem fáir ef nokkrir geri í raun.

Jóhann Gísli segir að skógarbændur séu ekki að fá girðingar sínar vottaðar eins og lögin heimila þeim. Stór ástæða fyrir því sé kostnaðurinn. „Það er rándýrt að girða sig af. Kílómetrinn kostar upp undir milljón,“ segir hann. Þá sé það ekki aðeins uppsetningarkostnaðurinn sem sé mikill, heldur einnig viðhaldskostnaður girðinganna.

> Oft kippa þær upp plöntunum án þess að éta þær.
>
> Jóhann Gísli Jóhannsson, stjórnarformaður Landssamtaka skógareigenda



Bendir hann á að sumir séu með samning við Skógræktina sem hafi tekið þátt í afgirðingu. Það sé hins vegar lítið um peninga til að dreifa um þessar mundir og peningnum sé fyrst og fremst ætlað að fara í gróðursetningarnar sjálfar.

„Skógarbændum getur sviðið það að missa allar plönturnar upp í örfáar rollur. Oft kippa þær upp plöntunum án þess að éta þær,“ segir Jóhann. „Það er hægt að óska eftir því að eigendurnir taki sínar kindur en þá verða girðingarnar að vera í lagi.“

Telur Jóhann að breyta þurfi lögunum frá 2002 og taka öll girðingamál á Íslandi til endurskoðunar. Gríðarlegt magn girðinga sé nú þegar til í landinu, á vegum Landgræðslunnar, Skógræktarinnar, Vegagerðarinnar og bænda. ■




# Grasfrjóið á pari eftir lítið birkifrjó

kristinnhaukur@frettabladid.is

**LÍFRÍKI** Frjókorn grass hafa verið mun nær meðaltali síðustu 10 ára á höfuðborgarsvæðinu en frjókorn birkisins, sem var langt undir því. Frjókornaspá næstu daga gerir ráð fyrir miðlungsmagni af grasfrjói.

Ewa Maria Przedpelska-Wasowicz, sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir að grastímabilið sé rétt að byrja og erfitt að spá fyrir um framhaldið. En því lýkur vanalega í september. Tímabilið byrjar enn seinna á Akureyri, hinni mælingastöð Náttúrufræðistofnunar.

Fjórðungur þeirra sem eru með heymæði þjást af birkiofnæmi og gras er algengasti frjókornaofnæmisvaldurinn í Evrópu. „Það er erfitt að segja til um hvort sumarið verði slæmt fyrir fólk með frjókornaofnæmi,“ segir Ewa og bendir fólki á spá stofnunarinnar sem er ný þjónusta. „Ég tel að fólk með ofnæmi ætti að fylgjast vel með þessari spá til að sjá hvort von sé á slæmum dögum fram undan,“ segir hún.


Tímabil grasfrjókorna er nýhafið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Birkitímabilinu er nú að mestu leyti lokið en í ár einkenndist það af gríðarmiklum mun milli höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Í kringum síðustu mánaðamót var magn birkifrjós á Akureyri rúmlega fimmfalt hærra en meðaltalið en á höfuðborgarsvæðinu komst magnið aldrei nálægt meðaltali.

Samkvæmt Ewu er það veðráttan sem skýrir þetta. Birkið þarf ákveðið hitastig til að blómstra og veðrið hefur verið mun betra norðanlands en sunnan það sem af er sumars. ■

# TILTEKTAR DAGAR

## 20-70% AFSLÁTTUR





TÖKUM TIL Á LAGER, RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM.
SÓFAR, STÓLAR, RÚM, LJÓS, BORÐ O.S.FRV Á ÓTRÚLEGU VERÐI

**KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP**



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Uppgjör



**Aðalheiður Ámundadóttir**
aðalheidur@frettabladid.is

Þungu fargi var létt af íslensku þjóðinni á föstudaginn þegar heilbrigðisráðherra tilkynnti að öllum sóttvarnaraðgerðum innanlands yrði aflétt. Tilkynningin var ekki aðeins mikilvæg fyrirtækjum sem þurftu lengst að starfa með skerðingum og þeim fjölmörgu sem saknað hafa skemmtanalífsins. Hún var einnig dýrmæt þeim sem lýst höfðu áhyggjum af freistnivandanum sem verður til þegar stjórnvöld fá óvænt tækifæri til að skerða frelsi borgaranna.

Nú á að gera úttekt á sóttvarnaraðgerðunum. Slík úttekt er bráðnauðsynleg, ekki aðeins til að læra af reynslunni heldur einnig til að sýna þeim mikilvægu mannréttindum sem skert voru með aðgerðunum tilhlýðilega virðingu. Niðurstaðan kann að verða að við höfum staðið okkur með prýði en sú niðurstaða getur aldrei orðið sérstakt fagnaðarefni, enda voru færðar fórnir til að ná þeirri niðurstöðu. Við lokuðum okkur inni í rúmt ár, börnin okkar misstu stóran hluta úr tveimur skólaárum sem þau fá aldrei til baka. Ungmenni kljást við kvíða, óhamingju og þunglyndi, fjöldi fyrirtækja fór í gjaldþrot og margir misstu vinnuna með afleiðingum sem enn eiga eftir að koma fram.

Ekki liggur fyrir hvernig úttektin verður framkvæmd eða hverjir verða fengnir til verksins. Eðlilegast væri að til hennar verði fundið fólk úr ólíkum áttum því mælikvarðinn er ekki aðeins á hvernig við réðum við veiruna heldur einnig hvernig atvinnulífið og mannréttinda- og lýðræðiskerfin okkar stóðust álagið. Hversu víðtækt vald eiga heilbrigðisráðherra og sóttvarnayfirvöld að hafa? Hvernig á að bera ráðstafanir þeirra undir dómstóla og hvert á hlutverk hins lýðræðiskjörna þings að vera undir svona kringumstæðum?

Alþingi olli vonbrigðum í upphafi faraldursins. Yfirstjórn þingsins lagði meiri áherslu á eigin sóttvarnir en grundvallarhlutverk sitt þegar vá ógnar lífi, heilsu og réttindum allra landsbúa. Á meðan flest fyrirtæki landsins, stofnanir og skólar á öllum stigum gerðu sitt besta til að aðlaga sig erfiðum aðstæðum til að geta áfram sinnt verkefnum sínum og skyldum, sat þingið eftir hálflamað. Það er ámælisvert að Alþingi Íslendinga hafi lagst í dvala þegar jafn mikið lá við.

Við ættum að kortleggja þau tækifæri í átt til aukins frelsis og mannréttinda sem reynsla undanfarinna mánaða hefur fært okkur. Um allan heim eru ríki, fyrirtæki og einstaklingar að draga lærdóma. Ný vinnubrögð sem lærðust verða áfram iðkuð af því þau hafa gefist vel. Hæstiréttur Bandaríkjanna fór að senda út í beinni útsendingu og borgarar landsins kynntust æðsta dómstól sínum betur. Dæmin eru fjölmörg og stjórnvöld gætu vissulega gripið einhver þeirra. Útsending frá Hæstarétti eru eitt dæmi. Opnir fundir frá nefndum Alþingis eru annað. Nú hefur Alþingi komið sér upp tæknibúnaði til að halda fjarfundi í öllum nefndum þingsins. Það er tilvalið að koma þeim í útsendingu á netið og opna þá almenningi.

Einn stærsti lærdómur Íslendinga er án efa hversu vel má treysta almenningi fyrir upplýsingum. Enn á eftir að koma í ljós hvort stjórnvöld skilji hvað býr að baki þeirri góðu reynslu sem fékkst af upplýsingagjöf til almennings í faraldrinum. Okkur er mun betur treystandi fyrir upplýsingum en margir héldu. ■

> ” Þingið lagði meiri áherslu á eigin sóttvarnir en grundvallarhlutverk sitt þegar vá ógnar lífi, heilsu og réttindum allra landsbúa.




## Halldór




## Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

**Skítur skeður**
Dauðhreinsun tungumálsins heldur áfram og náði nýjum hæðum í fréttum RÚV um helgina þegar greint var frá því að landgræðslustjóri vilji „nýta alla mannaseyru sem til leggst í landinu til áburðarnotkunar“. Sögunni fylgdi að meira magn áburðarefna fari um holræsakerfi höfuðborgarsvæðisins en flutt er inn sem áburður þannig að á samhenginu mátti ráða að fréttin snerist um mannaskít. Orðabókarvefurinn Snara kannast að vísu ekki við „mannaseyru“ en megi ekki lengur kalla skít skít býður hún upp á valmöguleikann „saur“ ef fólk á í hlut.

**Vandamálaúrgangur**
Bændablaðið gerir mannaseyru einnig að umfjöllunarefni en leggur um leið til samheitið „vandamálaúrgangur“ sem samheiti yfir illa nýttan úrgang sem í raun megi frekar kalla „tækifærisúrgang“. Samkvæmt blaðinu inniheldur slíkur úrgangur „mikið magn dýrmætra næringarefna og það er því fullkomin sóun að nýta hann ekki, sérstaklega í landi þar sem ástand gróðurs og jarðvegs er svona bágborið“. Þá sé kolefnisspor tilbúins áburðar margfalt hærra en tækifærisúrgangs sem liggur í holræsum Reykjavíkur og er „heimafenginn og oftast gjaldfrjáls“. ■

# Kjölfesturnar tvær



**Kristrún Frostadóttir**
hagfræðingur og í 1. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður

Við getum skipt hagkerfinu í tvo hluta. Annar sækir fram en hinn skapar kjölfestu sem sóknin byggir á. Fyrirtæki sem sækja fram á alþjóðlegum mörkuðum, stundum kölluð alþjóðageirinn, tilheyra sókninni sem mestar væntingar eru til. Þó hugvitið á bakvið geirann sé vissulega óþrjótandi þarf meira til að virkja hugvitsdrifna verðmætasköpun.

Alþjóðageirinn þarf kjölfestu sem öflugt velferðarkerfi veitir. Fólk þarf að þora að taka áhættuna sem felst í því að stofna fyrirtæki án þess að hafa áhyggjur af því að eiga ekki fyrir grunnþörfum. Þannig verða verðmæti til, með hugmyndaleit einstaklinga og velferðarkerfið sem bakhjarl. Við viljum ekki lifa í samfélagi þar sem tækifæri til slíkra ævintýra erfast. Hverra manna þú ert á ekki að skilgreina hvar þú starfar, sækir fram eða hvort þú treystir þér til að stofna fyrirtæki. Stuðningsnetið sem velferðarkerfið veitir, og þau sem þar starfa, eiga þannig drjúgan þátt í þeirri verðmætasköpun sem oft er eignuð sóknargeirum. Án þeirra myndi stór hópur fólks með frábærar hugmyndir aldrei geta fylgt þeim eftir.

Gengisstöðugleiki er önnur lykilbreyta í vexti alþjóðageirans. Alþjóðlegri sókn fylgir talsverð rekstraráhætta fyrir fyrirtæki þar sem launakostnaður er í íslenskum krónum en tekjur í erlendum gjaldmiðli. Umræðan um gjaldmiðilinn tekur alltof mikið mið af áskorunum fortíðarinnar. Óskað er eftir gengisstöðugleika, en inngöngu í myntbandalag ýtt til hliðar á þeim forsendum að fastgengi henti illa sveiflukenndu hagkerfi. Hugmyndin á bakvið uppbyggingu nýrrar stoðar í íslenskum útflutningi er einmitt að minnka sveiflur í útflutningi sem hafa fylgt okkar hrávöruhagkerfi, að sækja í auknum mæli í þjónustuútflutning sem samþættir sveiflur hagkerfisins við sveiflur viðskiptalanda okkar. Með því er ætlunin að aflétta því ástandi sem margir telja að kalli á sveigjanlegan gjaldmiðil.

Þessar tvær kjölfestur, velferðarkerfið og gengisstöðugleiki, eru forsendur þess að alþjóðageirinn vaxi og dafni á Íslandi og að hér verði til spennandi og vel launuð störf. Þangað skulum við stefna, úr einhæfu og sveiflukenndu hagkerfi fortíðar til móts við fjölbreytt og þróttmikið hagkerfi morgundagsins. ■

> ” Hverra manna þú ert á ekki að skilgreina hvar þú starfar, sækir fram eða hvort þú treystir þér til að stofna fyrirtæki.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Stórt skref að þekkja kolefnislosun frá útlánum okkar



**Lilja Björk Einarsdóttir**

bankastjóri Landsbankans

Landsbankinn er stærsti viðskiptabanki landsins og útlán eru um 80% af efnahagsreikningi bankans. Við lánum bæði til einstaklinga og fyrirtækja í öllum atvinnugreinum um allt land. Regluleg mæling á loftslagsáhrifum útlána bankans er því mikilvæg vísbending um stöðu og árangur Íslands við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, aðallega kolefnis.

Bankar hafa um langt skeið birt upplýsingar um kolefnisspor sitt, en þá er átt við kolefnisspor eigin starfsemi, sem er fyrst og fremst skrifstofurekstur. Mun meiri áhrif liggja í óbeinni losun. Hjá Landsbankanum er kolefnisspor eigin starfsemi aðeins um 1% af því sem við áætlum að sé heildarlosun af okkar rekstri, þ.e.a.s. bæði vegna beinna og óbeinna áhrifa. Stærstu áhrifaþættirnir í óbeinni losun eru útlán og fjárfestingar fyrir hönd viðskiptavina í gegnum sjóði.

Helsta áskorun banka í loftslagsmálum hefur verið að það vantaði aðferðafræði til að meta þessa óbeinu losun. Með útgáfu PCAF-loftslagsmælisins, alþjóðlegs mælikvarða á óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem verða til við útlán banka og annarra fjármálafyrirtækja, liggur þessi aðferðafræði nú fyrir. Landsbankinn tók virkan og mikilvægan þátt í því frumkvöðlastarfi sem átti sér stað við þróun mælisins, í samstarfi við alþjóðlega banka, samtök og sérfræðinga. PCAF tryggir að hægt er að meta óbein umhverfisáhrif á vísindalegan og samræmdan hátt. Fjöldi fjármálafyrirtækja um heim allan hefur nú tekið þennan mælikvarða í notkun og birt niðurstöðurnar – þar á meðal Landsbankinn, fyrstur íslenskra banka.

**Orðspor Íslands gerir okkur að leiðtogum**

Íslensk fyrirtæki huga þegar vel að umhverfismálum og losun kolefnis. Tækifærin liggja ekki í stórum sigrum eða yfirlýsingum. Tækifærin liggja miklu frekar í að vinna fjölmarga litla sigra og ná þannig að bæta okkur með tíð og tíma. Með því að mæla áhrifin getum við sýnt fram á betri notkun auðlinda og að við færumst markvisst í rétta átt.

Það er ánægjulegt að vera fyrsti íslenski bankinn sem fer þessa leið. Það var sömuleiðis ánægjulegt að finna hversu eftirsótt við erum í alþjóðasamstarfi á þessu sviði. Íslendingar eru þekktir fyrir að láta sig umhverfið varða og þetta orðspor eykur vægi okkar og áhrif.

**Við þekkjum okkar kolefnisspor**

Við höfum áætlað kolefnislosun bankans vegna útlána til fyrirtækja, íbúðalána og bílalána. Niðurstöðurnar gefa ágæta mynd af þeim áhrifum sem fyrirtæki og einstaklingar sem eru með lán hjá okkur hafa á umhverfið, enda endurspeglar lánasafnið atvinnulífið og umsvif á Íslandi.

Fyrirtæki í farþega- og vöruflutningi eru með stærstan hluta óbeins kolefnisspors bankans, eða um 75%. Þær niðurstöður koma ekki á óvart hjá banka sem starfar í eyríki sem byggir afkomu sína á útflutningi. Flestar vörur þarf auk þess að flytja inn með skipum eða flugvélum og fólk fer til og frá landinu með flugvélum. Útlán til sjávarútvegs skipa einnig stóran sess í óbeinni losun okkar, eða um 10%. Útgerðarfyrirtæki hafa þó dregið gífurlega úr losun sinni á síðustu árum og áratugum og eru leiðandi þegar kemur að sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Hluti af óbeinni losun okkar er einnig í gegnum bílalán. Nærtækt dæmi um hvernig bankinn getur haft áhrif er að undanfarinn áratug höfum við boðið betri kjör vegna kaupa á vistvænum bílum og stuðlað þannig með beinum hætti að orkuskiptum í samgöngum.

Niðurstöðurnar úr PCAF munum við nýta til að móta vöruframboð bankans. Við munum miðla niðurstöðum í gegnum árs- og sjálfbærniskýrslu Landsbankans og við munum reglulega rýna og endurskoða markmiðin.

**Verður nauðsynlegur rekstrarmælikvarði**

Hvert eitt og einasta fyrirtæki sem ég hef heimsótt í starfi mínu síðastliðin ár hefur unnið ötullega að því að nýta hráefni betur, nýta orku betur, nýta fjárfestingar betur, nýta pláss betur, lágmarka óþarfa flutninga, nýta tíma og þekkingu fólks betur og auka nýtingu véla og tækja.

Mælingar á loftslagsáhrifum eiga að vera jafn sjálfsagðar og hver annar mælikvarði á rekstur. Þess er ekki langt að bíða að þegar starfsfólk fyrirtækja er spurt hvernig reksturinn gangi þá verði svarað á þessa leið: „Hann gengur vel og í fyrra minnkuðum við kolefnislosun um 3%.“ Útreikningur á kolefnislosun verður jafn sjálfsagður hlutur í uppgjöri fyrirtækja og upplýsingar um sjóðstreymi og arðsemi. Sem banki og leiðandi fjármálafyrirtæki ætlum við líka að standa okkur. Við erum í stöðugri framþróun og við miðlum upplýsingum í þeim tilgangi að ná árangri með viðskiptavinum okkar. Það er Landsbanki nýrra tíma. ■



## Hörður og Sara valin best hjá KKÍ

kristinnpall@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Hörður Axel Vilhjálmsson, sem leikur fyrir Keflavík, og Sara Rún Hinriksdóttir, sem leikur með Haukum, voru valin leikmenns ársins á verðlaunahátíð KKÍ í gær. Sara var með sextán stig, 7,9 fráköst og 3,1 stoðsendingu að meðaltali í leik í vetur en Hörður var með 11,9 stig, 4,5 fráköst og 9,3 stoðsendingar að meðaltali í leik.

Elísabeth Ýr Ægisdóttir, sem leikur með Haukum, og Styrmir Snær Þrastarson, leikmaður Þórs Þorlákshöfn, þóttu bestu ungu leikmenn ársins en í flokki þjálfara voru það Lárus Jónsson hjá Þór Þ. og Ólafur Jónas Sigurðsson hjá Val sem stóðu upp úr.

Hörður var um leið valinn varnarmaður ársins en Jakob Örn Sigurðarson var valinn prúðasti leikmaðurinn. Í kvennaflokki var Dagbjört Dögg Karlsdóttir valin besti varnarmaðurinn og Þóra Kristín Jónsdóttir valin prúðust á tímabilinu. ■

## Róbert bætist í hóp Ólympíufara

kristinnpall@frettabladid.is

**ÓLYMPÍULEIKAR** Greint var frá því í gær að Róbert Ísak Jónsson, sem syndir fyrir SH/Fjörð, verður fimmti Íslendingurinn sem fær þátttökurétt á Paralympics í Tókýó síðar á þessu ári. Í tilkynningu frá Íþróttafélagi fatlaðra kemur fram að vonast sé til þess að fleiri einstaklingar öðlist þátttökurétt á næstu vikum.

»

**Þetta verða fyrstu Ólympíuleikar Róberts.**

Góður árangur Róberts á Evrópumeistaramóti í sundi fatlaðra í síðasta mánuði varð til þess að hann öðlaðist þátttökurétt í Tókýó en Róbert Ísak nældi í silfur- og bronsverðlaun á EM.

Áður höfðu Már Gunnarsson, Thelma Björg Björnsdóttir, Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir og Patrekur Andrés Axelsson tryggt sér þátttökurétt. ■



Það var viðeigandi að Raheem Sterling skyldi brjóta ísinn fyrir Englendinga í langþráðum sigri á Þjóðverjum í útsláttarkeppni en Sterling er fæddur og uppalinn í hverfi við Wembley. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Risar farnir niðurlútir heim á leið

**Þegar ljóst er hvaða lið leika í átta liða úrslitum Evrópumótsins eru mörg af sigurstranglegustu liðum mótsins farin heim á leið. Englendingar náðu fram hefndum gegn Þjóðverjum 25 árum seinna en öll lið dauðariðilsins eru búin að pakka í tösku.**

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Þegar komið er í alvöruna á Evrópumótinu í knattspyrnu er ljóst að það eru helmingslíkur á að nýir meistarar verði krýndir á Wembley eftir ellefu daga. Eftir að riðlakeppnin gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig eru risarnir í evrópskri knattspyrnu farnir að berjast sín á milli og kveðja sviðið. Um leið eru lið sem voru ekki hátt skrifuð í aðdraganda móts farin að eygja von um að leika til úrslita enda aðeins 180 mínútur í úrslitaleikinn á Wembley. Englendingar geta enn látið sig dreyma um að vinna titilinn á heimavelli eftir að enska liðið náði fram hefndum eftir undanúrslitaleik EM 1996 þar sem Þjóðverjar höfðu betur í vítaspyrnukeppni á Wembley.

Í aðdraganda mótsins var mikið gert úr því að í F-riðli væru líklegir sigurvegarar enda að finna ríkjandi Evrópumeistarana í Portúgal, ríkjandi heimsmeistarana í Frakkum og þrefalda Evrópumeistara Þjóðverja, sem njóta sín oftast best á þessu sviði, en staðreyndin er sú að engu þeirra tókst að framlengja dvöl sína í mótinu í 16 liða úrslitunum.

Eftir standa því Spánverjar sem hafa unnið Evrópumótið þrisvar, Ítalir og Danir sem hafa unnið mótið einu sinni og Tékkland sem vann mótið árið 1976 sem Tékkóslóvakía af þeim sem þekkja tilfinninguna að verða Evrópumeistarar.

Stærstu úrslit sextán liða úrslitanna komu í gær þegar Englendingar kváðu niður mýtuna um að þeir gætu ekki staðist væntingarnar á stórmótum með sigri á Þjóðverjum. Sömu lið mættust í undanúrslitum á EM 1996 á sama velli þar sem þáverandi miðvörðurinn og núverandi þjálfari Englands, Gareth Southgate, reyndist eftirminnilega skúrkurinn í vítaspyrnukeppni en hann náði loks að svara fyrir sig, aldarfjórðungi síðar.

Nú tekur við eina ferðalag Englendinga á mótinu fyrir leikinn gegn Úkraínu í Róm en líklegt er að leikmennirnir séu farnir að kyrja í takt við íbúa landsins um að fótboltinn sé loks á heimleið. ■

**123**

Búið er að bæta metið yfir flest mörk á einu Evrópumóti en fyrra metið var 108 frá síðasta EM.

**67**

Það eru 67 ár liðin síðan karlalið Sviss komst í átta liða úrslit á stórmóti í knattspyrnu.

**1950**

Það er 71 ár frá síðasta stórmóti þar sem hvorki Frakkar né Þjóðverjar voru í átta liða úrslitum.

**0**

Englendingar hafa ekki enn fengið á sig mark í fyrstu fjórum leikjum mótsins.

**9**

Met Platini yfir flest mörk á einu móti stendur enn en það hafa einmitt níu sjálfsmörk litið dagsins ljós á EM.

**50 %**

Helmingur liðanna í átta liða úrslitum hefur aldrei unnið EM.

# Elvar Már með tilboð frá nokkrum mismunandi löndum

kristinnpall@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Umboðsmaður Elvars Más Friðrikssonar, Christos Lazarou, segir að það sé áhugi víðs vegar í Evrópu á íslenska landsliðsbakverðinum eftir góða frammistöðu Elvars með Siauliai í Litáen á nýafstöðnu tímabili. Elvar lék fyrstur Íslendinga í Litáen og var valinn besti leikmaður deildarinnar strax á fyrsta ári, ári eftir að hafa verið valinn besti bakvörðurinn í Svíþjóð þar sem hann var krýndur meistari með Borås eftir að úrslitakeppnin var felld niður. Lazarou, sem er umboðsmaður nokkurra íslenskra leikmanna, segir að þeir séu að vanda valið vel enda Elvar með mikinn byr í seglunum eftir góða frammistöðu undanfarin tvö ár.

„Það er mikill áhugi á Elvari og við erum með nokkur tilboð á borðinu frá liðum víðs vegar um Evrópu. Við erum að reyna að skoða möguleikana sem standa til boða og reynum að vanda valið vel. Það er kostur ef liðið leikur í Evrópukeppni en fyrst og fremst vill hann nýta meðbyrinn frá Litáen og taka næsta skref ferilsins,“ segir Christos í samtali við Fréttablaðið.

Litáíska deildin er talin ein af tíu sterkustu deildum í Evrópu en Njarðvíkingurinn var með 15,6 stig og gaf 7,7 stoðsendingar að meðaltali í leik í deildinni og var valinn besti leikmaður deildarinnar, bakvörður deildarinnar, nýliði ársins og í úrvalsliði (e. most valuable player).

„Elvar tók rökrétt skref þegar hann fór í sterkari deild á síðasta ári og upplifun okkar er sú að Siauliai sýni því skilning að hann muni líklegast halda á ný mið í sumar. Markmiðið er að hann verði einn daginn að leika í sterkustu deildum Evrópu en um leið skiptir það Elvar miklu máli að fjölskyldu hans líði vel.“

Njarðvíkingurinn Elvar á eitt ár eftir af samningi sínum í Litáen en er með ákvæði um að hann geti keypt upp samninginn í sumar. Fyrir vikið ætti honum að vera frjálst að velja úr öðrum tilboðum.



Elvar Már Friðriksson.

„

**Það er kostur ef félagið leikur í Evrópukeppni en fyrst og fremst vill hann nýta meðbyrinn frá Litáen og taka næsta skref ferilsins**

Christos Lazarou

„Elvar er með mjög hagstæðan samning og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því. Þeir vildu tveggja ára samning þegar Elvar skrifaði undir en um leið er ákvæði í samningnum um riftunarverð sem er mjög sanngjarnt fyrir báða aðila. Hann er því ekki bundinn liðinu ef það kemur inn spennandi tilboð.“

Christos, sem er með nokkra Íslendinga á sínum vegum, segir að frammistaða Elvars síðasta vetur gæti opnað nýjar dyr fyrir íslenska leikmenn til framtíðar.

„Þegar Martin Hermannsson og Haukur Helgi Pálsson fóru til Frakklands og léku frábærlega opnuðu þeir augu ýmissa deilda á íslenskum leikmönnum og núna eru komnir margir leikmenn til Spánar. Markmiðið mitt sem umboðsmaður er að skapa brú á milli Íslands og Evrópu fyrir íslenska körfuboltamenn og auðvelda þeim þetta ferli,“ segir Christos og heldur áfram:

„Fyrir nokkrum árum síðan var hæpið að Íslendingur hefði samið við lið í Litáen en núna hafa liðin þar og í öðrum nágrannaþjóðum séð Elvar og eru líklegri til að horfa til Íslands. Með því er Elvar kannski að ryðja veginn á nýjum slóðum fyrir Íslendinga í þessum gæðaflokki til framtíðar.“ ■

# LUSHI





### LAX, LAX, LAX OG AFTUR LAX

Íslenskur lax er sérstaklega ljúffengur og hollur. Það er einfalt að skipta honum út fyrir kjötið eða bæta honum í uppskriftina að uppáhaldsréttinum þínum.

Settu smá tvist á eldamennskuna – og notaðu lax í staðinn! Þú finnur uppskriftir að Lushi, Lollum, Lizzu og öðrum spennandi laxaréttum á **fiskimatinn.is**.

# LIZZA



FISK Í MATINN

FISKÍMATINN.IS    @FISKÍMATINN

## Merkisatburðir

**1910** Laufey Valdimarsdóttir er fyrst íslenskra kvenna til að ljúka stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík.
**1954** Almyrkvi verður á sólu er sést best við suðurströnd Íslands.
**1964** Norðurlandameistaramóti í handknattleik kvenna, sem haldið er í Reykjavík, lýkur með sigri íslenska liðsins.
**1968** Kristján Eldjárn er kjörinn forseti Íslands.
**1994** Bíódagar, kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, er frumsýnd.
**2002** Brasilía sigrar meimsmeistaramót í knattspyrnu karla með 2-0 sigri á Þýskalandi. Ronaldo skorar bæði mörkin.
**2004** Geimkönnunarfarið Cassini kemst á braut um Satúrnus.
**2005** Spánn löggildir hjónabönd samkynhneigðra.





„Við virðumst ætla að hafa heppnina með okkur," segir Sigurður Heiðar mótsstjóri í blíðunni á Hólum. MYND/AÐSEND

# Bestu fákarnir ferskir og klárir

**Íslandsmótið í hestaíþróttum 2021 hefst í dag á Hólum í Hjaltadal. Það er með nýju sniði því einungis bestu hestar landsins mæta til leiks og valdir knapar.**

gun@frettabladid.is

„Mér er sagt að ég sé í undirbúningsnefnd. Að minnsta kosti hefur verið botnlaust að gera," segir Sigurður Heiðar Birgisson á Ríp í Hegranesi glaðlega. Hann er framkvæmdastjóri Íslandsmótsins í hestaíþróttum 2021 sem verður sett á Hólum í Hjaltadal í dag klukkan 13.30. Hann segir sterka keppendur komna á svæðið. „Það eru bara 30 efstu hestar í fullorðinsflokki og 20 efstu í ungmennaflokki sem komust inn á mótið. Þar er farið eftir nýjum reglum sem Landssamband hestamanna setti." Nýju reglurnar hafa ekkert með Covid að gera, að sögn Sigurðar, hins vegar hafi óvissa ríkt um með hvaða hætti mótið gæti farið fram, þegar undirbúningur hófst um miðjan vetur. „Við vorum geysilega ánægð þegar öllum takmörkunum var aflétt." Sigurður segir keppendur hafa byrjað að streyma með hesta sína í Hjaltadalinn um síðustu helgi. „Fólk vill hafa fákana ferska og klára, fara yfir dagskrána, æfa sig á vellinum og stilla hestana inn á nýtt umhverfi og aðstæður," lýsir hann. „Svo er veðrið frábært og spáin ótrúlega góð, við virðumst ætla að hafa heppnina með okkur. Því hefur ekki alltaf verið að heilsa á hestamótum hér. Á síðasta Íslandsmóti barna og unglinga fór allt á flot. Núna er meira áhyggjuefni að skeiðvöllurinn verði of þurr en við erum að dæla vatni á hann með haugsugum. Það er ákveðin kúnst að halda kjörrakastigi þannig að hann sé hestvænn. En veðrið lofar góðu fyrir fólk."

> „
> **Á síðasta Íslandsmóti barna og unglinga fór allt á flot. Núna er meira áhyggjuefni að skeiðvöllurinn verði of þurr.**

Spurður um hápunkta mótsins svarar Sigurður: „Það er alltaf stemning kringum kappreiðar, þær fara fram bæði í kvöld og fimmtudagskvöld og svo úrslitadagana sem verða laugardagur og sunnudagur." Hann getur þess að mótið verði í beinni á alendis.tv og þar og á heimasíðu mótsins séu allar upplýsingar. Áhorfendum er alltaf að fjölga, að sögn Sigurðar. „Það er frítt inn og engin miðasala svo ég hef engar tölur," útskýrir hann. „Ef vel viðrar um helgina er viðbúið að enn fleiri drífi sig hingað í útilegu og horfi á fallega hesta." ■

---



Okkar ástkæri
**Guðjón Guðmundsson**
Stekkjargötu 21, Reykjanesbæ
lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 18. júní.
Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 30. júní kl. 13:00.

**Kristín Hannesdóttir**
**Kristín Guðjónsdóttir** **Gísli Stefán Sveinsson**
**Hildur Guðjónsdóttir** **Arnar Snæberg Jónsson**
**Geir Rúnar Birgisson** **Laufey Ólafsdóttir**
**Hrafnhildur Birgisdóttir** **Þórarinn Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Við þökkum auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Estherar E. Þórðardóttur**
Sérstakar þakkir eru færðar til starfsfólks meltingar- og nýrnadeildar Landspítalans 12E, fyrir einstaka umönnun, alúð og virðingu.

**Þórður M. Kjartansson** **Eiríka G. Árnadóttir**
**Guðmundur Kjartansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Steinunn Helgadóttir**
Þverási 20, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans, þann 18. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni 1. júlí kl. 13.

**Anna Ingvarsdóttir** **Arnór Stefánsson**
**Gunnbjörn Þór Ingvarsson**
**Steinunn Arnórsdóttir** **Hjörtur Logi Dungal**
**Pétur Arnórsson** **Þórhildur Sunna Jóhannsdóttir**
**Ingi Steinn Arnórsson** **Sólveig Sigurðardóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
**Ólafur B. Thors**
fv. forstjóri
Hagamel 6
lést 28. júní á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 6. júlí kl. 15.

**Jóhanna J. Thors**
**Hilmar Thors** **Hlíf Thors Arnlaugsdóttir**
**Ólafur Baldvin Thors** **Kristín V. Magnúsdóttir**
**Benedikt Thor Thors**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Karólínu Bernharðsdóttur**
Lindasíðu 2, Akureyri,

**Árni Aðalsteinn Bjarman**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
**Bjarni Georg Einarsson,**
Fjarðargötu 49,
verður jarðsunginn frá Þingeyrarkirkju föstudaginn 2. júlí kl. 14.
Athöfninni verður streymt á facebook-síðu Þingeyrarprestakalls hins forna.
facebook.com/events/1614047175472233/

**Sylvía Ólafsdóttir**
**Ólafur Bjarnason** **Gerður Matthíasdóttir**
**Einar Bjarnason** **Alda B. Indriðadóttir**
**Kjartan Bjarnason** **Sesselja Bernódusdóttir**
**Elínborg Bjarnadóttir** **Valgeir Jónasson**
**Gróa Bjarnadóttir**
**Kristbjörg Bjarnadóttir** **Sævar Gunnarsson**
**Símon G. Bjarnason** **Sólveig Halla Hallgrímsdóttir**
**afabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Friðrik Sigurðsson**
Efstasundi 89, 104 Reykjavík
lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 13. júní. Útför fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 6. júlí kl. 13.00

**Helga Ingbjörg Jóelsdóttir**
**Kristín Sigríður Frðriksdóttir** **Ásmundur Ingason**
**Eygló Hrönn Friðriksdóttir**
**Halldór Laufland Jóhannesson** **Lovísa Kristín Guðnadóttir**
**Kolbrún Sigríður Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
**Anna Elín Hermannsdóttir**
sem lést 25. júní verður jarðsungin frá Seljakirkju föstudaginn 2. júlí kl. 10:00.

**Hermann Kjartansson**
**Valgeir Kjartansson** **Lísa Björk Bragadóttir**
**Kjartan Bragi Valgeirsson** **Herdís Ýr Þórhallsdóttir**
**Ævar Valgeirsson**
**Þórir Steinn Valgeirsson** **Melody Hoay**
**Hjalti Valgeirsson**

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**MIÐVIKUDAGUR** 30. júní 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Tækið er mjög nett svo auðvelt er að taka það með sér í bakpokann.

## Fælir burt lúsmý

elin@frettabladid.is

Nú berast fréttir af því að lúsmýið sé komið á kreik með tilheyrandi leiðindum. Lúsmý, sem annað mý, getur skemmt útileguna, sumarbústaðarferðina eða veiðiferðina. Norðmenn eru ekkert síður að berjast við flugurnar en við og þeir hafa moskító að auki, sem við sleppum við hér á landi.

Blaðamenn á tek.no hafa prófað litla græju sem nefnist Thermacell Radius og er þetta önnur kynslóð þess tækis sem þeir segja að sé fullkomnari en sú fyrri. Termacell er lítið tæki, einfalt í notkun en það heldur mýflugum og móskító í skefjum. Tækið kemst fyrir í bakpoka eða stórum jakkavasa. Tækið gengur fyrir endurhlaðanlegri rafhlöðu með USB tengi. Rafhlaðan endist í 6 tíma en það tekur um 5 tíma að endurhlaða. Tækið virkar á meðan það er í hleðslu.

Eftir því sem sagt er í blaðinu virkaði græjan fullkomlega í veiðiferð eftir að hafa verið í gangi í 20 mínútur. Hún virtist virka í allt að þriggja metra fjarlægð. Áfyllingarefnið sem sett er í tækið gefur ekki frá sér lykt en er ekki drykkjarhæft og blaðamennirnir urðu ekki fyrir neinum óþægindum í nálægð við tækið. Þeir segjast hafa setið á stuttbuxum og stuttermabol og sluppu algjörlega við bit þrátt fyrir að sitja við vatn nálægt miklu kjarri.

Tækið kostar um 13 þúsund kr. í Noregi og áfyllingin rúmar 5.000. Okkur er ekki kunnugt um hvort tækið fáist hér á landi en Costco í Bandaríkjunum virðist eiga það og sömuleiðis er það fáanlegt á amazon.com þar sem það er mun ódýrara en í Noregi. ■

**D4000iu vítamín – munnúði**
Miklu betra verð
– Meira magn!



Fæst í völdum apótekum,
Hagkaup og Fjarðarkaup



„Loftur sá til þess að ég svæfi eins og ungbarn,“ segir Ragnar Hilmarsson eftir að hann var greindur með kæfisvefn. MYNDIR/AÐSENDAR

# Leið einkennilega og hjartslátturinn var óreglulegur

Það urðu kaflaskipti í lífi Ragnars Hilmarssonar þegar hann vaknaði einn morguninn með hraðan óreglulegan hjartslátt. Í kjölfarið af því var hann greindur með kæfisvefn. 2

Stór hluti þeirra sem greinast með kæfisvefn er fólk á besta aldri, í fullri vinnu, fólk sem ferðast og stundar áhugamál sín af kappi. Einn þeirra, Ragnar Hilmarsson, deilir hér sögu sinni.




Ása Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Stoðar, og Björk Gunnarsdóttir , kæfisvefnssérfræðingur hjá Stoð, með kæfisvefnsvélina. MYNDIR/AÐSENDAR

**Glötuð niðurstaða fyrir 45 ára gamlan mann**

„Ég var greindur fyrst með kæfisvefn árið 2013 en þá hafði það mikil áhrif á konuna mína vegna þess að hún átti erfitt með svefn vegna hávaða í mér á nóttunni. Um það leyti fór ég í svefnrannsókn hjá Landspítalanum og greindist með vægan kæfisvefn. Mér stóð til boða að fá kæfisvefnsvél, sem ég lét þó aldrei verða af. Þetta háði mér ekki mikið á þessum tíma, en 10 árum seinna var þetta farið að hafa meiri áhrif á mig. Ég vaknaði alltaf þreyttur og þurfti mjög oft að leggja mig eftir vinnu. Þó að ég svæfi í átta tíma eða lengur þá var ég aldrei úthvíldur.

Í september 2020 urðu svo kaflaskil í þessu hjá mér. Þá vaknaði ég einn venjulegan sunnudagsmorgun þreyttur eins og svo oft áður en eitthvað var öðruvísi en vanalega. Mér leið einkennilega og hjartslátturinn var hraður og óreglulegur. Ég fór á bráðamóttökuna til að láta kanna þetta betur og þá kom í ljós að hjartað hafði farið úr takt (gáttatif), sem endaði með að ég var svæfður og rafvendur.

Eftir þetta fór ég í skoðun hjá Gísla Jónssyni, vini mínum sem er hjartalæknir, og hann komst að þeirri niðurstöðu að þetta hefði gerst í svefni og sendi mig rakleitt í svefnrannsókn. Niðurstaðan kom mér ekki á óvart. Staðan hafði versnað og var ég greindur með kæfisvefn yfir meðallagi, eða 30 öndunarhlé á klukkustund.

Í samtali við lækninn minn um hvað væri til ráða kom fram að hann taldi að lítið annað væri að gera en að ég myndi fá svefnvél. Mér fannst þetta nú heldur glötuð niðurstaða fyrir 45 ára gamlan mann sem telst í þokkalegu góðu líkamlegu formi og stundar útivist eins og hjólreiðar, fjallaskíði, gönguferðir, hlaup o.fl. Ég tók mér nokkra klukkutíma í að finnast þetta glatað, en ákvað svo að gera það besta úr stöðunni.

Ég fékk vél frá Landspítalanum nokkrum vikum seinna og ákvað ég að gefa vélinni minni nú bara eitthvert nafn og ber hún nafnið Loftur. Það varð alger bylting fyrstu daga okkar Lofts, hann sá til þess að ég svæfi eins og ungbarn og á nokkrum vikum áttaði ég mig á því að ég hafði ekki fengið almennilega hvíld í mörg ár.

Á þessum sex mánuðum sem liðnir eru frá því að ég fékk vélina hef ég ekki fundið þörf fyrir að leggja mig seinnipartinn og ég vakna úthvíldur alla morgna. En þar sem ég ferðast mikið vegna áhugamála og vélin frá Landspítalanum er frekar stór um sig þá fór ég að skoða hvað væri í boði og fann út að Stoð er að selja ferðasvefnvél. Vélin er ekki mikið stærri en farsími og einstaklega meðfærileg. Þetta mun koma sér mjög vel fyrir mig í sumar þar sem ég eyði flestum helgum og fríum í að gista í tjaldi, fjallaskálum og við alls konar aðstæður. Ferðavélin mun fá sitt pláss alveg eins og annar búnaður sem ég nota til útivistar, því að án hennar mun ég ekki geta verið hér eftir.“



Vélin er ekki mikið stærri en farsími og mjög meðfærileg sem kemur sér vel fyrir Ragnar sem eyðir sumrinu að stórum hluta í tjaldi og fjallaskálum.

**Munurinn felst í stærðinni**

AirMini ferðavélin er lítil og meðfærileg kæfisvefnsvél fyrir þá sem eru á ferðinni. Vélin veitir sömu meðferð og vélin á náttborðinu. Þó að vélin sé lítil er hún mjög öflug og veitir sambærilega meðferð og kæfisvefnsvél sem fólk notar heima. Munurinn felst í stærðinni og því að ekki fylgir með rakabox sem fylla þarf af vatni. Ferðavélin veitir því vatnslausa rakameðferð með sérhæfðum rakafilter.

**Einkenni kæfisvefns**

Ása Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Stoðar, er hjúkrunarfræðingur með mastersgráðu í svefnrannsóknum. Hún segir einkenni kæfisvefns koma misjafnlega fram hjá fólki.

„Kæfisvefn er samheiti yfir einkenni sem lýsa sér þannig að einstaklingar fá endurtekin öndunarstopp að næturlagi og oftast fylgikvilla að degi til, í formi syfju og þreytu. Sumir þola mjög illa röskun á svefni vegna öndunartruflana og lýsa fyrst og fremst svefnleysi, á meðan aðrir eru mjög syfjaðir á daginn. Þriðji hópurinn kemur oft seint í greiningu, en glímir við afleiðingar kæfisvefns á hjarta- og æðakerfið, svo sem háþrýsting, hjartasjúkdóma, gáttaflökt, vélindabakflæði og fleira. Það er mjög gefandi að upplifa þegar fólk, sem verið hefur með skert svefngæði vegna kæfisvefns, fær meðferð við hæfi. Það hreinlega öðlast nýtt líf og lýsir því að vera loks úthvílt og orkumikið fyrir daginn, eins og Ragnar lýsir svo skýrt í sögu sinni,“ útskýrir Ása.

**Frelsi með í ferðalagið**

Björk Gunnarsdóttir er með BSc.-gráðu í heilbrigðisverkfræði og er kæfisvefnssérfræðingur hjá Stoð. Hún segir stórkostlegt að vera loksins komin með lausn fyrir þá sem þjást af kæfisvefni og vilja litla og handhæga svefnöndunarvél til að ferðast með.




AirMini er minnsta og hljóðlátasta kæfisvefnsvélin á markaðnum í dag, aðeins 300 grömm og 13,6 sentímetrar á lengd.

> Ferðavélin AirMini er lítil og meðfærilega kæfisvefnsvél sem er auðvelt að taka með í bústaðinn, veiðina, golfferðirnar, fríið og vinnuferðir innan lands og utan.

„Þeir sem ferðast mikið vegna vinnu sinnar eða sér til skemmtunar hafa verið að kaupa sér vélina. Ég hef lært að þeir sem eru með kæfisvefn og nota kæfisvefnsvél taka ekki í mál að sofa eina nótt án vélar. Þeir finna strax mun á sér og eru ómögulegir og úrvinda ef þeir sleppa vélinni. Því felst mikið frelsi í því að þurfa ekki að taka stærri vélina með og rakatækið sem er á náttborðinu, heldur að geta kippt litlu ferðavélinni með í ferðatöskuna,“ segir Björk.

AirMini ferðavélin er mjög einföld í notkun. Vélinni fylgir snjallforrit (app) sem hægt er að sækja í AppStore eða Playstore og gott að vera búið að ná í forritið áður en komið er í tíma til Bjarkar. Einnig þarf fólk að muna að koma með vélina sína og grímu í tímann, svo Björk geti stillt ferðavélina á sömu stillingar og verið er að nota heima. Einnig býður Stoð upp á hleðslubatterí sem hægt er að tengja við vélina eða aðrar kæfisvefnsvélar þar sem rafmagn er ekki til staðar.■

Allar nánari upplýsingar og til að bóka þjónustutíma í ráðgjöf er að finna á vefsíðu Stoðar, stod.is.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ
# MARKAÐURINN
MIÐVIKUDAGUR 30. JÚNÍ 2021
26. tölublað | 15. árgangur
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TUDOR
TAG Heuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT


Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja
MICHELSEN 1909
Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

### Eykur verulega við hlut sinn í Alvogen vestanhafs

2 Aztiq Pharma hefur aukið við hlut sinn í starfsemi Alvogen í Bandaríkjunum um 17 prósent og er orðinn stærsti hluthafinn eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

### Erlendir sjóðir seldu fyrir nærri 4 milljarða

2 Sex erlendir fjárfestingasjóðir, sem fengu úthlutað tæplega tveggja prósenta hlut í útboði Íslandsbanka, seldu öll bréf sín á fyrstu þremur dögunum eftir að bankinn fór á markað.

### Fjármálafyrirtæki í lykilstöðu

6 Frá sjónarhóli neytenda og fyrirtækja er mikilvægt að aðgangur að grænni fjármögnun og lánum aukist í takt við auknar áherslur viðskiptavina á málaflokkinn, segja sérfræðingar SFF.

### VEX kaupir 40% hlut í AGR Dynamics

7 Hugbúnaðarfyrirtækið AGR Dynamics hefur vaxið um 25 prósent á ári í 15 ár. Fengu 650 milljónir króna í aukið hlutafé til að halda vextinum áfram.

### Keypti gjaldeyri fyrir 15 milljarða í bankaútboði

7 Seðlabanki Íslands hefur keypt gjaldeyri fyrir 15 milljarða króna frá miðjum júní til þess að vega upp á móti innflæði vegna þátttöku erlendra fjárfesta í hlutafjárútboði Íslandsbanka.




# Álmarkaður á uppleið

Mike Bless stígur senn úr stóli forstjóra Century Aluminum. Segir vatnaskil fram undan á álmarkaði vegna breyttrar stöðu í Kína. Sér eftir að álverið í Helguvík hafi ekki risið. **Sjá síðu 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Erlendir sjóðir seldu í Íslandsbanka fyrir nærri 4 milljarða króna

hordur@frettabladid.is


Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. MYND/AÐSEND

Sex erlendir fjárfestingasjóðir, sem fengu úthlutað tæplega tveggja prósenta eignarhlut í nýafstöðnu hlutafjárútboði Íslandsbanka, seldu öll bréf sín á fyrstu þremur dögunum eftir að bankinn var skráður á markað í síðustu viku. Áætla má að söluandvirðið hafi verið samtals um nærri fjórir milljarðar króna.

Sjóðirnir sem seldu bréf sín í bankanum, samkvæmt lista yfir alla hluthafa Íslandsbanka sem Markaðurinn hefur séð, voru í stýringu hjá Silver Point Capital, Fiera Capital, Fideility, Lansdowne, Key Square Capital og Ghisallo Partners. Vogunarsjóðurinn Silver Point, sem var á meðal tíu stærstu hluthafa bankans við skráningu í Kauphöllina á þriðjudaginn í liðinni viku með 0,6 prósenta hlut, seldi um 15 milljónir hluta að nafnvirði en eignarhlutur annarra sjóða var talsvert minni.

Samanlagt áttu sjóðirnir um 38 milljónir hluta að nafnvirði í bankanum sem þeir keyptu á rúmlega þrjá milljarða króna en útboðsgengið var 79 krónur á hlut. Gengi bréfanna hækkaði talsvert þegar þau voru tekin til viðskipta, strax á öðrum degi var gengið komið í 99 krónur og því hækkað um 25 prósent, og því má áætla að söluhagnaður erlendu sjóðanna af bréfunum hafi numið samtals á bilinu 600 til 800 milljónum.

Á sama tíma hafa hins vegar einnig bæst nýir erlendir fjárfestingasjóðir í hluthafahópinn eftir skráningu bankans, eins og áður hefur verið greint frá í Viðskiptablaðinu, en á meðal þeirra er félagið Al Mehwar Commercial Investments LLC, sem tengist ríkisfjárfestingafélagi í furstadæminu Abú Dabí, og SEI Investments. Eignarhlutur Al Mehwar nemur um 0,9 prósentum, sem er metinn í dag á um 1.850 milljónir króna, og er félagið á meðal tíu stærstu hluthafa bankans.

**30%**

**Hlutabréf Íslandsbanka hafa hækkað í verði um 30% frá skráningu.**

Samanlagður eignarhlutur erlendra fjárfesta eftir útboð Íslandsbanka, þar sem ríkissjóður seldi 35 prósenta hlut fyrir 55,3 milljarða, nam um 11 prósentum. Í dag má áætla að hann hafi minnkað lítillega og nemi um tíu prósentum. Stærstu erlendu hluthafarnir eru sjóðir í stýringu Capital Group, RWC Asset Management, Al Mehwar, Mainfirst, Eaton Vance, Franklin Templeton og Schroder.

Íslenskir lífeyrissjóðir, einkum Gildi, hafa á undanförnum dögum verið að bæta nokkuð við eignarhlut sinn í bankanum. Eignarhlutur Gildis nemur í dag 3 prósentum og hefur sjóðurinn bætt við sig um 0,7 prósenta hlut frá skráningu. ■

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is




# Aztiq eykur verulega við hlut sinn í Alvogen vestanhafs

**Aztiq Pharma hefur aukið við hlut sinn í starfsemi Alvogen í Bandaríkjunum um 17 prósent og er orðinn stærsti hluthafinn eftir því sem Markaðurinn kemst næst.**

thorsteinn@frettabladid.isn



Á undanförnum misserum og árum hafa Alvogen og hluthafar þess verið mikilvægir bakhjarlar við fjármögnun á vexti systurfélagsins Alvotech.

Aztiq Pharma Partners, fjárfestingafélag Róberts Wessman, forstjóra Alvogen, og viðskiptafélaga hans, hefur aukið við eignarhlut sinn í starfsemi Alvogen í Bandaríkjunum um 17 prósent. Þetta staðfestir Róbert, sem er jafnframt forstjóri Alvogen, við Markaðinn.

Aztiq Pharma tryggði sér lánsfjármögnun upp á 100 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 12,4 milljarða króna, til þess að auka hlutafé Alvogen í Bandaríkjunum. Bandaríski bankinn Morgan Stanley hafði umsjón með fjármögnuninni og tóku alþjóðlegir fagfjárfestar þátt í henni.

Alvogen í Bandaríkjunum hefur verið í 100 prósenta eigu Alvogen Lux Holdings sem aftur er í eigu Aztiq Pharma, fjárfestingasjóðanna CVC Capital Partners, Temasek og Vatera Healthcare Partners auk fleiri sjóða.

Aztiq Pharma átti þannig um 26 prósenta óbeinan hlut í Alvogen í Bandaríkjunum en eftir hlutafjáraukninguna á félagið um 40 prósenta hlut, bæði beint og óbeint, í lyfjafyrirtækinu. Eignarhlutur annarra hluthafa þynnist fyrir vikið.

Hlutaféð var aukið á gengi sem jafngildir því að eiginfjárvirði Alvogen í Bandaríkjunum hafi verið um 350 milljónir dala, jafnvirði 43 milljarða króna, fyrir aukninguna.

Fjárfestingasjóðirnir komu fyrst inn í hluthafahóp Alvogen árið 2015, þegar CVC, ásamt Temasek, leiddi hóp fjárfesta sem keypti samanlagt um 69 prósenta hlut í fyrirtækinu. Í þeim viðskiptum var heildarvirði Alvogen metið á um tvo milljarða Bandaríkjadala, og hlutaféð á 1,1 milljarð dala.

Árið 2017 útvíkkaði Alvogen í Bandaríkjunum starfsemi sína og stofnaði Almatica Pharma sem leggur höfuðáherslu á þróun og framleiðslu tauga- og geðlyfja. Fjármagnið frá Aztiq Pharma verður nýtt til að fjárfesta enn frekar á þessu sviði.

„Almatica þróar nú ný tauga- og geðlyf sem hafa ekki verið til á Bandaríkjamarkaði áður. Við teljum að þessi lyf muni bæta líðan og heilsu fólks sem þurfa á þeim að halda og að þau verði ódýrari en þau lyf sem fyrir eru. Þess vegna ákveðum við að setja peninga þarna inn og við höfum fulla trú á félaginu,“ segir Róbert Wessman í samtali við Markaðinn.

> **„Við erum mjög spennt að taka þátt í þessu verkefni en á næstu 24 mánuðum koma mörg lyfjanna á markað þar vestra.**
>
> Róbert Wessman, einn aðaleigenda Aztiq.

Í byrjun árs breytti matsfyrirtækið Moody's horfum Alvogen í Bandaríkjunum úr stöðugum í neikvæðar og vísaði til þess að endurfjármögnunaráhætta félagsins hefði aukist og því væri ólíklegt að markmið þess um að ná skuldum undir fimmfaldri EBITDA á þessu ári myndi nást.

„Árið 2016 sjáum við blikur á lofti í Bandaríkjunum,“ sagði Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, í nýlegu viðtali við Markaðinn þegar hann var spurður um starfsemina.

„Samkeppnin var að aukast og við breyttum viðskiptalíkaninu þannig að fyrirtækið myndi hefja þróun á eigin frumlyfjum, aðallega geðlyfjum. Næsta ár réðumst við í töluverðar fjárfestingar í þróun á þessum lyfjum og fyrsta lyfið kemur á markað í ár.“

Gjalddagar á lánum voru framlengdir til þess að tryggja að Alvogen væri vel fjármagnað þangað til fyrsta lyfið kæmi á markað og einnig var fjármagnið sem fékkst fyrir starfsemina í Mið- og Austur-Evrópu nýtt til að fjárfesta í söluinnviðum í Bandaríkjunum. Haustið 2019 náði Alvogen samkomulagi um sölu á starfsemi fyrirtækisins í Mið- og Austur-Evrópu til Zentiva Group. Söluverðið var 750 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 92 milljarða króna.

„EBITDA fór töluvert niður árin 2019 og 2020, eins og við bjuggumst við, en við erum að sjá mikla aukningu í ár og næstu ár þegar frumlyfin koma á markað,“ sagði Róbert enn fremur.

Á undanförnum misserum og árum hafa Alvogen og hluthafar þess verið mikilvægir bakhjarlar við fjármögnun á miklum vexti systurfélagsins Alvotech sem vinnur að þróun sjö líftæknilyfja. Alvotech hefur á síðustu mánuðum sótt 100 milljónir dala, jafnvirði um 12 milljarða króna, í nýtt hlutafé vegna áforma um skráningu á bandarískan hlutabréfamarkað síðar á þessu ári.

Í viðtali við Markaðinn sagði Róbert að áfangagreiðslur, sem kveðið er á um í þeim fjölda samninga sem Alvotech hefur gert um sölu og dreifingu, gætu skilað íslenska líftæknifyrirtækinu allt að 130 milljarða króna tekjum á næstu árum.

Þá greindi Fréttablaðið frá því í síðustu viku að eigendur breytanlegra skuldabréfa Alvotech hefðu ákveðið að nýta rétt sinn til að breyta skuldabréfum að fjárhæð 106 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 13 milljarða króna, í hlutafé á gengi sem verðmetur Alvotech á um 300 milljarða íslenskra króna. ■

# Breitt verðbil á Solid Clouds

helgivifill@frettabladid.is


Stefán Gunnarsson, meðstofnandi og framkvæmdastjóri Solid Clouds. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jakobsson Capital verðmetur tölvuleikjafyrirtækið Solid Clouds, sem er sérhæft í herkænsku- og hlutverkaleikjum, frá 13,6 krónum á hlut að 38,4 krónum á hlut. Munurinn liggur í mismunandi verðmatsaðferðum en fyrirtækið er ekki hefðbundið rekstrarfélag með tekjusögu.

Sprotafyrirtækið áætlar að selja 24,1 til 31,5 prósenta hlut í hlutafjárútboði sem lýkur í dag og afla við það 500-725 milljónir króna. Útboðsgengið er 12,5 krónur á hlut. Solid Clouds stefnir á að gefa út tölvuleiki á þriggja ára fresti en nýr leikur, Frontiers, mun líta dagsins ljós eftir um það bil eitt ár.

Í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, segir að þegar horft sé með gleraugum nýsköpunarfræðanna (e. venture capital method) fáist verðið 34,7 til 38,4 krónur eftir því hversu mikið hlutafé verði gefið út. Sú aðferð byggi á kennitölusamanburði. Vandinn sé að sprotafyrirtæki séu sjaldan skráð á hlutabréfamarkað og því erfitt að finna kennitölur fyrir sambærileg félög. Umrædd „aðferðafræði grípur vel þann mikla ávinning sem fylgir fjárfestingu í sprotafyrirtækjum en tekur lítið tillit til áhættu.“ Hin aðferðin, að núvirða væntan hagnað að teknu tilliti til þess að um helmingslíkur séu á að áætlunin gangi eftir. Samkvæmt henni verðmetur Jakobsson Capital fyrirtækið á 13,6 til 15,0 krónur á hlut eftir því hversu mikið nýtt hlutafé verði gefið út. Notast var við 14,72 prósent ávöxtunarkröfu og 4,8 prósenta framtíðarvöxt að nafnverði.

„Fjárfesting í sprotafyrirtæki er ekki hefðbundin hlutabréfafjárfesting. Fjárfestum er bent á að mjög mikil áhætta felst í fjárfestingu í sprotafyrirtæki og getur öll fjárfestingin auðveldlega tapast en ávinningurinn getur verið mjög mikill ef vel gengur,“ segir í verðmatinu.

Í verðmatinu er dregið fram að tekjur CCP hafi orðið tveir milljarðar króna á sex árum en stjórnendur Solid Clouds reikna með að einu og hálfu ári eftir að tölvuleikurinn Frontiers komi út verði tekjurnar tæplega 4,2 milljarðar króna. „Hafa þarf þó í huga að verðlag hefur tæplega tvöfaldast síðan 2007 þegar verið er að bera saman tekjur fyrirtækjanna. Sömuleiðis er tölvuleikjamarkaðurinn margfalt stærri nú en fyrir 15 árum,“ segir í verðmatinu. ■

Icelandic Glacial höllin

# Til hamingju Íslandsmeistarar!



Icelandic Glacial er stoltur styrktaraðili Þórs Þorlákshöfn
og óskar liðinu hjartanlega til hamingju
með Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik 2021.

Til hamingju með frábært tímabil og
fyrsta Íslandsmeistaratitilinn!

ÍCELANDIC GLACIAL



# Borga glaðir hátt raforkuverð á Íslandi



**Þórður Gunnarsson**
thg
@frettabladid.is

**Álverðstenging raforkusamninga var það sem gerði álverið á Grundartanga aðlaðandi fjárfestingu í augum stjórnenda Century Aluminum árið 2004. Mike Bless, fráfarandi forstjóri fyrirtækisins, segir að álverðstenging orkuverðsins geri Century kleift að stýra rekstraráhættu og gildir þá jafnframt einu þótt hægt sé að fá ódýrara rafmagn annars staðar.**

Álverðstenging raforkuverðs var ein helsta ástæða þess að forsvarsmenn Century Aluminum sáu sér þann leik á borði að kaupa álverið við Grundartanga árið 2004 af Columbia Ventures Corporation.

Þetta er mat Mike Bless, fráfarandi forstjóra Century Aluminum, sem var staddur hér á landi á dögunum. Fram kom í Kauphallartilkynningu þann 17. maí síðastliðinn að Bless myndi brátt láta af störfum sem forstjóri Century eftir 10 ár í forstjórastólnum.

Upprunaleg ástæða þess að álframleiðendur komu upp starfsemi á Íslandi var samkeppnishæft orkuverð. Núna er orkuverð víðar lægra en á Íslandi. Aðspurður hvort samkeppnisforskot Íslands sé enn þá fyrir hendi með tilliti til raforkuverðs, segir Bless að svo sé.

„Málið snýst ekki endilega um lægra eða hærra verð. Það sem okkur þótti aðlaðandi var tengingin við álverð. Við borgum glaðir hærra raforkuverð ef okkar afurðaverð er hátt. Century Aluminum er ekki stór álframleiðandi á alþjóðlegan mælikvarða og samkeppnisaðilar okkar, sem eru með ýmiss konar aðra starfsemi en álframleiðslu, þola betur sveiflur í álverði en við.

Þess vegna er álverðstengingin afar mikilvæg fyrir okkur. Við erum líka með álverðstengingu í aðfangakaupum okkar, til að mynda við innkaup á súráli. Á sama hátt og við raforkuinnkaup þá borgum við súrálsbirgjum okkar glaðir hærra verð ef álverð hækkar.

En það var fyrst og fremst álverðstengingin sem var aðlaðandi í okkar augum, hún þýðir að við getum haft betri stjórn á okkar rekstraráhættu. Svo verður líka að nefna að álverið í Grundartanga er eitt það glæsilegasta með tilliti til stjórnunar, öryggismála, gæðamála og annars. Eitt er að komast á þennan stað en annað að viðhalda svo háum gæðastöðlum allan þennan tíma. Það er stjórnendunum hér heima að þakka.“

**Ekki skoðað stækkun um skeið**

Þegar Century Aluminum festi kaup á álverinu við Grundartanga árið 2004 var framleiðslugeta þess 90 þúsund tonn á ári. Í tilkynningu vegna kaupanna var greint frá því að fyrirhugað væri að byggja nýjan kerskála og auka framleiðslugetuna í 180 þúsund tonn. Síðan þá hefur mikil uppbygging átt sér stað og framleiðslugeta Grundartanga er 320 þúsund tonn.

*Hefur komið til álita að skoða byggingu þriðja kerskálans í Hvalfirði?*

„Þrátt fyrir að núverandi markaðsverð á áli myndi auðvitað réttlæta stækkun við Grundartanga er ekki skynsamlegt að taka slíkar fjárfestingaákvarðanir út frá stundarverði. Allt ferlið sem snýr að leyfisveitingum, hönnun, undirbúningi og framkvæmdum er fjögurra til fimm ára ferli.

Hins vegar er raunhæfara til skemmri tíma að bæta við virðisaukandi framleiðslu við Grundartanga, til að mynda álboltaframleiðslu. Þó að álagið á álbolta yfir hrááli sé 1000 Bandaríkjadalir núna, þá myndum við samt alltaf horfa á 250 Bandaríkjadala langtímameðaltalið til að ákveða hvort fjárfestingin borgi sig.

Það er snúið að taka langtímaákvarðanir út frá skammtímaverði. Eftirspurn grænna álbolta er hins vegar að aukast í Evrópu og hefur verið um lengri tíma og því höfum við lagt mikla áherslu á að koma því verkefni af stað hér heima. En til þess að svo megi verða þurfum við að hafa betri vissu um raforkuverð okkar til framtíðar.

Það er langt síðan við höfum skoðað byggingu nýs kerskála á Grundartanga og því þyrfti að reikna það allt saman upp á nýtt ef ráðast ætti í það. Hins vegar er rétt að minnast á að núverandi framleiðslugeta Grundartanga er 320 þúsund tonn, en eftir síðustu viðbætur álversins var opinber framleiðslugeta 260 þúsund tonn.

Þessa aukningu í framleiðslugetu má rekja til snjallra stjórnenda Norðuráls hér á landi og það er ástæða fyrir því að þau hafa mikið að segja með rekstur álvera okkar í Bandaríkjunum, þau hafa staðið sig einstaklega vel á Grundartanga,“ segir Bless.

**Framboð raforku eykst**

Uppbygging endurnýjanlegrar orkuframleiðslu hefur verið hröð um allan heim á undanförnum árum, ekki síst vegna ýmiss konar hvata stjórnvalda í þá veru víða um heim. Bless segir að hröð aukning í framboði endurnýjanlegrar orku í Bandaríkjunum hafi breytt raforkulandslaginu þar á skömmum tíma. „Við erum núna í viðræðum við

> **Sjálfbærni iðnaðarframleiðslu er eitt það mikilvægasta sem kaupendur og seljendur hrávara leggja áherslu á um þessar mundir.**

# Grænn lífsstíll

KYNNINGARBLAÐ

**MIÐVIKUDAGUR** 30. júní 2021

**Kynningar:** Terra, Icepharma



„Við hjá Terra skilgreinum okkur sem hringrásarfyrirtæki þar sem markmiðið er að bæta frammistöðu okkar allra í umhverfismálum. Lykillinn að því er samvinna. Til að ná bættum árangri í umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi þurfa allir að vinna saman, atvinnulífið, sveitarfélögin, stjórnvöld og ekki síst almenningur," segir Freyr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Mestu tækifæri 21. aldar liggja í ruslinu

Freyr Eyjólfsson, samskiptastjóri Terra, segir að draga þurfi úr neyslu, henda minna, nýta og endurvinna betur það sem við hendum frá okkur – það sé stóra verkefnið á þessari öld. Þarna eru líka mikil verðmæti og tækifæri. 2

Ísland er í fimmta sæti yfir magn heimilisúrgangs á hvern íbúa árið 2019 en það árið nam heimilisúrgangur rúmum 237 þúsund tonnum. Heildarmagn úrgangs sem til féll á Íslandi árið 2019 var um 1.100 tonn. Freyr Eyjólfsson, samskiptastjóri Terra, segir að þrátt fyrir allt þetta magn sé flokkun og endurvinnsla að aukast en af öllum þessum úrgangi fór 82% til endurnýtingar og 18% til förgunar.

„Árið 2020 fluttum við hjá Terra út til Evrópu um 1.500 tonn af plasti þar sem um 67% þess fór í endurvinnslu og 33% í orkubrennslu og við erum bara nokkuð sátt við þann árangur. Lítið kolefnisspor fylgir endurvinnslu á plasti en losun vegna nýframleiðslu á plasti er mikil. Þess vegna er afar mikilvægt að flokka plast og gera það vel. Til að endurvinnsla á plasti geti gengið upp þá þurfa framleiðslufyrirtæki sem framleiða nýjar vörur að vera tilbúin til að nota endurunnið hráefni í sínar vörur. Vöruþróun í þessa átt hefur verið fremur hæg en með aukinni áherslu heimsins á hringrásarhagkerfið hefur viðhorf iðnaðarins breyst til batnaðar," segir Freyr.

### Flokkun og endurvinnsla er mikilvægt loftlagsmál

Hlutverk almennings í þessari hringrás er að flokka endurvinnsluefni eins og plast frá öðrum úrgangi og hlutverk umhverfisþjónustu eins og Terra er að koma þessum endurvinnsluefnum til aðila sem koma efnunum aftur inn í hringrásina.

„Eitt stærsta atriðið í þessu ferli er að flokkun sé góð strax í upphafi þegar plastið hefur lokið sínu hlutverki hjá heimilum eða atvinnulífinu. Óhreinindi í endurvinnsluefnum þrengja markað fyrir efnin til endurvinnslu og gera það að »

» verkum að endurvinnsluhlutfall er lægra," bendir Freyr á.

Miklar og stórtækar framfarir hafa átt sér stað síðastliðin ár í úrgangsmálum á Íslandi og mikil tækifæri eru fram undan.

„Eitt mikilvægasta verkefni okkar Íslendinga er að innleiða hringrásarhagkerfi. Núverandi línulegt hagkerfi byggist á ósjálfbærri nýtingu auðlinda og miðast við að framleiða – kaupa – nota – henda – og kaupa nýtt. Það er orðið aðkallandi að endurhugsa allt efnahagskerfið og innleiða hringrásarhagkerfi sem miðast við að hámarka verðmætin og auðlindirnar, auka endurnotkun og endurvinnslu. Þetta kallar á ný viðskiptalíkön sem byggja meira á samnýtingu, eða kaupleigu, og að öll vöruhönnun miðist við betri endingu og nýtingu. Stærsti þátturinn í þessu kerfi er svo almenn flokkun á úrgangi og endurvinnsla þar sem reynt er eftir fremsta megni að halda efnislegum vörum og verðmæti þeirra og innihaldi inni í hagkerfishringnum eins lengi og mögulegt er. Það er afar ánægjulegt að lög um innleiðingu hringrásarhagkerfis hafi verið samþykkt á lokadegi þingsins, rétt fyrir sumarfrí," segir Freyr.

**Lífrænn úrgangur er dýrmæt auðlind og verðmæti**

„Það er algjör steypa að urða lífrænan úrgang – því það er mjög mengandi, en þetta er líka afar verðmæt auðlind. Það er hægt að búa til ýmislegt úr þessari auðlind, svo sem sápur, dýrafóður, olíur, metangas til að setja á bíla og moltu. Það er mjög umhverfisvænt að jarðgera lífrænan úrgang því það sparast um eitt tonn af koldíoxíð-ígildum fyrir hvert tonn sem fer í jarðgerð frekar en urðun. Í staðinn fyrir að láta lífrænan úrgang rotna ofan í jörðinni og láta metangas gusast út í andrúmsloftið er hægt að búa til moltu og græða upp landið og rækta skóga," segir Freyr.

Terra hefur unnið með Landgræðslunni og Skógræktinni að því að nota moltu til uppgræðslu á örfoka land og við skógrækt.

„Þetta er mikilvægt skref, að koma dýrmætum og mikilvægum efnum aftur til baka í umhverfið og skila auðlindum aftur til jarðarinnar. Til þess að geta notað moltu í landgræðslu er grunnforsenda að flokka sérstaklega lífrænan úrgang og vanda til verka. Það er ánægjulegt að heyra að loksins eigi að hefjast almenn söfnun á lífrænum úrgangi hér á suðvesturhorninu. Allur lífrænn úrgangur sem barst til okkar hjá Terra á síðasta ári, sem var samtals 2.500 tonn, var jarðgerður. Á síðasta ári fórum við með 1.500 tonn af moltu í landgræðslu. Umhverfisfyrirtækið Environice mat loftslagsáhrif verkefnisins og þar komu í ljós góðar tölur. Loftslagsávinningur er upp á 1.799 tonn CO2-ígilda. Þetta er það sama og að taka um 400 bíla úr umferð á einu ári," upplýsir Freyr.

**Terra er hringrásarfyrirtæki**

„Við hjá Terra skilgreinum okkur sem hringrásarfyrirtæki þar sem markmiðið er að bæta frammistöðu okkar allra í umhverfismálum. Lykillinn að því er samvinna. Til að ná bættum árangri í umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi þurfa allir að vinna saman, atvinnulífið, sveitarfélögin, stjórnvöld og ekki síst almenningur. Terra hefur starfað við flokkun og söfnun endurvinnsluefna í rúma þrjá áratugi og vinnur með fyrirtækjum, sveitarfélögum og einstaklingum. Markmiðið er umhverfisvæn úrgangsstjórnun með áherslu á að koma öllum þeim efnum sem falla til í viðeigandi farveg og aftur inn í hringrásarhagkerfið," segir Freyr.

Terra fjárfesti nýlega í nýjum sjálfvirkum flokkara til að bæta



„Við hjá Terra skilgreinum okkur sem hringrásarfyrirtæki þar sem markmiðið er að bæta frammistöðu allra í umhverfismálum. Til að ná árangri í umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi þurfa allir að vinna saman, atvinnulífið, sveitarfélögin, stjórnvöld og ekki síst almenningur," segir Freyr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Núverandi hagkerfi byggist á ósjálfbærri nýtingu auðlinda og miðast við að framleiða, kaupa, nota, henda og kaupa nýtt, en það þurfi að endurhugsa.



Freyr segir það algjöra steypu að urða lífrænan úrgang. Það sé hægt að búa til ýmislegt úr þessari auðlind, svo sem sápur, dýrafóður, olíur og metangas.




Terra hefur stutt plokkara í átakinu Plokk á Íslandi og séð um söfnun þess sem plokkað var á Degi umhverfisins.

Freyr segir að óhreinindi í endurvinnsluefnum þrengi markað fyrir efnin til endurvinnslu og geri það að verkum að endurvinnsluhlutfall er lægra en ella.




flokkun og endurvinnslu enn frekar. Freyr segir þetta stóra fjárfestingu sem færi flokkun og endurvinnslu á Íslandi á annað stig.

„Nú er hægt að flokka mun nákvæmar og betur og fá margfalt til baka ýmis endurvinnsluefni. Í fyrsta sinn á Íslandi er hægt að flokka plast vélrænt eftir efniseiginleikum sem eykur til muna líkurnar á að íslensk plastendurvinnsla í einhverju magni verði að veruleika. Þá þegar er hafin vinna í að þróa ný og spennandi plastendurvinnsluverkefni með öðrum íslenskum fyrirtækjum. Við erum að fikra okkur áfram með að endurvinna plast innanlands."

Terra vann með Landgræðslunni og Skógrækt ríkisins í vel heppnuðu landsátaki um birkifræsöfnun haustið 2020, sem vakti mikla athygli. Auk þess hefur Terra stutt plokkara í átakinu Plokk á Íslandi og séð um söfnun þess sem plokkað var á Degi umhverfisins. „Terra býður viðskiptavinum sínum plokksett að láni allt árið með það að markmiði að hreinsa til í nærumhverfi sínu," segir Freyr.

**Keyra tækin á úrgangi**

„Úrgangur er dýrmæt auðlind sem er mikilvægt að nýta betur. Þetta er stórt og mikilvægt loftslagsmál og ekki síður þjóðþrifamál. Hér liggja mikil tækifæri, enda er margt

**"Úrgangur er dýrmæt auðlind sem er mikilvægt að nýta betur.**

spennandi í deiglunni og margar nýjar íslenskar tæknihugmyndir eru í þróun í þessum efnum. Frá upphafsdögum fyrirtækisins höfum við til að mynda safnað matarolíu. Nú förum við með þessa olíu og hreinsum hana með nýrri íslenskri tækni sem sprotafyrirtækið Ymir Technologies hefur þróað og notum hana á tækin okkur. Þetta eru um 150 tonn af ári af úrgangi sem við breytum í lífdísil. Við notum sem sagt úrganginn til að keyra áfram tækin okkar. Þetta eru hrein og bein orkuskipti. Við viljum gera meira af þessu. Mestu tækifæri 21. aldarinnar liggja í ruslinu." ■

Nánari upplýsingar má finna hjá terra.is

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is


SEGJUM JÁ
VIÐ ÁNÆGÐARI HÚÐ MEÐ
MILDUM HÚÐVÖRUM
Neutral
SENSITIVE SKIN
BLACK+
COLOUR+
WHITE+
UMBÚÐIR
97%
ENDURUNNIÐ
PLAST
Neutral®
UMHVERFISVÆNT, JÁ TAKK!

# Valdi Sonett fyrir sig og umhverfið

**Arna Rut Þorleifsdóttir, mastersnemi í skipulagsfræði við LbhÍ, hefur glímt við ofnæmi og exem frá því hún var ungbarn. Hún reyndist hafa ofnæmi fyrir innihaldsefnum í hreingerningar- og snyrtivörum.**

Arna segir að þótt hún hafi ekki verið orðin ársgömul þegar ofnæmisins varð fyrst vart hafi það ekki verið fyrr en árið 2019 sem hún gekkst undir stórt ofnæmispróf sem beindist sérstaklega að innihaldsefnum í hreingerningar- og snyrtivörum. „Þá kom í ljós að ég er með ofnæmi fyrir innihaldsefnum sem finnast í allflestum hreingerningarefnum og snyrtivörum. Samkvæmt læknisráði þurfti ég því að yfirfara allar snyrtivörur og hreinlætisvörur á heimilinu. Læknirinn benti mér á að ég gæti notað þvottaefni frá Sonett svo að ég fór rakleitt í verslun og keypti nokkrar tegundir, auk þess sem ég keypti handsápu og uppþvottalög úr sama merki. Það voru mín fyrstu kynni af Sonett-vörunum,“ segir hún.

**Jákvæð reynsla**

Arna segist hafa fundið fljótt jákvæðan mun á húðinni eftir að hún fór að nota Sonett-vörurnar. Það varð til þess að hún ákvað að prófa fleiri vörur frá vörumerkinu. „Ég nota núna eingöngu handsápur, uppþvottalög, þvottaefni og hreingerningarefni fyrir heimilisþrif frá Sonett. Ég nota fyrst og fremst vörurnar úr Sensitive-línunni þar sem ég þarf að varast ilmefni vegna snertiofnæmis, en ég er einnig farin að nota þvottaefni og handsápur með lavender-ilminum og virðist þola það vel,“ segir hún.

Sonett-vörurnar eru vottaðar mildar sápur og hreinsiefni. Þær brotna 100% niður í náttúrunni ásamt því að vernda náttúrulegar vatnsauðlindir sem eru undirstaða lífs. Hráefnin eru unnin úr jurtum og steinefnum og innihalda engin ensími. Sonett er þýskt fjölskyldufyrirtæki sem hefur það að leiðarljósi að vera 100% umhverfisvænt og umhyggjusamt gagnvart náttúrunni. Fyrirtækið er með allar bestu mögulegu vottanir sem hægt er að fá á hreinlætisvörur. Sonett hefur verið brautryðjandi í þvotta- og hreinsiefnum úr lífrænt ræktuðum hráefnum frá því árið 1977.

Arna segist ekki fyrr hafa kynnst heilli vörulínu sem henti henni sérstaklega og hafi hún þó prófað ýmislegt. Hún hafði lengi leitað að vörum sem hentuðu þeim sem ættu við sama vandamál og hún að etja.

**Gott fyrir alla fjölskylduna**

Arna útskrifaðist úr vöruhönnun frá LHÍ árið 2009 en undanfarið hefur hún starfað sem löggiltur fasteignasali. Hún segist vera mikill umhverfissinni auk þess sem hún hefur mikinn áhuga fyrir allri hönnun. „Það hefur alveg reynst mér erfitt að finna umhverfisvænar vörur og það gleður mig að hafa loksins fundið það sem hentar mér og minni fjölskyldu,“ segir hún en Sonett-vörur henta öllum þeim sem eru með viðkvæma húð. Arna er í sambúð og móðir tveggja barna.

„Mér finnst Sonett-vörurnar mjög góðar vörur fyrir utan að þær henta vel fyrir exemið og ofnæmið hjá mér. Mér finnst þvottaefnin góð og gallsápan hefur gert töfra fyrir blettótt föt af börnunum mínum. Einnig finnst mér lyktin af hreingerningarefnunum frá Sonett betri en sú sem ég er vön af sambærilegum efnum en vörurnar innihalda lífrænar ilmkjarnaolíur. Við reynum að velja umhverfisvæna kosti, nota bílinn sparlega, minnka matarsóun, kaupa föt í hófi, nota fjölnota þar sem því er komið við og svo erum við mjög dugleg í endurvinnslu á heimilinu,“ segir hún.



Arna Rut þjáist af ofnæmi og exemi fyrir ýmsum innihaldsefnum í hreingerningar- og snyrtivörum. Hún segist vera heppin að hafa fundið Sonett-vörur sem eru 100% náttúrulegar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**Sonett-hreinlætisvörur**

1. Lavender-þvottaefni fyrir allan þvott.
2. Sensitive-línan, sérstaklega fyrir þá sem hafa ofnæmi og viðkvæma húð.
3. Þvottaefni fyrir íþrótta- og útivistarföt.
4. Mýkjandi handsápa með lavender-lykt.
5. Uppþvottalögur.
6. Gallsápa fyrir erfiða bletti.
7. Sótthreinsisprey fyrir yfirborðsfleti.
8. Yfirborðs alhreinsir – Einnig fyrir gler og spegla.

> **Mér finnst Sonett-vörurnar mjög góðar vörur fyrir utan að þær henta vel fyrir exemið og ofnæmið hjá mér.**

**100% umhverfisvænt**

Hreingerningarvörur frá Sonett innihalda eingöngu hreinsiefni unnin úr jurtahráefnum og eru þess vegna 100% niðurbrjótanlegar í náttúrunni. Í Sonett-línunni eru allar þær hreinlætisvörur sem þarf fyrir heimilið, þvottinn, sumarhúsið eða vinnustaðinn. Við framleiðsluna á Sonett eru hvorki notuð rotvarnarefni, ilmefni né kemísk litarefni. Vörurnar innihalda heldur ekki ensím og yfirborðsvirk efni og bleikiefnin eru án klórs. Vegna þessarar samsetningar á innihaldsefnum er 100% niðurbrot á Sonett-vörunum í náttúrunni og þær skaða þá hvorki jarðveg, ferskvatn né sjó. ■

Sonett vörur fást í Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Melabúðin, Húsasmiðjan-Blómaval, Matarbúr Kaju og Heilsuveri.

# natracare

# Lífræn dömubindi

AF HVERJU NATRACARE

- Enginn klór
- Engin ilmefni
- Engin litarefni
- Án plastefna
- Án kemískra efna
- Vegan



*Vissir þú að 45 milljörðum dömubinda er fleygt á ári hverju og flest innihalda gerviefni sem brotna ekki niður í náttúrunni*




NÝJA UMBÚÐIR

# Vonin er óttanum yfirsterkari

**Loftslagsnámskeið unga fólksins hefst í Hinu húsinu á morgun, 1. júlí. Finnur Ricart Andrason segir loftslagsbreytingar vera ungu fólki hjartans mál.**

thordisg@frettabladid.is

„Ungt fólk er uggandi fyrir framtíðinni og sjálfur hef ég fundið fyrir hræðslu og óvissu um framtíðina þegar ég hef lesið vísindaskýrslur um áhrif loftslagsbreytinga, enda er þessi framtíð sem við erum að berjast ekki svo langt frá okkur. Ég held þó að vonin sé óttanum yfirsterkari hjá ungu fólki. Það er ástæða þess að svo margir félagsmenn eru í Ungum umhverfissinnum. Við höldum í vonina og vinnum með voninni, því ef við hefðum ekki von um að geta bjargað framtíðinni fyrir börn og ungmenni heimsins væru engir ungir umhverfissinnar til.“

Þetta segir Finnur Ricart Andrason, sem verður fyrstur Íslendinga til að útskrifast úr hnattrænum sjálfbærnivísindum árið 2023. Námið stundar hann við háskólann í Utrecht í Hollandi.

„Ég hef alltaf haft áhuga á vísindum og lesið fréttir, vísindagreinar og vísindablöð frá því ég man eftir mér. Það var svo þegar ég stofnaði umhverfishóp á framhaldsskólaárum mínum í Genf í Sviss sem áhugi á loftslags- og umhverfismálum kviknaði fyrir alvöru. Þar unnum við að margvíslegum umhverfistengdum verkefnum og reyndist það mjög góð reynsla að hafa unnið og leitt þann hóp. Ég lærði svo að skilja enn betur um hvað umhverfismál, loftslagsbreytingar og samfélagsleg vandamál snúast þegar ég byrjaði í náminu í Hollandi, og eftir að ég gerðist félagi í Ungum umhverfissinnum heima á Íslandi. Á undanförnum mánuðum hef ég fundið að ég get beitt mér miklu meira en ég gat áður, sem mér finnst skemmtilegt og gefandi,“ segir Finnur.



Finnur Ricart er loftslagsfulltrúi Ungra umhverfissinna. MYND/AIDAN MEEKIN

**Ungt fólk nálgast lausnirnar**

Finnur er loftslagsfulltrúi hjá Ungum umhverfissinnum. Félagið er átta ára gamalt og eru félagsmenn nú þegar um 1.200 talsins.

„Helstu baráttumál Ungra umhverfissinna eru að stjórnvöld og aðrir aðilar samfélagsins taki meira tillit til umhverfisins almennt. Við vinnum að því í gegnum þrjá meginflokka: loftslagsmál, náttúruvernd og hringrásarhagkerfi, eða hringrásarsamfélag, eins og við viljum oft kalla það,“ upplýsir Finnur.

Hann segir ungt fólk ákaft í að leita lausna við loftslagsvánni.

„Loftslagsmál eru hjartans mál hjá ungu fólki nútímans. Það nálgast líka lausnirnar miklu meira en þau sem eru við völd og í stöðum til að finna og nýta lausnirnar. Ungt fólk hefur sterka umhverfisvitund og er almennt vel að sér um loftslagsmál, en hefur minni vitund um samfélagsleg áhrif loftslagsbreytinga, eins og til dæmis hvernig rasismi eða hagfræðilegt ójafnrétti tengjast loftslagsbreytingunum. Því er Loftslagsnámskeið unga fólksins kærkomið tækifæri til að víkka sjóndeildarhring þess.“

**Samfélagsleg gleraugu mikilvæg**

Finnur er að vísa í þriggja daga skemmtilegt Loftslagsnámskeið unga fólksins sem haldið verður nú í vikunni, frá 1. til 3. júlí í Hinu húsinu við Rafstöðvarveg í Elliðaárdal.

Námskeiðið er unnið í samstarfi við NOAH, systurfélag Ungra umhverfissinna í Danmörku, sem er hluti af enn stærri hreyfingu, Friends of the Earth. Markhópur námskeiðsins er frá 15 til 35 ára.

„Þau sem taka þátt munu verða margs vísari. Yfirleitt miðast umræðan við umhverfisáhrifin og ungt fólk veit að loftlagsbreytingar eru mikil vá fyrir tilvist manna, en það veit minna um flóknu tengslin sem eru milli loftslagsbreytinga og ýmissa samfélagsþátta. Með námskeiðinu viljum við því draga fram í dagsljósið mikilvægi þess að horfa ekki bara á sjálfbærni með umhverfisgleraugum heldur einnig samfélagslegum gleraugum því það eru þrír þættir sem koma að sjálfbærni. Þeir eru umhverfismál, samfélagsmál og hagkerfið. Samfélög lifa innan marka umhverfisins, og gerir náttúran samfélögum kleift að vera til. Síðan eru það hagkerfin sem eiga að þjóna samfélaginu, en það er það sem svo oft gleymist. Oft er eins og að samfélögin hafi þann eina tilgang að þjóna hagkerfunum sem bitnar þá á náttúrunni sem gerir okkur kleift að lifa,“ upplýsir Finnur og heldur áfram:

„Á námskeiðinu verður sýnt fram á þau mörgu tengsl sem loftslagsbreytingar hafa inn í samfélagið sem við búum í, bæði þegar kemur að afleiðingum loftslagsbreytinga og því sem veldur þeim, sem er mannfólkið og samfélagið. En einnig verður talað um að lausnirnar liggja líka í því sem við gerum sem samfélag.“

**Umhverfisrasismi alvarlegur**

Loftslagsnámskeið unga fólksins verður haldið samtímis á Íslandi og í Danmörku, þar sem NOAH sendir út netviðburð sem sýndur verður á stórum skjá í Hinu húsinu.

„Þetta verður frábært tækifæri til að kynnast fleiri ungum umhverfissinnum á Íslandi, fræðast um framandi málefni sem tengjast loftslagsmálum og að sjálfsögðu að borða frábæran og frían vegan mat,“ segir Finnur og hlakkar mikið til.

Á hverjum degi verða haldnar þrjár vinnustofur í Hinu húsinu og fá þátttakendur að vinna saman í raunheimum að alls konar spennandi verkefnum, en hægt er að taka þátt í allri dagskránni eða einungis að hluta til.

„Loftslagsnámskeið unga fólksins gefur því enn fleiri verkfæri og fræðir þátttakendur um hugmyndir eins umhverfisrasisma, en dæmi um það er þegar rík lönd eins og Ísland mismuna öðrum löndum með því að gera ekki nóg í loftslagsmálum. Íslendingar verða fyrir minni loftslagsáhrifum en mörg önnur lönd, og með aðgerðarleysi er meiri afleiðingum varpað á annað fólk en Íslendinga,“ útskýrir Finnur.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Dagskrá og nauðsynleg skráning er á Facebook-síðu viðburðarins, Loftslagsnámskeið unga fólksins, og á slóðinni bit.ly/2SdehOW ■

# Góð ráð til að sporna gegn matarsóun heima við

**Þriðjungur matar sem framleiddur er í heiminum fer beint í ruslið, samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna, eða um 1,3 milljarðar tonna af mat á hverju ári. Einföld ráð geta haft veruleg áhrif til batnaðar.**

Á Norðurlöndunum er sóað um 3,5 milljónum tonna af mat á ári hverju. Mat sem er sóað hefði mögulega verið hægt að nota til að brauðfæða milljónir manna og draga úr hungursneyð í heiminum. Það að auki hefur framleiðsla matar oft talsverð neikvæð umhverfisáhrif sem þjóna þá engum tilgangi ef maturinn er ekki nýttur og eykur verulega við magn úrgangs sem þarf að urða. Hér er því einnig um sóun á fjármunum að ræða þar sem heimili og stóreldhús kaupa í rauninni oft of mikið af mat. Því fæst töluverður samfélagslegur, umhverfislegur og fjárhagslegur ávinningur af því að minnka matarsóun.

**Nokkrar einfaldar breytingar á venjum geta haft veruleg áhrif:**

- **Skipuleggjum innkaupin.** Gerum mataráætlanir og innkaupalista með matinn í ísskápnum og í skápunum í huga. Föllum ekki í magnafsláttargryfjuna, við gætum verið að kaupa meira magn en við náum að klára áður en það skemmist.
- **Athugum dagsetningar.** Lærum muninn á „síðasti notkunardagur“ og „best fyrir“ dagsetningum. „Síðasti notkunardagur“: Hendum matvörunni að deginum liðnum. „Best fyrir“: Varan er hæf til neyslu ef hún lyktar og bragðast eðlilega.
- **Höfum fjármálin í huga.** Munum að matur, sem er hent, er í raun peningur sem kastað er á glæ.Tökum gæði fram yfir magn. Það er líklegra að þú klárir gæðavöruna.
- **Stillum ísskápinn rétt.** Geymslutími matvæla getur styst töluvert ef hitastig ísskáps er of hátt.
- **Geymum matinn á réttan hátt.** Merkjum hvenær við opnum vörur svo að hægt sé að átta sig á hvað þær eru orðnar gamlar.
- **Skipuleggjum ísskápinn.** Röðum elstu vörunum fremst til að nota það elsta fyrst.
- **Eldum rétt magn.** Nýtum okkur skammtareiknivélina til að vita hversu mikið við þurfum að elda.
- **Notum afgangana.** Borðum þá daginn eftir eða nýtum þá í nýja rétti.
- **Notum frystinn.** Ýmiss konar afganga má frysta og nota síðar, til dæmis umframmat, ávexti, grænmeti, rjóma og kryddjurtir.
- **Búum til moltu.** Á vef Umhverfisstofnunar, ust.is, er hægt að skoða leiðbeiningar um heimajarðgerð. Margir halda að matarsóun skipti ekki máli því matur sé lífrænn og brotni auðveldlega niður. Það er rétt í þeim skilningi að þegar við hendum epli í skógi brotnar það eðlilega niður og gefur að mestu frá sér CO2. Hins vegar er meirihluti þessa úrgangs á Íslandi urðaður, sem krefst sífellt meira landsvæðis og leiðir til myndunar og losunar gróðurhúsalofttegunda. Þegar lífrænn úrgangur brotnar niður við loftfirrðar aðstæður, líkt og myndast við urðun, verður til metangas. Metan er 21 sinnum virkari gróðurhúsalofttegund en koltvíoxíð og því töluvert verri. Ein leið til að sporna við þessu er heimajarðgerð, það er að umbreyta lífrænum úrgangi heimilis í moltu. Moltan nýtist svo sem jarðvegsbætir sem gerir jarðveginn frjósamari og léttari.



Hægt er að umbreyta lífrænum heimilisúrgangi í moltu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Búa skal rétt um alla matarafganga.

**Gott að vita:**

- Mjólk og jógúrt sem hafa verið vel kæld geymast oftast mun lengur en uppgefnar dagsetningar gefa til kynna, því ber að treysta á skynfærin þegar svo á við.
- Ef mygla myndast á mjúkum osti, eins og brie, camembert og jafnvel sýrðum rjóma, ber ekki að neyta hans. En ef mygla myndast á hörðum osti er í lagi að skera einfaldlega mygluna og svæðið í kring í burtu.
- Ávexti og grænmeti á síðasta snúningi er auðveldlega hægt að frysta og nýta síðar.
- Sniðugt er að frysta brauð áður en það myglar eða harðnar, en einnig eru ýmsar leiðir til að nýta harðnað brauð, til dæmis í ýmsa ofnrétti.
- Ferskar kryddjurtir verða oft afgangs. Það er hins vegar einfalt að auka geymsluþol þeirra með því að annaðhvort vefja þeim í vota eldhúsrúllu inni í ísskáp eða frysta þær. ■

HEIMILD: UMHVERFISSTOFNUN, UST.IS


Pågen
Bakað af alúð
Náttúruleg hráefni og án rotvarnarefna
Pågen
Hönö
Färsk Skärgårdskaka
Svenskt mjöl från egen kvarn
18 st

# Skipst á fötum í Laugardal

**Fataskiptimarkaður verður haldinn á fjölskyldukaffihúsinu Dal í Laugardalnum í dag á milli klukkan 14 og 18. Þangað geta gestir mætt með föt og fylgihluti og skilið eftir og tekið sér aðra flík eða fylgihlut í staðinn.**

sandragudrun@frettabladid.is

Þetta er í þriðja skipti sem slíkur fataskiptimarkaður er haldinn í Dal. Þeir hafa einnig verið haldnir reglulega á farfuglaheimilinu Loft í Bankastræti undanfarin sjö ár undir nafninu Swap til you Drop. Hlé var gert á markaðnum á Loft út af COVID og hann færður í garðinn á Dal en í sumar flytur hann sig aftur á Loft. Fyrsti markaðurinn þar eftir hlé verður 14. júlí og næst 11. ágúst en eftir það verður viðburðurinn haldinn annan miðvikudag hvers mánaðar.

Sigríður Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Farfugla, sem reka bæði Dal og Loft, skipuleggur fataskiptin ásamt sjálfboðaliðunum Davide frá Ítalíu og Veroniku frá Slóveníu.

„Þau koma til okkar Farfugla á vegum Erasmus-verkefnisins á Evrópustyrk sem Rannís úthlutar fyrir hönd Evrópusambandsins. Þau hafa verið að vinna með okkur að umhverfis- og samfélagsmálum,“ segir Sigríður.

„Loft og Dalur eru svansvottuð hostel og markaðirnir eru hluti af okkar stefnu að minnka sóun.“



Hægt er að gera góð skipti á fataskiptimarkaðnum og endurnýta þannig gömul föt. MYND/AÐSEND

Sigríður segir að fólk hafi verið að gera góð skipti á fataskiptimarkaðnum undanfarin ár. En áhersla er lögð á að fólk komi með heil og nothæf föt og taki eitthvað í staðinn en skilji ekki bara eftir.

„Þetta er á sama tíma og við erum með Happy hour á kaffihúsinu og við hvetjum fólk til að koma og stoppa og taka þátt í viðburðinum,“ segir hún.

Skiptimarkaðurinn fer fram úti á palli og inni og stendur frá klukkan 14–18 í dag.

**Fataskápur í dalnum**

Auk Swap til you Drop viðburðanna mun bráðlega opna í Dal Fataskápurinn í dalnum, nýr skiptimarkaður fyrir föt og fylgihluti. Hann verður opinn alla daga frá 8–20.




Markaðurinn hefur undanfarin skipti verið haldinn úti hjá fjölskyldukaffihúsinu Dal. MYND/AÐSEND



Sigríður skipuleggur fataskiptin með sjálfboðaliðum. MYND/AÐSEND

> **Reglurnar eru einfaldar. Þið skiljið eftir nokkrar gersemar og takið einungis þær sem ykkur langar í og viljið nota.**
>
> Sigríður Ólafsdóttir

„Þetta er býttimarkaður fyrir föt hverfisbúa og hostelgesta en við köllum fataskápinn Álfastein. Hann verður opnaður 1. júlí í anddyrinu á hostelinu og fjölskyldukaffihúsinu. Fataskápurinn verður alltaf opinn og aldrei eins. Hann er fullur af gersemum sem rata til okkar eða sem vinir úr hverfinu eða gestir á hostelinu skilja eftir og vilja leyfa öðrum að taka við og njóta,“ útskýrir Sigríður.

„Reglurnar eru einfaldar. Þið skiljið eftir nokkrar gersemar og takið einungis þær sem ykkur langar í og viljið nota. Þannig hjálpumst við að við að halda góðu flæði um skápinn og gera hann girnilegan.“

Sigríður segir að það verði mismunandi þema yfir árið í skápnum en í sumar verður þemað, föt fyrir fullorðna, sumar og litagleði. ■






Frá og með laugardeginum þurfa neytendur að greiða fyrir plastílát sem þeir fá undir mat sem tekinn er heim. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Nýtt gjald á plastílát

elin@frettabladid.is

Nýjar reglur taka gildi hér á landi þann 3. júlí til að draga úr notkun á einnota plastvörum. Meðal þess sem sölustaðir mega ekki lengur gefa viðskiptavinum sínum eru einnota plastbollar, plastglös, plastílát og plastlok undir mat og drykk. Í staðinn verða þeir að taka greiðslu fyrir ílátið sem maturinn og drykkurinn er afhentur í. Þetta geta til dæmis verið plastglös fyrir gosdrykki, bjór, safa, smoothie eða hristinga.

Þetta á líka við um einnota plastbox, -skálar, og -bakka undir mat. Ef ílátin eru úr náttúrulegum efnum en eru með loki úr plasti þarf líka að taka gjald fyrir það. Það sama á við ef ílátin eru úr lífplasti eða plasthúðuð. Gjaldið sem seljendur taka verður að koma fram á kassakvittun.

Seljendur ákveða upphæð gjaldsins sem þeir leggja á einnota plastbolla, plastglös og matarílát úr plasti. Seljendur geta því ákveðið að taka sama verð og þeir gerðu áður, en gera í staðinn greinarmun á því hvað ílátið kostar og hvað maturinn eða drykkurinn kostar. Þeir geta líka ákveðið að hækka verðið á vörunni sem nemur verðinu á umbúðunum, eða taka lægra verð fyrir ílátið en það kostar í raun.

Neytendur þurfa þó ekki að greiða sérstakt gjald fyrir plastumbúðirnar sem eru utan um vörur sem keyptar eru í matvörubúð, eins og jógúrt í dós, skvísur og grænmeti í plasti. Reglurnar eiga fyrst og fremst við um take-away eða sambærilegar aðstæður. Ef matvörubúðir selja mat á sambærilegan hátt og matsölustaðir, til dæmis úr salatbar, þurfa þær líka að taka greiðslu fyrir einnota box ef þau innihalda plast. Seljendur þurfa líka að taka gjald við heimsendingu á mat og drykk í plastílátum. ■



Mike Bless mun láta af störfum sem forstjóri Century Aluminum eftir tíu ára starf en fyrirtækið rekur meðal annars álverið Norðurál á Grundartanga.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þrátt fyrir að núverandi markaðsverð á áli myndi auðvitað réttlæta stækkun við Grundartanga er ekki skynsamlegt að taka slíkar fjárfestingarákvarðanir út frá stundarverði.**

orkufyrirtæki í Bandaríkjunum um að byggja upp sólarorkuver við hlið einnar verksmiðju okkar í Bandaríkjunum. Við myndum kaupa allt rafmagnið sem framleitt er af fyrirtækinu.

Stóra myndin er sú að endurnýjanleg raforka er að koma inn af miklum krafti á raforkumarkaðinn í Bandaríkjunum og það miklu hraðar en slökkt er á kolaverunum. Stóraukið framboð rafmagns umfram aukningu í eftirspurn þýðir auðvitað að raforkuverð lækkar, og því erum við að borga í kringum 30 Bandaríkjadali með flutningsgjöldum fyrir megavattstundina í Bandaríkjunum um þessar mundir. Ef þú hefðir spurt mig hvort þetta yrði staðan fyrir fimm árum síðan hefði ég ekki haldið það. En það er gott að þetta sé að gerast, við þurfum að auka hlutfall hreinnar orku.

*Hefur Ísland að þínu mati að einhverju leyti tapað samkeppnisforskoti sínu, í ljósi þess að uppbygging endurnýjanlegrar orkuframleiðslu hefur verið hröð, meðan annars í Bandaríkjunum?* „Það er ekki hægt að reka álver eingöngu á sólarorku. Kannski eftir 10 ár þegar rafhlöðutækni hefur hugsanlega fleygt fram með þeim hætti að það sé hægt, en ég efast um það. Maður veit þó aldrei.

Vatnsafl og jarðvarmi hafa það umfram sólar- og vindorku að þeir orkugjafar eiga ekki á hættu að missa skyndilega afl, eins og gerist þegar vindurinn hættir að blása eða ský dregur fyrir sólu í tilfelli vind- og sólarorku.“

**Hraðar verðhækkanir**

Álverð hefur hækkað hröðum skrefum á síðastliðnum 14 mánuðum. Verð á áli fór niður í næstum því 1400 Bandaríkjadali fyrir tonnið í apríl á síðasta ári, þegar heimsfaraldurinn hafði læst klónum í alla heimsbyggðina og óvissan var mikil um hvenær sæi fyrir endann á ástandinu. Bless segir að ástæða ríflega 70 prósent hækkunar álverðs á síðasta rúma árinu sé tvíþætt.

„Ein þeirra skýrist af þróun til skemmri tíma og önnur til lengri tíma. Til skemmri tíma er skýringin á hækkun álverðs sú að í kjölfar þeirrar kreppu sem hófst fyrir alvöru í byrjun síðasta árs hrundi verð á flestum hrávörum. Eftirspurn áls hrundi en álver eru þess eðlis að það er ekki hægt að drepa á þeim, þau þurfa alltaf að halda áfram að framleiða á vissum lágmarksafköstum.

En hins vegar hættu okkar viðskiptavinir að panta hjá okkur vöru og það sama gilti um allflesta álframleiðendur heims. Þetta var einkum tilfellið í Evrópu, en þar lagðist iðnaðarframleiðsla af miklu hraðar en til dæmis í Bandaríkjunum á fyrri hluta síðasta árs. Sem dæmi má nefna að þrýstimótun áls (e. extrusion) lagðist nánast af um nokkurra mánaða skeið í álfunni.

Álframleiðendur þurftu samt að keyra álverin áfram og þess vegna fór verðið afar langt niður. Síðan tók eftirspurn við sér aftur snemma á þessu ári og verðið rauk upp á ný. Við sjáum líka að álag á ýmsar áframunnar vörur, svosem álbolta (e. billets), er um það bil 1000 Bandaríkjadölum yfir LME-álverðinu. Þetta álag hefur verið um 250 Bandaríkjadalir á síðastliðnum árum, en þetta er til marks um einstaklega kröftuga eftirspurn,“ segir hann.

Bless bendir þó einnig á að aðrir kraftar séu að verki. „Sjálfbærni iðnaðarframleiðslu er eitt það mikilvægasta sem kaupendur og seljendur hrávara leggja áherslu á um þessar mundir. Framleiðsla áls er ein sú orkufrekasta sem til er, en hins vegar býr málmurinn yfir einstökum eiginleikum. Það er hægt að endurvinna ál fimm til sjö sinnum áður en það hættir að vera nothæft, en það er ekki hægt að segja það um neinn annan málm sem framleiddur er á stórum skala. Fleiri og fleiri hafa áttað sig á þessari staðreynd. Þess vegna er augljóst að út frá sjálfbærnisjónarmiðum er ál einn besti kosturinn í margs konar iðnaðarframleiðslu.“

**Vatnaskil í Kína**

Frá aldamótum hefur framleiðsla áls í Kína aukist hröðum skrefum. Landið á miklar kolabirgðir sem og báxítbirgðir, sem þýddu að álframleiðsla óx hröðum skrefum upp úr aldamótum. „Nákvæmlega núna er álmarkaðurinn í Kína í jafnvægi, stundum flytja þeir smáræði út og stundum þurfa þeir að flytja inn – ólíkt því sem var á árunum 2011-2019,“ segir Bless.

Hann bendir á að í kringum árið 2000 framleiddi Kína um það bil 20 prósent af áli heimsins en fljótlega verði þetta sama hlutfall nærri 60 prósent. „Kínverjar eiga töluvert af báxíti en þeir eiga enn þá meira af kolum. Ál er oft kallað orka í föstu formi, sökum þess hversu orkufrekt er að framleiða það.

Hins vegar er staðan orðin sú núna að raforkuverð í Kína er um það bil tvöfalt hærra en til að mynda í Bandaríkjunum. Megavattstundin í Kína kostar núna um 60 Bandaríkjadali á meðan afhent orka í Bandaríkjunum kostar um 28 til 32 Bandaríkjadali fyrir megavattstundina, innan við helming af orkuverðinu í Kína.

Því er eðlilegt að Kínverjar hafi spurt sjálfa sig – hvers vegna erum við að flytja þessa dýru raforku út í formi áls? Er ekki eðlilegra að þeir sem njóti hagkvæmara raforkuverðs flytji út ál? En þrátt fyrir þetta héldu Kínverjar áfram að bæta við sína framleiðslugetu og margir klóruðu sér í kollinum yfir því, þar sem þeir höfðu í raun ekki samkeppnisforskot með tilliti til orkukostnaðar, sem er stærsti, einstaki kostnaðarliður álframleiðslu. Þeir eiga mikið af kolum, en flytja líka inn mikið af þeim.

Að miklu leyti snerist þetta um atvinnusköpun. Álver í Kína, sambærilegt að stærð og Grundartangi, skapar störf fyrir um 2500 manns, að undanskildum afleiddum störfum. Í samanburði starfa um 600 manns að Grundartanga þar sem tæknivæðing er töluvert meiri. Það er hins vegar margt sem bendir til þess að kínversk stjórnvöld séu að taka umhverfismálin fastari tökum um þessar mundir og því teljum við líklegt að það hafi bæði áhrif á innlenda framleiðslu áls og útflutning þess,“ segir Bless.

**Ísland er sterkt vörumerki**

Bless hefur þegar látið formlega af störfum en mun verða nýjum forstjóra til liðsinnis fram á fyrstu mánuði næsta árs. Stór hluti starfs hans hjá Century hefur snúið að Íslandi með einum hætti eða öðrum.

*Getur hann hugsað sér að starfa áfram á Íslandi í einhverju formi?*

„Ekkert er ákveðið í þeim efnum en Íslands er frábær staður til að stunda viðskipti. Hér er til alveg ótrúlega mikið af duglegu og hugmyndaríku fólki miðað við mannfjöldann. Ísland er mjög sterkt vörumerki, sérstaklega með tilliti til sjálfbærni. Heimurinn var lengi í afneitun gagnvart loftslagsbreytingum en það er loksins að breytast. Fá lönd hafa jafngóða sögu að segja og Ísland þegar kemur að sjálfbærni og hreinni orku. Við sjáum að Landsvirkjun er þegar að flytja út þekkingu í virkjunum svo að íslenskt hugvit getur gegnt mikilvægu hlutverki við orkuskipti um allan heim,“ segir Mike Bless, fráfarandi forstjóri Century Aluminum. ■

## Innflutningstollar á ál til Bandaríkjanna skiptu sköpum

Einn af öngum hins svonefnda viðskiptastríðs Donalds Trump, fyrrum forseta Bandaríkjanna, voru innflutningstollar á ál. Lagður var 10 prósent innflutningstollur á ál til Bandaríkjanna, með ýmsum undanþágum þó. Bless nefnir að ríkisstjórn núverandi forseta Joe Biden hafi viðhaldið sömu stefnu og jafnvel gengið harðar fram ef eitthvað er. Bless var meðal stjórnenda úr bandaríska álgeiranum sem voru viðstaddir á skrifstofu Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu þegar tollarnir urðu staðreynd með tilskipun forseta þar að lútandi. „Tollarnir þýddu að við gátum endurræst eitt álvera okkar í Kentucky í Bandaríkjunum. Álframleiðsla hefur dregist mikið saman í Bandaríkjunum á síðustu árum samfara framleiðsluaukningunni í Kína.“

Bent hefur verið á að ál sé strategískt mikilvægur málmur, einkum og sér í lagi fyrir land eins og Bandaríkin. Það sé notað í framleiðslu raftækja, bifreiða og hergagna svo eitthvað sé nefnt. Því sé ekki óskastaða að vera öðrum háður um aðgang að málminum. Þar að auki hefur OECD birt rannsókn sem sýnir að áliðnaður er niðurgreiddur um nánast allan heim, nema í Bandaríkjunum og á Íslandi.



Reisa átti álver af stærðargráðunni 270 til 360 þúsund tonn.

## Hefði viljað klára álverið í Helguvík

Fyrsta skóflustungan að fyrirhuguðu álveri í Helguvík var tekin í júní 2008, en fyrirhugað var að reisa álver af stærðargráðunni 270 til 360 þúsund tonn. Þegar fjármálakreppan reið yfir á árinu 2008 stöðvaðist verkefnið, en tveimur til þremur árum síðar hóf Century áframhaldandi vinnu við verkefnið. Hins vegar kom á daginn að ýmislegt vantaði upp á svo að álverið gæti risið.

Áhöld voru uppi um hvort næg orka væri fyrir hendi á Reykjanesskaga til að knýja álverið, sem hefði þurft um það bil 600 megavött af uppsettu afli. Álverð var einnig lágt á þessum tíma, eða á bilinu 1700 til 1800 Bandaríkjadalir fyrir tonnið. Í ljósi álverðstengingar orkusölusamninga á Íslandi var því erfitt fyrir samningsaðila að ná saman um raforkuverð sem gengi upp fyrir báða.

*En hvenær gerði Bless sér endanlega grein fyrir því að ekki yrði af byggingu álversins?* „Ég vildi óska þess að af byggingu álvers við Helguvík hefði orðið. Ætli það séu ekki svona þrjú eða fjögur ár síðan sem ég endanlega sætti mig við þessa niðurstöðu.

Auðvitað fór allt á ís þegar fjármálakreppan reið yfir árið 2008, en við reyndum í mörg ár að finna fjármögnunina og raforkuna til að klára verkefnið. Við erum vissulega búnir að afskrifa verkefnið af okkar bókum núna og þá sást hvaða fjármuni við höfum sett í verkefnið, um það bil 150 milljónir Bandaríkjadala (18 milljarðar íslenskra króna).“

## Spáir að álverð fari í 3.500 dollara innan fimm ára

Bandaríski fjárfestingabankinn sendi frá sér greiningu á álmarkaði fyrr í þessum mánuði. Fram kemur að málmurinn og framleiðsla hans feli í sér ákveðna mótsögn. Á sama tíma og álframleiðsla sé að baki tveimur prósentum allrar losunar koltvísýrings af mannavöldum, þá sé málmurinn lykillinn að orkuskiptum og minnkun útblásturs. Það er meðal annars vegna þess að hann sé nauðsynlegur við framleiðslu hluta líkt og sólarorkupanela og rafmagnsbíla. Goldman Sacks spáir því að álverð muni hækka hratt og örugglega á næstu árum og ná verðinu 3500 Bandaríkjadölum á tonnið árið 2025. Það þýðir um 45 prósent hækkun frá núverandi verði, sem hefur þó hækkað um meira 70 prósent frá því að það náði sínum mestu lægðum í kórónukreppunni. Benda sérfræðingar bankans á að allt leggist á eitt við að styðja við álverð á næstu árum. Kínverjar gera nú strangari mengunarkröfur við framleiðslu og grænir skattar í Evrópu fara inn í kostnaðinn við framleiðslu þar. Að sama skapi er líklegt að svokölluð kolefnislandamæri verði tekin upp í Evrópu, þar sem innflutningstollar verði lagðir á ál sem framleitt er með kolum, jarðgasi eða öðrum orkugjöfum sem eru einna mest mengandi með tilliti til losunar koltvísýrings. Á sama tíma er eftirspurn að aukast mjög í Evrópu, en þar hefur framleiðslugeta áls dregist saman síðustu 20 ár og engar nýjar fjárfestingar í framleiðslu hafa átt sér stað um skeið.

## Skotsilfur

### Allt með felldu



**Magnús Harðarson**
forstjóri Nasdaq á Íslandi.

Enginn skortur er á fjölmiðlamönnum, stjórnmálamönnum og öðru áhrifafólki sem reyna að selja almenningi þá hugmynd að hér ríki djúpstæð misskipting, eymd og volæði. Veruleikinn er hins vegar vægðarlaus í þeirra garð. Nýjustu tölur frá Nasdaq sýna að yfir 32.000 einstaklingar eiga hlut í félagi sem skráð er á hlutabréfamarkað, eða um 9 prósent landsmanna. Hlutfallið var 2,5 prósent í lok árs 2019. Þá sýna nýjustu ársfjórðungstölur um almenna vinnumarkaðinn að laun verkafólks hækkuðu um 13,5 prósent milli ára en laun stjórnenda einungis um 1,9 prósent. En sölumenn eymdarinnar láta veruleikann ekki flækjast fyrir sér. Þeir finna alltaf leið til að snúa hlutunum á hvolf. ■

### Einokun á undanhaldi



**Arnar Sigurðsson**
eigandi Sante.

Nú spretta upp netverslanir sem fylgja fordæmi Sante wines með því að selja áfengi beint til neytenda og afhenda samdægurs. Það er sigur fyrir neytendur, sem njóta lægra verðs og mun betri þjónustu en ríkisverslunin hefur boðið upp á, en jafnframt mikill skellur fyrir þá sem þrá að leggja hvers konar höft á samborgara sína. Kannski er tímabært að þeir sætti sig við ósigur í þessu máli og beini kröftum sínum annað. Það virðist nefnilega ekki skipta máli hvort áfengisfrumvarpið fer í gegn eða ekki; ríkiseinokunin er á undanhaldi. ■

### Meiri eftirspurn í reynd



**Birgir Jónsson**
forstjóri Play.

Ekki er hægt að segja annað en að hlutafjárútboð Play hafi gengið vonum framar. Flugfélaginu bárust áskriftir að fjárhæð 33,8 milljarðar króna sem þýðir að umframeftirspurn eftir hlutabréfum þess var áttföld. Nærtækt er að bera niðurstöðurnar saman við hlutafjárútboð Icelandair síðasta haust sem þótti einstaklega vel heppnað. Icelandair bárust áskriftir upp á 37,4 milljarða króna en inni í þeirri upphæð er sjö milljarða tilboð Michelle Ballarin sem engin innistæða var fyrir. Ef leiðrétt er fyrir tilefnislausu tilboði Ballarin var eftirspurnin í útboði flugsprotans um þremur milljörðum meiri en eftirspurnin eftir bréfum rótgróna flugfélagsins. ■

## Reiðubúinn að fjárfesta ríkulega í Starlink



Elon Musk segir að eldflaugafyrirtækið hans, SpaceX, sé reiðubúið til að fjárfesta fyrir allt að 30 milljarða Bandaríkjadala í Starlink sem myndar gervihnattanet í kringum jörðina til að veita netaðgang um allan heim. Nú þegar er það með 70 þúsund notendur í tólf löndum. Horft er til þess að veita netaðgang um allan heim (nema á pólunum) í ágúst og vera með hálfa milljón notenda eftir tólf mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fjármálafyrirtæki og Loftslagsvegvísir atvinnulífsins



Arnar I. Jónsson, sérfræðingur hjá SFF.



Kristín Lúðvíksdóttir, sérfræðingur hjá SFF.

Markmið íslenskra stjórnvalda er að landið verði kolefnishlutlaust eigi síðar en árið 2040. Til þess að það markmið náist þurfa allir að róa í sömu átt. Atvinnulífið hefur tekið ábyrgð og mun ekki láta sitt eftir liggja þegar kemur að aðgerðum í loftslagsmálum. Loftslagsvegvísir atvinnulífsins er mikilvægt innlegg sem greinir stöðu mismunandi atvinnuvega í loftslagsmálum og bendir á þau tækifæri og þær áskoranir sem hver grein stendur frammi fyrir og vísar veginn áfram.

Mismunandi atvinnuvegir hafa mismunandi möguleika til þess að leggja sitt af mörkum. Í tilfelli fjármálafyrirtækja er oft ekki um bein áhrif að ræða sem eru vel greinanleg við fyrstu sýn. Engu að síður spila fjármálafyrirtæki mikilvægt hlutverk í því að samfélagið nái kolefnishlutleysi.

Í Loftslagsvegvísi atvinnulífsins er farið yfir stöðu fjármálafyrirtækja í loftslagsmálum og þau markmið sem þau setja sér. Fjármálastarfsemi losar lítið af gróðurhúsalofttegundum ein og sér, skrifstofustarfsemi er almennt ekki stór losunaraðili. Þrátt fyrir að losun starfseminnar sé lítil eru áhrif fjármálastarfsemi mun meiri í heildarsamhenginu og mikilvægt er að fjármálafyrirtæki greini áhrif starfseminnar á útblástur kolefnis á Íslandi. Tiltölulega einfalt er að greina beina kolefnislosun á starfsemi fjármálafyrirtækja og gera úrbætur þar á, til dæmis varðandi ferðir starfsmanna ásamt því að huga að innkaupum á vörum og þjónustu. Þær niðurstöður eru birtar af flestum fjármálafyrirtækjum í sjálfbærniskýrslum. Flóknara er að greina áhrif fjárfestinga og útlánastarfsemi. Sú vinna er þó hafin og verður spennandi að sjá þróun næstu missera við greiningu á afleiddum áhrifum fjármálastarfsemi. Einnig er mikilvægt að greina áhrif fjármálastarfsemi út frá sjónarhóli áhættustýringar þar sem verkefni sem teljast arðbær til skemmri tíma geta haft neikvæð áhrif til lengri tíma í gegnum aðra óskylda þætti. Þörf er á að fjármálafyrirtæki nýti staðlaða aðferðafræði í greiningum á fjárfestingakostum og útlánum sínum til að nýta megi þær greiningar heildstætt fyrir málaflokkinn.

**Fjármálafyrirtæki í lykilsstöðu**

Græn fjármögnun og fjárfestingar hafa fengið aukið vægi undanfarin ár, þar er augljósast að nefna græna fjármögnun bíla- og húsnæðislána á hagstæðari kjörum ásamt útgáfum grænna skuldabréfa. Horfa verður á arðsemi slíkra útlána og fjárfestinga en reynslan sýnir að grænar fjárfestingar hafa skilað ekki síðri ávöxtun en hefðbundnar fjárfestingar. Þá hefur fjöldi grænna skuldabréfa og sjóða sem fjárfesta í grænum verkefnum aukist mikið hérlendis og erlendis. Frá sjónarhóli neytenda og fyrirtækja er mikilvægt að aðgangur að grænni fjármögnun og lánum aukist í takt við auknar áherslur viðskiptavina á málaflokkinn. Einnig er mikilvægt að sá rammi og þeir hvatar sem settir eru um slíka starfsemi séu skýrir og skili ábata. Stuðningur, þekking og framboð fjármálafyrirtækja á slíkum vörum mun skipta miklu fyrir getu atvinnulífsins til að taka þátt í breytingunum. Mikilvægt er að stjórnvöld og hagaðilar vinni að skýrri lagaumgjörð og móti þá hvata sem stýrt geta þróuninni. Þörf er á aukinni fjárfestingu í grænum lausnum og nýsköpun. Morgunljóst er að ríkið mun ekki hafa getu til að fjármagna allar þær fjárfestingar sem ráðast þarf í á komandi árum. Þar munu fjármálafyrirtæki koma að ferlinu með auknum hætti.

> Morgunljóst er að ríkið mun ekki hafa getu til að fjármagna allar þær fjárfestingar sem ráðast þarf í á komandi árum.

Staðan er því góð og mörg verkefni komin vel á veg hjá fjármálafyrirtækjum, þau eru í lykilstöðu í að tengja fjármagn við verkefni sem leiða samfélagið í átt að kolefnishlutleysi. Ánægjulegt er að sjá þann kraft sem fyrirtækin hafa lagt í málaflokkinn og þá viðhorfsbreytingu sem orðið hefur gagnvart grænum fjárfestingarkostum og mikilvægi fjármálafyrirtækja á undanförnum misserum. Atvinnulífið ætlar að leggja sitt af mörkum til að leysa loftslagsvandann. Til þess að þessi mikilvægu markmið náist er einnig mikilvægt að ríkisvaldið styðji við þróunina með skýru verklagi og hvötum þarf sem við á. ■



Haukur Þór Hannesson, framkvæmdastjóri AGR Dynamics. Fyrirtækið velti um milljarði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sjóður VEX kaupir um 40 prósent í AGR Dynamics

**Hugbúnaðarfyrirtækið AGR Dynamics hefur vaxið um 25 prósent á ári í 15 ár. Fengu 650 milljónir króna í aukið hlutafé til að halda vextinum áfram.**

helgivifill@frettabladid.is

Framtakssjóður á vegum VEX hefur eignast um 40 prósenta hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu AGR Dynamics sem velti um milljarði króna í fyrra. Sjóðurinn tók þátt í 650 milljóna króna hlutafjáraukningu eins og aðrir stórir hluthafar og aðilar þeim tengdum og keypti hluti Frumtaks og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins en það gerðu aðrir hluthafar AGR Dynamics einnig. Þetta segir Haukur Þór Hannesson, framkvæmdastjóri AGR Dynamics, í samtali við Markaðinn.

AGR Dynamics, sem stofnað var árið 1997 og er með rúmlega 70 starfsmenn, hefur þróað hugbúnað sem gerir söluspár fyrir heild- og smásala. Þær gera viðskiptavinum kleift að lágmarka bundið fé í birgðum, draga úr sóun og auka þjónustu. Fyrirtækið sinnir um tvö hundruð viðskiptavinum í 15 löndum en um 90 prósent teknanna koma erlendis frá. AGR Dynamics rekur starfsstöðvar á Íslandi, í Danmörku, Bretlandi og Kanada.

Haukur Þór segir að fyrirtækið hafi vaxið um 25 prósent á ári í 15 ár. Fyrirtækið, sem þrói hugbúnaðinn hér á landi, hafi verið rekið réttum megin við núllið undanfarin ár. Hið nýja hlutafé verði nýtt til að halda vextinum áfram „og gefa jafnvel í hvað það varðar“. Fjármagnið verði fyrst og fremst nýtt til að efla sölu- og markaðsmál á heimamörkuðum sem séu í Norður-Evrópu og Ameríku. Eins fari hluti af fjármagninu í þróun á skýjalausn sem sé sniðin fyrir minni og millistór fyrirtæki.

Fyrir kaupin átti vísisjóðurinn Frumtak 29 prósenta hlut í AGR Dynamics og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sex prósenta hlut. „Frá því að vísisjóður Frumtaks gerðist hluthafi hefur fyrirtækið tífaldast að stærð,“ segir hann og bætir við að sjóðirnir hafi ávaxtað sitt fé vel.

Á meðal viðskiptavina séu verslanakeðjur sem reki hundruð verslana, eins og til dæmis Søstrene Grene, sem reki 300 verslanir í sjö löndum. „Þetta eru umfangsmiklar aðfangakeðjur sem byggja á því að kerfið okkar taki ákvörðun um hve mikið eigi að kaupa inn af hverri einustu vöru í hverri einustu verslun til að tryggja að varan sé til þegar viðskiptavinir þurfa á henni að halda en á sama tíma að eiga eins lítið af henni og mögulegt er til að halda fjárbindingu í birgðum í lágmarki,“ segir hann.

Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Frumtaks, segir að AGR Dynamics hafi verið ein af fyrstu fjárfestingum Frumtaks árið 2009. „Félagið hefur á þessum tíma orðið leiðandi í birgðastýringalausnum og sýnt og sannað hvað slíkar lausnir þurfa til að bera til að skila þeim árangri sem til er ætlast. Nú þegar Frumtak hefur lokið vegferð sinni með félaginu er ánægjulegt að sjá sterka fjárfesta koma að félaginu sem gerir því kleift að nýta þá miklu vaxtarmöguleika sem eru fyrir hendi,“ segir hún.

> **Þetta eru umfangsmiklar aðfangakeðjur sem byggja á því að kerfið okkar taki ákvörðun um hve mikið eigi að kaupa inn af hverri einustu vöru í hverri einustu verslun**

VEX, sem stýrt er af Benedikt Ólafssyni og Trausta Jónssyni, rekur tíu milljarða framtakssjóð. Þeir stöfuðu saman á árum áður hjá Stefni, sjóðastýringu í eigu Arion banka. Á meðal þeirra sem lögðu sjóðnum, sem ber nafnið VEX I, til fé eru helstu lífeyrissjóðir landsins, tryggingafélagið VÍS og ýmsir einkafjárfestar eins og Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood International. Um er að ræða fyrstu fjárfestingu sjóðsins. Hann fjárfestir í óskráðum fyrirtækjum, sem eru að sækja nýtt hlutafé til vaxtar, auk stöndugra félaga þar sem tækifæri eru til umbóta og aukinnar virðissköpunar. Sjóðurinn áformar að fjárfesta í fjórum til átta fyrirtækjum og að eignarhaldstími í hverju félagi verði á bilinu þrjú til sjö ár.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka sá um sölu- og fjármögnunarferlið og var ráðgjafi AGR Dynamics, Frumtaks og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í viðskiptunum. ■

### Uxu um 57 prósent árið 2019

Tekjur AGR Dynamics uxu um 57 prósent á milli áranna 2018 og 2019 í 945 milljónir króna. Tekjurnar jukust einungis um nokkur prósent í fyrra, að sögn Hauks Þórs, sem rekja megi til áhrifa af Covid-19. Eins og fyrr segir hefur félagið vaxið að meðaltali um 25 prósent undanfarin 15 ár.

Árið 2019 hagnaðist AGR Dynamics um 34 milljónir og um 30 milljónir króna árið 2018. Arðsemi eiginfjár var tólf prósent á árinu 2019. Eigið fé félagsins var 304 milljónir króna við árslok 2019 og eiginfjárhlutfallið var 55 prósent.

# Keypti gjaldeyri fyrir 15 milljarða í kringum útboð Íslandsbanka

thorsteinn@frettabladid.is

Seðlabanki Íslands hefur keypt gjaldeyri fyrir 15 milljarða króna frá miðjum júní til þess að vega upp á móti innflæði vegna þátttöku erlendra fjárfesta í hlutafjárútboði Íslandsbanka.

„Kaupin um miðjan júní tengjast sölu Íslandsbanka og aðkomu erlendra fjárfesta,“ segir Stefnir Kristjánsson, gjaldeyrismiðlari hjá Landsbankanum.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri í þremur skömmtum í kringum hlutafjárútboð bankans. Fyrst keypti hann fyrir 3,7 milljarða króna, síðan 9 milljarða og loks 2,3 milljarða. Frá áramótum hefur Seðlabankinn keypt gjaldeyri fyrir 21 milljarð króna en til að setja það í samhengi voru samanlögð gjaldeyriskaup bankans á árunum 2018, 2019 og 2020 um 14,5 milljarðar króna.

Stefnir bendir á að Seðlabankinn hafi skilgreint sig sem sveiflujafnara. Bankinn beiti sér á kaup- og söluhlið til þess að draga úr sveiflum og vilji sérstaklega mæta flæði sem tengist stórum fjárfestingahreyfingum.

„Hegðun Seðlabankans er í fullu samræmi við aðkomu hans að markaðinum síðustu misseri og má búast við áframhaldandi afskiptum. Í þessu styrkingartrendi sem er í gangi mun sennilega reyna meira á þessa hlið á næstu vikum og mánuðum, þ.e. Seðlabankinn kaupir gjaldeyri,“ segir Stefnir.



Bankinn er á kaupendahliðinni.

> **Gjaldeyriskaup bankans 2018-2020 voru samtals 14,5 milljarðar.**

„Við lítum ekki svo á að hann sé að verja ákveðin gildi eða hann muni stöðva styrkinguna, heldur fyrst og fremst að koma í veg fyrir óæskilega spíralmyndun,“ bætir hann við.

Áætlað markaðsvirði Íslandsbanka, miðað við útboðsverð, var 158 milljarðar króna og áætlað var að erlendir fjárfestar hefðu fengið úthlutun sem nemur um 11 prósentum af heildarhlutafé bankans. Má því ætla að innflæði vegna kaupa erlendra fjárfesta í bankanum hafi verið í kringum 17 milljarðar króna. ■

Setberg

**Ein elsta starfandi bókaútgáfa landsins er til sölu.**

Bókaútgáfan Setberg hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1950. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í útgáfu barnabóka síðustu ár og hefur velta verið á bilinu 30-50 m.kr.

Árlega eru gefnir út um 20 titlar, að mestu þýðingar á erlendum titlum og er dreifing góð í bókabúðir og helstu verslanir. Síðasta rekstrarár útgáfunnar var mjög gott og eru ágætis horfur framundan með nýjum möguleikum í rekstri.

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF
kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | MIÐVIKUDAGUR 30. júní 2021

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is
Instagram fréttablaðsins
@frettabladid

## Veritas með 25 milljarða króna tekjur

thorsteinn@frettabladid.is

Veritas Capital, sem á og rekur fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu til heilbrigðisgeirans, hagnaðist um 950 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 660 milljónir árið 2019.

Tekjur samstæðunnar í fyrra námu 24,9 milljörðum og jukust um 4,6 milljarða, en það er 20 prósenta aukning á milli ára.

Þá jukust rekstrargjöld úr 19,5 milljörðum króna í 23,7 milljarða á milli ára. Í lok ársins nam eigið fé samstæðunnar ríflega 3,5 milljörðum króna.

Dótturfélög í samstæðu Veritas eru Artasan, Distica, MEDOR, Stoð og Vistor. Þau eru samstarfsaðilar fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja, sérhæfa sig í innflutningi, vörustjórnun og dreifingu lyfja hjúkrunarvarara, rannsóknartækja og annarra vara fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Hreggviður Jónsson, aðaleigandi félagsins, er með um 79 prósenta hlut í gegnum einkahlutafélagið Stormtré ehf. ■



„Ég held ég hafi lesið mun fleiri ársreikninga banka en þið til samans

Ásgeir Brynjar Torfason, doktor í viðskiptafræði

■ Skoðun



Helgi Vífill Júlíusson

## Bankablús

Flestir sem stigið hafa fram og gagnrýnt sölu ríkisins á 35 prósenta hlut í Íslandsbanka eiga það sammerkt að vera einfaldlega mótfallnir einkavæðingu banka og eru fylgjandi því að ríkið eigi jafnvel fleiri en einn banka. Gagnrýni þeirra á hlutafjárútboðið ber að skoða með þeim augum.

Hlutafjárútboð og skráning Íslandsbanka var glæsileg. Þetta er áfangi sem ber að fagna. Það stenst ekki skoðun að verðkennitölur Íslandsbanka eigi að vera þær sömu og hjá Arion banka eins og sumir vilja halda fram. Markaðsvirði fyrirtækja byggir á væntri arðsemi þeirra og grunnrekstur Arion banka er arðbærari en hjá Íslandsbanka.

Andstæðingar bankasölunnar gera mikið með það að útboðsgengið hafi verið ígildi þess að hver króna af eigin fé Íslandsbanka hafi verið keypt á 0,85 krónur. Það ætti ekki koma spánskt fyrir sjónir enda fást bankar í Evrópu að meðaltali fyrir minna. Þegar virði hlutafjár er lægra en eigið fé er það oftast merki um að reksturinn rísi ekki undir arðsemiskröfu.

Það að ríkið eigi mikinn meirihluta í bankanum getur dregið úr virði hans. Ríkið ræður alfarið för og því getur verið erfitt fyrir aðra hluthafa að koma til leiðar umbótum í rekstri. Aukinheldur skapast sú hætta ef einkum litlir hluthafar eiga í banka, en stærri einkafjárfestar fengu lítið í útboðinu, að það skorti fjárfesta sem hafa þekkingu á bankarekstri sem geti veitt stjórnendum bankans leiðsögn og aðhald. Enn fremur er það yfirlýst stefna ríkistjórnarinnar að selja Íslandsbanka að fullu. Það þýðir að mikið framboð kunni að vera í uppsiglingu af hlutabréfum bankans sem gæti stuðlað að lægra hlutabréfaverði.

Ríkissjóður er skuldum hlaðinn eftir björgunaraðgerðir til að takast á við afleiðingar af Covid-19 heimsfaraldrinum. Mikilvægt er að grynnka á skuldunum með eignasölu. Salan á hlut í Íslandsbanka leiðir til þess að ríkið þarf að sækja minna fé á skuldabréfamarkað. Það gæti orðið þess valdandi að vaxtabyrði ríkissjóðs af skuldabréfamögnun verði minni þar sem ávöxtunarkrafan lækkar vegna væntingar um minni útgáfu ríkisskuldabréfa. Framboð og eftirspurn ræður för á skuldabréfamarkaði. Þannig að þótt bankinn hafi verið seldur á afslætti gæti það verið unnið upp með lægri fjármögnunarkostnaði. ■

Sterkari saman í sátt við umhverfið
UMHVERFISMERKI
LITRÓF
GuðjónÓ
Prenttækni
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

SUMARFRÍ
4 VIKUR
26 kr.
AFSLÁTTUR
Skráðu þig á orkan.is
Skipuleggðu sumarfríið vel og vertu með afslátt í áskrift



Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti*** með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt á Icelandair hóteli með morgunmat fyrir tvo, 50.000 kr. eldsneytisinneign, lesbretti og 12 mánaða áskrift að Storytel eða aðgang fyrir tvo í Sky Lagoon.**

**Orkan — Ódýrasti hringurinn**

*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð — skilyrðislaust.

# NÁÐU HÁMARKS ÁRANGRI MEÐ

# NEUBRIA







## SLEEP

**SVEFN & SLÖKUN**

Inniheldur tryptófan, humla, sítrónumelissu, kamillu, saffran og magnesíum.

Góður kostur fyrir þá sem eru að leita lausna við að ná meiri slökun og bæta svefngæði.

## FOCUS

**SKÝRLEIKI & EINBEITING**

Inniheldur koffín, co-enzyme Q10, Sítrónólín, Bacopa monnieri, Aswagandha, Ginkgo bilboa, Salvíu, lútín, zeaxantín, bláber og rósmarín.

Góður kostur t.d. fyrir þá sem eyða miklum tíma fyrir framan skjái.

## MEMORY

**ATHYGLI & MINNI**

Inniheldur Túrmerik, Aswagandha, Bacopa monnieri, Rósmarín extract, Ginkgo bilboa, Sítrónólín og Co-enzyme Q10.

Góður kostur fyrir þá sem vilja náttúrulega leið til að efla athygli og minni.

## ENERGY

**ORKA & ÚTHALD**

Inniheldur koffín, grænt te, L-theanine, Guarana, kakóþykkni, kóreskt-, síberísk- og amerískt Ginseng, vítamín B3, B5, B6, B9 og B12.

Góður kostur t.d. fyrir fólk sem drekkur ekki kaffi eða sykraða drykki og vantar aukna orku.

**Útsölustaðir: Apótek, heilsuhillur stórmarkaða og á Heimkaup.is**

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Svartur - hvítur og Dökkgrár. 800.000 undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Bátar




## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Önnur þjónusta




## Keypt & Selt

### Til sölu






**TILBOÐ**
Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

3ja herbergja íbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu, laus fljótlega. Bílskúr með bílastæði getur fylgt. Uppl. í síma 8456140.

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús.

S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óskar eftir góðum manni í húsaviðgerðir. Helst vönum - en þó ekki skilyrði. Uppl. í s. 780 2838, Rúnar















Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að aðalskipulagi Árborgar:*

**1. Aðalskipulag Árborgar 2020 - 2036**
Sveitarfélagið Árborg hefur á yfirstandandi kjörtímabili unnið að heidlarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Tillagan tekur til alls landsvæðis innan sveitarfélagsins og hvernig því er skipt niður í landnotkunarflokka. Opnir kynningarfundir verða haldnir á komandi hausti fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila.

*Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst til kynningar eftirfarandi lýsing deiliskipulagstillögu:*

**2. Múlabyggð - Deiliskipulagslýsing**
Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 24. júní 2021 að auglýsa til kynningar lýsingu að deiliskipulagi fyrir Múlabyggð, Sveitarfélaginu Árborg. Megináhersla deiliskipulagsins er að bjóða upp á stórar íbúðarlóðir í lálægð við þéttbýli þar sem heimilað verði meira byggingarmagn en tíðkast á íbúðarhúsalóðum í Árborg í dag. Skipulagið skiptist í tvo hluta þar sem annar hlutinn eða um 120 hektarar eru skipulagðir fyrir íbúðarhúsnæði. Hinn hluti skipulagsins er um 45 hektarar þar sem gert er ráð fyrir hesthúsabyggð og svæði fyrir hestatengda starfsemi.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:*

**3. Móskógar – Deiliskipulag**
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 9. júní 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Móskóga, Sveitarfélaginu Árborg. Tillagan tekur til byggingar á tveimur lóðum, hvor um sig um 1 ha, sem skipt er úr jörðinni Móskógum. Heimilt verður að byggja íbúðarhús, bílskúr og skemmu á hvorri lóð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammmi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Mál 1 og 2 eru í kyningu frá 30.06.2021 til og með 14.07.2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 14.07.2021.

Mál 3 er auglýst með athugasemdafresti frá 30.06.2021 til og með 11.08.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 11.08.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

***Anton Kári Halldórsson***
***Skipulagsfulltrúi Árborgar***

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur

### Aðalskipulagsmál

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

**1. Eyjarland L167649 – Landbúnaðarland í iðnaðarlóð – Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að landbúnaðarland á lóð Eyjarlands er breytt í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

**2. Skálabrekka Eystri og Skálabrekka Miðhluti, breyting á landnotkun**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 6. maí 2021 að auglýsa breytingar á aðalskipulagi sem tekur til Skálabrekku Eystri og Skálabrekku Miðhluta. Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði innan Skálabrekku Miðhluta, L170163 breytist í frístundasvæði og ný skilgreining frístundabyggðar innan jarðar Skálabrekku Eystri, L224848 þar sem flákar innan jarðarinnar eru sameinaðir í eitt samfellt svæði, stærð svæðisins helst óbreytt. Leitað var samþykkis Skipulagsstofnunnar fyrir auglýsingu breytinganna sem voru settar fram í tveimur aðskildum tillögum. Stofnunin gerði ekki athugasemd við auglýsingu skipulagsbreytinganna með fyrirvara um að málin væru sameinuð undir eina aðalskipulagsbreytingu. Brugðist var við umsögn Skipulagsstofnunnar fyrir auglýsingu.

*Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:*

**3. Hrosshagi 5 L228433 – Hrosshagi 5b, smábýli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Hrosshaga 5. Í deiliskipulaginu felst að landinu er skipt upp í tvær landeignir þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsum, útihúsum, hesthúsum og gestahúsum.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:*

**4. Krækishólar lóð L166421; Stækkun skipulagsreits; Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2021 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Krækishóla lóð, L166421. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðisins sem skal taka til spildunnar í heild sinni. Svæðið er skilgreint sem frístundabyggð í aðalskipulagi. Eftir breytingu verða 13 frístundalóðir innan deiliskipulagsins. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt sumarhús á allt að tveimur hæðum og 1 gestahús, samanlagt allt að 160 fm. Þar af er gestahús að hámarki 40 fm. Hámarkshæð sumarhúss í mæni er 6 metrar frá gólfplötu og 4 metrar á gestahúsi. Mænisstefna er frjáls og þakhalli á bilinu 0-45°.

**5. Vælugerðiskot L166404 og Þingdalur land L209949 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag í landi Vælugerðiskots og Þingdals. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, reiðskemmu og vélaskemmu.

**6. Sviðugarðar land L210074; Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag í landi Sviðugarða, L210074. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit innan landsins þar sem gert er ráð fyrir allt að 100 fm sumarhúsi, 40 fm gestahúsi og 25 fm geymslu.

**7. Ás 1 spilda 5 L204636, Ásgarður – Deiliskipulag**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Áss 1 spildu 5, L204636. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu 200 fm frístundahúss, 70 fm gestahúss og 30 fm geymslu.

**8. Ártangi L168272 – Ný lóð og stækkun byggingarreits – Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. júní 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Ártanga, L168272. Í breytingunni felst skilgreining á nýrri lóð og stækkun á byggingarreit.

**9. Stóranefsgata 4 L167678 – Breyting á þakhalla – Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til deiliskipulags frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III. Í breytingunni felst að rýmkaðar eru heimildir er varðar þakhalla innan svæðisins. Núverandi skilmálar gera ráð fyrir að þakhalli skuli vera á bilinu 14-60°. Eftir breytingu verði þakhalli innan svæðisins heimilaður 0-60°.

**10. Lækjarhvammur, Lóðir 4 og 5 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 24. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til lóða Lækjarhvamms 4 og 5 innan frístundasvæðis F20. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda innan lóðanna þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu sumarhúss, gestahúss að 40 fm og geymslu allt að 15 fm, innan hámarks nýtingarhlutfalls 0,03. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bókaði að óska ætti eftir endurnýjun á umsögn ráðuneytisins frá 2009 er varðar heimildir vegna fjarlægðar frá Grafará.

**11. Skálabrekka L170163, frístundasvæði – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 24. júní 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Skálabrekku miðhluta, L170163. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gert er ráð fyrir um 27 nýjum frístundalóðum á um 25 ha svæði auk þess sem skilgreindir eru byggingarreitir og byggingarheimildir innan svæðisins.

**12. Skálabrekka-Eystri L224848, frístundasvæði F10 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. maí 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Skálabrekku-Eystri, L224848. Svæðið sem um ræðir er um 38,6 ha að stærð. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gert er ráð fyrir 28 frístundalóðum innan svæðisins, nýtingarhlutfall lóða má ekki vera hærra en 0,03 en hámarks heildarbyggingarmagn húsa á lóðum má ekki fara umfram 300 fm. Innan lóða er heimilt að reisa auk frístundahúss, geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 fm.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.asahreppur.is/ , https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.floahreppur.is/ og https://www.gogg.is/

Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 1 er kynnt frá 30. júní 2021 til og með 23. júlí 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 23. júlí 2021. Aðalskipulagsbreyting í lið 2 er auglýst með athugasemdafresti frá 30. júní 2021 til og með 13. ágúst 2021. Deiliskipulagstillaga í lið 3 er kynnt frá 30. júní 2021 til og með 23. júlí 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 23. júlí 2021. Deiliskipulagsmál í liðum 4 – 12 eru auglýst með athugasemdafresti frá 30. júní 2021 til og með 13. ágúst 2021. Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 13. ágúst 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

***Vigfús Þór Hróbjartsson***
***Skipulagsfulltrúi UTU***

## Veðurspá Miðvikuagur




Sunnan og suðvestan 5-10, en 10-18 norðvestantil. Áfram dálítil væta vestantil og léttskýjað austanlands. Hiti 12 til 26 stig, hlýjast í innsveitum á Austurlandi. ■









## Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Levon Aronian (2781) átti leik gegn Alireza Firouzja (2759) á Goldmoney Asia Rapid á Chess24.

**30...Dxg1+! 0-1. Eftir 31. Kxg1 He1+ 32. Kg2 Bf1+ 33. Kg3 Rh5+** fellur hvíta drottningin. Aronian vann undankeppnina. Útsláttarkeppnin hófst í gær. Magnús Carlsen mætir Wesley So og ráðast úrslitin í dag.

**www.skak.is**: Goldmoney-mótið. ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 MÚLBINDA
5 TAUT
6 ÍÞRÓTTAFÉLAG
8 HNÝSAST
10 ÁTT
11 GÆFA
12 VEGSEMD
13 DREGGJAR
15 UPPRUNI
17 SKOPLEIKRIT

**LÓÐRÉTT**
1 OPINBERT
2 HLJÓÐA
3 SKORDÝR
4 NIÐURFELLING
7 RÆLNI
9 LASINN
12 GÆLUNAFN
14 GRYNNING
16 Í RÖÐ



**LÁRÉTT:** 1 kefla, 5 uml, 6 fh, 8 njósna, 10 na, 11 lán, 12 sæmd, 13 gróm, 15 tilurð, 17 farsi.
**LÓÐRÉTT:** 1 kunnugt, 2 emja, 3 fló, 4 afnám, 7 handæði, 9 slæmur, 12 sóla, 14 rif, 16 rs.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 |
| | 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMARÚTSALAN HAFIN Í BÓEL

**20-50% AFSLÁTTUR**





Trippen SKÓR
**-30%**

Fatnaður **RUNHHOLZ**, **studiob3** og
**K&KM -30** til **40%**



Mandarina Duck töskur
**-20 TIL 50%**




**Antipodes** lífrænt vottaðar
húðsnyrtivörur **-20%**

Bóel

**KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK**
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið mánud. - föstud. 12-18 laugard. 12-16
**www.boel.is**

## Samsýning í Gallerý Grásteini

Kolbrún Bergþórsdóttir

Samsýning listamanna stendur yfir í Gallerý Grásteini við Skólavörðustíg. Á sýningunni eru fjölbreytt verk af ýmsu tagi: ljósmyndir, vatnslitamyndir, olíumálverk, þæfð ullarverk, keramik og fleira.

Sýningin verður opin til 11. júlí og opið er mánudaga til laugardaga kl. 10–18 og sunnudaga kl. 11–17. ■



Verk eftir Þórdísi Sigfúsdóttur.






Helga tók þátt í að setja saman leiðsögn um drepsóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

# Fræðsla um drepsóttir

**Hamfarir og drepsóttir er yfirskrift leiðsagnar í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu á hverjum þriðjudegi í sumar klukkan 14.00.**

Kolbrún Bergþórsdóttir

Helga Vollertsen er meðal þeirra sem setti leiðsögnina saman. Leiðsögnin fer fram í grunnsýningu safnsins, „Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár“, sem staðið hefur í safninu frá árinu 2004.

„Við erum alltaf að skoða hvernig við getum nýtt grunnsýninguna til að beina augum að einstaka atriðum og skoða í samhengi við Íslandssöguna,“ segir Helga. „Oft hefur verið boðið upp á þemaleiðsagnir sem tengjast til dæmis kvennasögu, barnasögu, ritlist og tísku. Nú erum við með þemað Hamfarir og drepsóttir á þriðjudögum í sumar. Leiðsögumaður fer með hópinn gegnum sýninguna, bendir á og dregur fram atriði sem tengjast hamförum og drepsóttum, en það er stór þáttur af Íslandssögunni. Við höfum lifað með náttúrunni í gegnum aldirnar og hér hafa verið eldgos og frostavetrar og svo koma pestir; svarti dauði á miðöldum og spænska veikin, svo eitthvað sé nefnt.“

### Innsýn í daglegt líf

Spurð hvers konar hlutir eða efni sé sýnt segir Helga: „Það er flókið því hamfarir og drepsóttir tengjast skorti og dauða en við erum með ýmislegt. Við sýnum til dæmis jarðvegssnið frá Rangárvöllum þar sem hægt er að sjá öskufall. Eins er hægt að skoða niðurstöður margra rannsókna sem hafa verið gerðar í sambandi við landnámsöld. Einnig erum við með Hekluhólfið þar sem er fjallað um Þjórsárdal og eldgos sem hafa verið þar. Dalurinn lagðist svo til í eyði um tíma og þar fundust gripir sem tengjast hvunndeginum. Þegar fólk þarf að drífa sig burt í hvelli nær það ekki að taka með sér nema það allra helsta. Fólk skilur þá eftir hluti sem veita góða innsýn í daglegt líf.“

### Blessun Guðs

Meðal gripa sem skoða má er rúnakefli frá tímum svarta dauða með áletruninni: Guð blessi þig. „Sá frasi kom með svarta dauða,“ segir Helga. „Svarti dauði var tvenns konar, annars vegar kýlapest, sem var ljót að sjá en fólk lifði hana yfirleitt af, og svo var lungnapest sem endaði yfirleitt með dauða. Hún hófst með hósta eða hnerra sem svarað var með orðunum: Guð blessi þig.“

> **Leiðsögumaður fer með hópinn gegnum sýninguna, bendir á og dregur fram atriði sem tengjast hamförum og drepsóttum**

Þess má síðan geta að á fimmtudögum kl. 14 í sumar verður jafnframt boðið upp á leiðsögn um hjátrú og galdra á fimmtudögum, en á miðvikudögum klukkan 11 er barnadagskrá í Þjóðminjasafninu. Fjölskyldustundin „Veistu hvað?“ er nýjung í sumar, þar sem safnkennarar fjalla um ólík og spennandi þemu í hverri viku. ■

# Ævintýri Rowling kemur út hjá Bjarti

Kolbrún Bergþórsdóttir

Bókaútgáfan Bjartur hefur tryggt sér réttinn á nýju ævintýri J.K. Rowling sem nefnist Jólasvínið. Bókin kemur út samtímis um allan heim í október í haust, þar á meðal á Íslandi.

Jólasvínið er hugljúft en spennandi ævintýri um uppáhaldsleikfang drengs og hversu langt hann er tilbúinn til að ganga til að finna það. Þetta er fyrsta skáldsaga J.K. Rowling fyrir börn eftir að hún skildi við Harry Potter. Hún er sjálfstæð og tengist ekki fyrri bókum hennar.

Sagan fjallar um Jack sem á sér uppáhaldsleikfang, lítið tuskusvín. Svínið hefur fylgt honum alla tíð, í gegnum súrt og sætt. Þangað til aðfangadagskvöld eitt að hið hræðilega gerist: svínið týnist. En jólanótt er tími kraftaverkanna, nóttin þegar allir hlutir geta lifnað við. Og nýjasta leikfang Jacks, Jólasvínið, fær djarfa hugmynd. Saman leggja þeir upp í ævintýralegan leiðangur í leit að týnda leikfanginu.

Bókina prýða teikningar eftir Jim Field en hann er margverðlaunaður myndskreytir. Ingunn Snædal þýðir Jólasvínið. ■



Metsöluhöfundurinn J.K. Rowling sendir frá sér jólaævintýri sem kemur út um allan heim.

> **Bókin kemur út samtímis um allan heim í október í haust.**



# Stórútsala hafin
# 20%-50% afsláttur

Skoðið
**laxdal.is**

BERNHARÐ
LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Fylgdu okkur á Facebook

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR | GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.

ÚTSALAN ER HAFIN!




EKKI MISSA AF ÞESSU

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



# Miðvikudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 The Kokopelli Trail** Einn helsti hjólarúntur ævintýramanna farinn með glans og gleði.
**19.30 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
**20.00 Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

## RÚV Sjónvarp

**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Sumarlandabrot**
**11.20 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**11.35 Paradísarheimt**
**12.00 Brautryðjendur**
**12.25 Á meðan ég man**
**12.55 Íslendingar**
**13.45 Baráttan við veiruna: Leitin að bóluefni**
**14.35 Heilabrot**
**15.05 Söngvar um svífandi fugla**
**15.50 Grænlensk híbýli**
**16.20 Besta mataræðið**
**17.20 Örkin**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Múmínálfarnir**
**18.23 Hæ Sámur**
**18.30 Klingjur**
**18.41 Eldhugar – Annette Kellermann - hafmeyja**
**18.45 Gert við gömul hús**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Sumarlandabrot**
**19.45 Herör gegn hrotum** Danskur heimildaþáttur um hrotur. Talið er að einn af hverjum fimm Dönum hrjóti og meðal þeirra er blaðamaðurinn Oliver Zahle, sem hefur ófáar nætur verið sendur á sófann fyrir þær sakir. Nú hefur hann ákveðið að takast á við hroturnar og komast í leiðinni að ýmsu fróðlegu um þær.
**20.45 Mikilsverð skáldverk – Blómadalurinn - Niviaq Korneliussen**
**21.15 Neyðarvaktin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Háskaleg helgi í Bandaríkjunum** Heimildarmynd í tveimur hlutum um skotárásir í Bandaríkjunum. Sjónum er beint að einni ósköp venjulegri helgi í júlí 2015, þar sem 87 voru myrt og 197 særð víðs vegar um Bandaríkin. Fjallað er um nokkrar af árásum þessarar helgar og afleiðingar þeirra. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10 Flugslysið í Færeyjum**
**00.00 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.00 LPGA Tour 2021**
**12.00 LPGA Tour 2021**
**18.00 Champions Tour Highlights 2021**
**18.55 LPGA Tour 2021**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show with James Corden**
**14.00 The Block**
**15.05 Life Unexpected**
**15.50 90210**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show with James Corden**
**19.05 The Block**
**20.10 Trúnó** Viðtalsþáttur þar sem rætt er við íslenska tónlistarmenn um lífið og listina. Nánir samstarfsmenn og vinir koma fram í þáttunum og varpa ljósi á hliðar í þeirra fari sem ekki hafa verið dregnar fram áður.
**20.45 American Housewife**
**21.10 Normal People**
**21.40 Station 19**
**22.30 Queen of the South**
**23.15 The Late Late Show with James Corden**
**00.00 Love Island**
**00.55 Ray Donovan**
**01.45 Jarðarförin mín**
**02.15 Venjulegt fólk**
**02.45 Stella Blómkvist**
**03.30 Manhunt: Deadly Games**
**04.15 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál: Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Sumarmál: Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Þá tekur tónlistin við**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Svona er þetta**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.30 Hlustaðu nú!**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar**
**20.30 Lestin**
**21.40 Kvöldsagan: Sögukaflar af sjálfum mér**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál: Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál: Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**11.55 Foodfight**
**13.25 Share**
**14.50 Dan in Real Life**
**16.25 Foodfight**
**17.55 Share**
**19.20 Dan in Real Life**
**21.00 Eastern Promises**
**22.35 Joker**
**00.35 28 Days Later**
**02.30 Eastern Promises**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.30 The Mentalist**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Divorce**
**10.05 Hið blómlega bú**
**10.35 MasterChef Junior**
**11.15 Brother vs. Brother**
**12.00 Friends**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Friends**
**13.15 Hvar er best að búa?**
**13.55 Bomban**
**14.45 Grand Designs**
**15.30 Flúr & fólk**
**15.55 Ultimate Veg Jamie**
**16.40 Á uppleið**
**17.05 Last Week Tonight with John Oliver**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.50 Skreytum hús**
**19.05 Víkingalottó**
**19.10 Golfarinn** Golfarinn er skemmtileg þáttaröð um allar hliðar golfíþróttarinnar, allt frá kennslu og þrauta til viðtala við kylfinga á öllum aldri. Í þáttunum í sumar munum við fylgjast með vinum keppa sín á milli, sjáum byrjendur stíga sín fyrstu skref í golfinu og gefum áhorfendum góð ráð hvernig bæta megi leik sinn. Þekktir kylfingar segja frá sinni uppáhalds golfholu auk þess sem við kynnum okkur öll nýjustu tæki og tól sem hjálpa okkur að lækka forgjöfina.
**19.40 First Dates**
**20.25 The Good Doctor**
**21.15 Coroner**
**22.00 The Gloaming**
**22.55 Sex and the City**
**23.25 The Blacklist**
**00.10 NCIS: New Orleans**
**00.55 A Black Lady Sketch Show**
**01.20 The Sister**
**02.05 The Mentalist**
**02.50 Divorce**
**03.15 MasterChef Junior**

## Stöð 2 Sport

**08.30 Höttur - Grindavík**
**10.25 KR - Njarðvík**
**11.25 Valur - Stjarnan**
**13.00 Þór Ak. - Keflavík**
**14.20 Dominos Körfuboltakvöld**
**15.30 Skallagrímur - Fjölnir**
**16.55 Valur - Keflavík**
**18.35 Lindex mótið**
**Umsjónarmaður er Guðjón Guðmundsson.**
**19.15 HK - Breiðablik**
**20.55 Keflavík - Valur**
**22.20 KA/Þór - Fram**
**23.40 HK - Valur**

## Stöð 2 Sport 2

**07.50 Brentford - QPR**
**09.30 Lokomotiv Moskva - Atletico Madrid**
**11.10 Sevilla - Atlético Madrid**
**12.50 Real Madrid - Sevilla**
**14.30 Ítalía - Wales**
**16.10 Phoenix Suns - LA Clippers**
**18.00 Atlanta Hawks - Milwaukee Bucks**
**19.50 Inter Milan - Juventus**
**21.35 Sviss - Tyrkland**
**23.15 Úkraína - Austurríki**
**01.00 LA Clippers - Phoenix Suns**

# ÞVOTTA DAGAR

AFSLÁTTUR 15% AFSLÁTTUR

## betri dagar fyrir heimilin í landinu!

Þvottavélar



AEG

Þvottavélar, þurrkarar & uppþvottavélar frá AEG og SAMSUNG í úrvali á frábærum tilboðum!

SAMSUNG

Þurrkarar



Uppþvottavélar



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |

# Klippt og klæðskerasniðin bensínstöð

Fallandi gengisvísitala bensínstöðva felur ekki sjálfkrafa í sér að þær séu með öllu ónothæfar. Hárskerinn Benedikt Októ Bjarnason hefur þannig komið sér fyrir með sinn Rakarastól í gömlu Atlantsolíustöðinni við Kópavogsbraut ásamt kærustunni sinni og klæðskeranum Rakel Ýri Leifsdóttur og mömmu sinni, landslagsarkitektinum Lilju Kristínu Ólafsdóttur.

thorarinn@frettabladid.is



Inni á rakarastofu Benedikts Októs er fátt ef nokkuð sem minnir á fortíð húsnæðisins sem bensínstöðvar en það þurfti nokkur handtök til þess að hreinsa út olíumengaða sögu byggingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hugarfarsbreyting í umhverfismálum með vaxandi andúð á jarðefnaeldsneyti dregur svo hratt úr mikilvægi bensínstöðva að hjá Reykjavíkurborg eru uppi áform um að fækka þeim verulega á allra næstu árum.

Bensínstöðvar geta þó átt sér framhaldslíf í breyttum heimi eins og dæmin sanna í nágrannasveitarfélaginu Kópavogi þar sem búið er að breyta bensínstöð Olís í Hamraborg í listagallerí og gamla bensínstöðin við Kópavogsbraut hýsir nú rakarastofu, klæðskera og landslagsarkitekt.

Þar komu kærustuparið Rakel Ýr Leifsdóttir klæðskeri og Benedikt Októ Bjarnason rakari auga á ýmsa möguleika og hafa komið sér vel fyrir og fást við iðn sína ásamt Lilju Kristínu Ólafsdóttur, landslagsarkitekt og móður Benedikts.

**Klippt og skorið**

„Þetta byrjaði nú þannig að kærustuna mína, sem er klæðskeri, vantaði húsnæði og við vorum eitthvað að líta í kringum okkur," segir Benedikt, sem opnaði Rakarastólinn í gömlu bensínstöðinni í lok apríl en Rakel Ýr byrjaði að sníða og skera klæði þar í janúar. „Mamma mín er hérna líka þannig að við erum hérna öll fjölskyldan. Það er líka skemmtilegt við þetta að mamma er líka lærður hárskeri."

Þannig að landslagsarkitektinn lætur stundum að sér kveða við rakarastólinn. „Sem er bara gaman og við getum orðað það þannig að þetta gengur mjög fínt og allir hafa nóg pláss þótt það sé ekki mikið umfram það. Það hefur líka sína kosti og galla að þurfa ekki að pæla í of stóru plássi."

Benedikt lítur ekki á sig sem Kópavogsbúa að upplagi en tengist þó bensínstöðvarstæðinu ákveðnum fjölskylduböndum. „Pabbi er úr hverfinu og afi og amma búa hérna þannig að maður hefur svo sem alltaf verið í kringum þetta svæði."



Fyllan? Nei, stytta að aftan og taka upp fyrir eyru. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Rakarinn á bensínstöðinni ásamt klæðskeranum Rakel Ýr og Lilju Kristínu landslagsarkitekt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Bensínstöðin hýsti Mathöllina á undan Rakarastólnum.




Ingibjörg Reynisdóttir rak söluturn í bensínstöðvarfíling kringum 2004.

> „Allt í gamla daga var byggt í kringum bensínstöð eða sjoppu

**Eldfim tilviljun**

Þegar parið hóf húsnæðisleitina bjuggu þau við Háaleitisbrautina og höfðu fyrst augastað á Olísstöðinni þar sem nú er orðin Reiðhjólaverslunin Berlin. „Þannig að við byrjuðum í rauninni á því að spyrjast fyrir um hvort hún væri laus og skoðuðum hana," segir Benedikt um stöðina sem reyndist full stór og hentaði því ekki.

„Þá var okkur bent á þessa bensínstöð en í rauninni snerist þetta í sjálfu sér ekkert um bensínstöð. Það var ekkert endilega málið, en samt, og þetta er náttúrlega á besta stað í hverfinu. Allt í gamla daga var byggt í kringum bensínstöð eða sjoppu," heldur Benedikt áfram og á honum má heyra að einhver bensínstöðvaáhugi hafi þó verið undirliggjandi og ekki alger tilviljun að dælur Atlantsolíu standa við bæði reiðhjólaverslunina og rakarastofuna.

„Það eru allir mjög glaðir með staðsetninguna þannig að nú má uppbyggingin fara að koma," segir Benedikt sem sér fyrir sér bjarta framtíð á svæðinu. „Borgarlínan kemur náttúrlega bara í gegn. Þannig að það verður líklega eitthvað þótt það sé alltaf spurning hvort af henni verður eða ekki. Ég býst nú reyndar við að þetta verði og maður er allt í einu orðinn mikill talsmaður Borgarlínunnar."

**Bensínlaus bygging**

Bensínstöðvarhúsið hýsti Mathöllina áður en Rakel Ýr og Benedikt komu sér fyrir þannig að það var óhjákvæmilegt að lofta út og laga húsnæðið að þeirra snyrtilegu starfsemi.

„Það er engin olíubræla og það var þá frekar steikarolíubræla frekar en smurolíulykt og húsið er alveg laust við allt sem tengist bensíni þannig séð," segir Benedikt, en þótt rýmið eimi ekki lengur af olíum og bílabóni lifir minningin um bensínstöðina í sögunni og sjálfsafgreiðsludælunum á planinu.

„Þetta voru örfá handtök að koma öllu fyrir þarna. Ég viðurkenni það alveg. Ég ætla ekki að ganga svo langt að segja að þetta hafi verið skítugt en ljóst að margir höfðu borðað þarna."

Gólfefnum var því skipt út og rýmið var endurhannað. „En það gekk svona líka vel og við pældum líka mikið í því hvernig við gætum endurnýtt allt sem við gátum. Er það ekki í tísku í dag? Síðan var farið á Brask og brall þar sem við fengum píanó og eitthvað svona dót.

Það þurfti að gera helling en samt ekkert of mikið og það er kostur að í minni stétt þekkir maður marga iðnaðarmenn og maður sneri upp á höndina á nokkrum. Eins og maður gerir bara."

**Fljótandi viðskipti**

Fastakúnnar hafa löngum loðað við bensínstöðvar og sá þáttur í horfnum rekstrinum lifir enn góðu lífi. „Minn bransi er náttúrlega alveg eins. Það má alveg segja það. Maður er náttúrlega hérna flesta daga," segir Benedikt, sem er að sjálfsögðu með sína föstu viðskiptavini og sér auk þess oft sömu andlitin út um gluggann við bensíndælurnar.

Hann segir þó aðspurður að eldsneytissala Atlantsolíu renni lítið saman við viðskiptin hjá honum og fólk sé ekki mikið að skella sér í klippingu eftir að hafa dælt á bíla sína. „Það er kannski óbeint. Fólk kemur kannski ekki beint af dælunni í klippingu en það eru náttúrlega margir sem muna eftir stöðinni og vilja koma inn og skoða."

Benedikt segir þetta mest fólk sem þekki hverfið og vilji skoða breytingarnar og sjá hvað er í gangi. „Og segja manni sögu hússins," segir Benedikt, sem er orðinn fjölfróður um hina og þessa sem tengjast sögu bensínstöðvarinnar. „Þetta er alltaf gaman þótt maður sé búinn að heyra sumt nokkuð oft. Það var gaman svona fyrstu fimm skiptin," segir rakarinn á bensínstöðinni og hlær. ■





NIVEA
SUN
MEIRA
en bara
sólarvörn
NÝTT
48 klst.
raki
NIVEA
SUN
protect &
moisture
immediate protection
& 48h moisture
30
UVA UVB
HIGH
Skin Microbiome
Balance
Water Resistant
Ocean Respect

# Sváfnir stefnir á að verða poppstjarna fyrir sextugt

**Á morgun mun Sváfnir Sigurðarson fagna útgáfu plötunnar Jæja gott fólk með tónleikum í Gamla bíói. Hann fagnar afmæli sínu sama dag. Sváfnir hefur safnað stórskotaliði í hljómsveitina sem kemur fram með honum á morgun.**

steingerdur@frettabladid.is


Sváfnir fagnar 52 ára afmæli sínu á morgun og fannst því tilvalið að efna til stórtónleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Sváfnir Sigurðarson fagnar útgáfu plötunnar Jæja gott fólk, sem kom út á síðasta ári, með stórtónleikum í Gamla bíói á morgun, fimmtudaginn 1. júlí. Sváfnir fagnar einnig 52 ára afmæli sínu þennan sama dag og segir viðburðinn verða hlaðinn ýmsum tilfinningum.

„Frá því að ég man eftir mér hef ég samið og spilað músík. Það er bæði sjálfsagður og nauðsynlegur hluti af lífi mínu því ég get einfaldlega ekki án þess verið. Ég kom fyrst fram með hljómsveit 12 ára gamall og man það eins og gerst hafi í gær hve skelfingin áður en við stigum á svið var áþreifanleg, en ekki síður sigurvímuna sem fylgdi því að komast í gegnum það og fá hrós. Ætli maður sé ekki ennþá að elta þessa upplifun?“ segir Sváfnir.

### Lög úr ýmsum áttum

Hann segir tónlistina vera gjafmildasta afl í veröldinni. Það sé ekki aðeins gefandi að semja og spila, heldur fái hann tækifæri til að tengjast fólki á alveg sérstakan hátt þegar hann spilar með því tónlist.

„Svo að ég tali nú ekki um þegar skapað er saman. Eftir að hafa verið hluti af hljómsveitum, bæði hér heima og í Danmörku þar sem ég bjó um tíma, ákvað ég árið 2016 að treysta innsæinu og stíga fram sem sólólistamaður,“ segir hann.

Sváfnir fékk strax frábært fólk með sér í þá vinnu og platan Loforð um nýjan dag kom út það sama ár.

„Maður gerir lítið einn og það að leyfa öðrum að heyra sínar hugmyndir stækkar þær alltaf. Það kom mér líka ánægjulega á óvart að allt það fólk sem ég hef sóst eftir að vinna með hefur verið reiðubúið að taka þátt í mínum verkefnum. Fyrir það verð ég ævinlega þakklátur,“ segir hann einlægur.

### Fékk hugboð í apríl

Það kom aldrei annað til greina en að gera fleiri plötur að sögn Sváfnis.

„Ég var varla búinn með Loforð um nýjan dag þegar ég fór að leggja grunn að Jæja gott fólk. Hún tók lengri tíma, var unnin í lotum og það voru meira en 20 tónlistarmenn sem komu að gerð hennar. Mér finnst hún betri en sú fyrri, þótt mér þyki sannarlega jafn vænt um þær báðar. Jæja gott fólk er heilsteyptari, maður lærir að treysta sjálfum sér betur. Lögin eru vissulega úr ýmsum áttum en í grunninn má kannski segja að ég sé söngvaskáld sem njóti blessunarlega áhrifa úr ýmsum áttum.“

Sváfnir segir ekki þurfa að fjölyrða um ástandið sem hefur ríkt í heiminum og það sé stórkostleg tilfinning að sjá lífið færast smám saman í rétt horf.

„Ég fékk hugboð í apríl um að fagna afmælinu mínu með stórtónleikum. Auðvitað var það smá séns en það hefur allt gengið upp. Við verðum alls átta á sviðinu og það er eitthvað sem ég hef ekki upplifað áður, að hafa svona stóra hljómsveit. Það er algert dekur að þekkja svona mikið af hæfileikafólki sem er tilbúið í þetta og geggjað að geta verið með trommur og slagverk, bakraddir, tvo snillinga á hljómborð, já og nánast tvennt af öllu. Þannig er hægt að stækka öll augnablikin,“ segir Sváfnir og bætir við að hann fái vandræðalega oft gæsahúð þegar allt smellur saman á æfingum.

> Það kom mér líka ánægjulega á óvart að allt það fólk sem ég hef sóst eftir að vinna með hefur verið reiðubúið að taka þátt í mínum verkefnum. Fyrir það verð ég ævinlega þakklátur.

### Hlaðið tilfinningum

Fólk má eiga von á skemmtilegum tónleikum að sögn Sváfnis.

„Þetta einvala lið á það líka sameiginlegt að vera stórskemmtilegt fólk allt saman, sem getur verið svo fyndið að það verður stundum erfitt að halda þræði á æfingum. Þegar tónlistarmenn njóta sín og skemmta sér við það sem þeir gera, þá smitar það út frá sér til áhorfenda, ekki spurning. Ég hlakka svakalega til að geta loksins, eftir meira en heilt ár, stigið aftur á svið og flutt músíkina mína. Þetta verður örugglega hlaðið alls konar tilfinningum.“

Sváfnir ætlar að klára þessa tónleika áður en hann tekur ákvörðun um framhaldið. Hugsanlega fari hluti þessa hóps eitthvað víðar um landið að spila.

„Og svo hleðst upp nýtt efni svo það þarf að huga að því að rýma fyrir nýjum vörum. Ég stefni á að verða poppstjarna fyrir sextugt svo það er eins gott að fara að drífa sig.“ ■




Nýja kynslóðin í sturtuklefum!

Engar skrúfur, ekkert sílikon!



Fast-fix sturtuklefi með smellukerfi
80x80 cm og 90x90 cm
*blöndurnartæki seld sér

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga lokað

INNRÉTTINGAR & TÆKI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**550 5000**
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is




ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING
ljosid.is
Ljósið


■ Bakþankar



Árna Helgasonar

## Bænastund

Ég ætlaði að koma sterkur inn í garðinn í sumar. Undirbjó mig vel. Undirbúningurinn sneri að vísu á engan hátt að sjálfri garðvinnunni heldur að sjálfhverfari atriðum eins og að finna rétta hlaðvarpið eða hljóðbókina og henda nokkrum myndum af sjálfum mér með arfasköfuna inn á samfélagsmiðla. Ég geri ekkert í dag nema úr verði rafrænt augnablik. Þegar ég skrolla í gegnum ört stækkandi myndaskýið eftir nokkur ár mun ég hugsa, ah júnílok 2021, þarna var ég að vinna í garðinum. Og auðvitað í sjálfum mér.

Svona augnablik eru bænastund nútímamannsins, tími með sjálfum sér við að vinna húsverk sem forfeðrum okkar hefði reyndar þótt svo sjálfsögð að enginn hefði talað um það, hvað þá farið að splæsa í myndatökur.

Undir ómar svo hljóðbókin. Ég valdi eina glóðvolga af toppi metsölulistans sem fjallar um hvernig eigi að vera sigurvegari. Svona bækur eru einhvers konar sambland af sjálfshjálp og trúarlegri ritningu. Við erum orðin svo örvæntingarfull í leit okkar að Guði að nú til dags er nóg að hafa ráma rödd, hljóðnema og lausnir og þú ert kominn með söfnuð. Meira að segja Þjóðkirkjan talar ekki lengur um Guð, er bara farin að gefa út hlaðvörp um kynlíf.

Eins og sigurvegararnir í hljóðbókinni ætla ég mér að vinna í baráttunni við arfann. Þetta gengur reyndar hægt, það kom rigning og svona. En einhvern tíma, kannski seint í haust, kannski næsta vor, mun þessi sigurvegari hafa betur. Mögulega verður komið talsvert af nýjum arfa í millitíðinni en það er þá tilefni í aðra hljóðbók og nýjar lausnir. ■


FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA

NÁÐU TIL **FJÖLDANS!**

**44%**

**18-80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

**Sími: 550 5050**
**soludeild@frettabladid.is**



*Samkvæmt prentmælingum Gallup








La Sportiva Trango
TRK Leather GTX
Alhliða og léttir gönguskór með góðum stuðningi. Góð loftöndun og vatnsheld Gore-Tex filma.
~~46.000 kr.~~ 39.100 kr.



La Sportiva
TX5 GTX
Sérlega góðir fyrir gróft landslag. Leðurskór með góðri loftöndun og vatnsheldri Gore-Tex filmu.
~~33.900 kr.~~ 28.815 kr.



La Sportiva Jackal
Millistífur hlaupaskór með góðum hæla- og ökklastuðningi. Hentar sérstaklega vel í utanvegahaup.
~~28.900 kr.~~ 24.565 kr.



La Sportiva Helios
Alhliða hlaupaskór fyrir náttúruhlaup sem og á malbik. Mjúkir og léttir með góðri dempun.
~~26.000 kr.~~ 22.100 kr.

LA SPORTIVA

Verslaðu á **66north.is**
Fylgdu okkur á Instagram **@66north**



eSIM

Samsung
**Galaxy Watch Active 2 ÁL 40mm**
39.990 kr.
~~49.990 kr.~~

**10.000 króna afsl.**



...rlausn ...ylgir í ... mán.

eSIM

Apple
**Watch SE LTE 40mm**
59.990 kr.
~~69.990 kr.~~

**10.000 króna afsl.**



**NOVA DÍLL**

# Djammingóðir dílar fyrir þig

**Í hverjum mánuði fyrir alla hjá Nova!**

**20% afsl.**

Nova
**Folf diskósett**
3.992 kr.
~~4.990 kr.~~



**NÝ VARA**

Apple
**AirPods Max**
89.990 kr.



Apple
**AirPods Pro**
39.990 kr.
~~44.990 kr.~~

**5.000 króna afsl.**

...alla hjá Nova!

Vertu hjá Nova og fáðu allskonar díla og hressandi tilboð. Þú heldur sama númeri og við pössum upp á símaskrána.

# Tilkynningar þurfa líka frí!

Snjalltækjum fylgir ekki tilkynningaskylda.
En nýjum símum fylgja Spjallsspjöld frá Nova,
með allskonar hressandi umræðuefnum.
Slökktu á áreitinu og byrjaðu að spjalla.





**3.000 króna afsl.**

Nokia
**6300 4G 4GB**
9.990 kr.
~~12.990 kr.~~



**5.000 króna afsl.**

Samsung
**Galaxy A12 64GB**
29.990 kr.
~~34.990 kr.~~



**25.000 króna afsl.**

Apple
**iPhone 11 Pro 256GB**
164.990 kr.
~~189.990 kr.~~



**25.000 króna afsl.**

Apple
**iPhone 11 Pro Max 256GB**
184.990 kr.
~~209.990 kr.~~



**10.000 króna afsl.**

Apple
**iPhone SE 64GB hvítur**
74.990 kr.
~~84.990 kr.~~

**Skilað og skipt!**
Við endurgreiðum ef hann er ekki sá rétti

**Díll er díll!**
Splæsum mismuninn ef verðið lækkar

**Afsláttur á aukahlutum**
10% afsláttur af aukadóti með símanum

**Endurgræddu**
Gamalt og gott upp í nýtt og betra!

# MatarKlipp Nova

## Skoraðu hungrið á hólm!

Nældu þér í MatarKlipp í Nova Appinu. Þú færð fjórar máltíðir á **5.990 kr.** og getur hámað í þig allskonar hamborgara, pizzur, pítur, bökur og vefjur af matseðli á ótal veitingastöðum.

**Verði þér að bragðgóðu.**

Eldsmiðjan · Íslenska Hamborgarafabrikkan · Shake&Pizza Egilshöll · Pítan · Saffran · Blackbox · American Style




Fjórar máltíðir á 5.990 kr.

Sæktu Nova Appið!

2F1

## Fljúgðu fram af Perlunni!




Nældu þér í 2F1 af Fluglínu í Nova Appinu. Fluglínan eru tvær 220 metra langar línur sem fara frá útsýnispalli Perlunnar og niður í Öskjuhlíðarskóg. Þú þýtur inn í gleðina á allt að 50 km hraða. Förum út að leika og njótum lífsins saman í sumar!

## Netið á ferðinni!

Frábærar 4.5G græjur sem sjá til þess að öll snjalltækin komast á netið í fríinu. Vertu með Ljósleiðara hjá Nova og þú færð ótakmarkað net í þína græju á 3.290 kr. á mánuði. Verum vel nettengd á ferðalagi um landið í sumar.



## Heimsent eða sótt, það er allskonar hægt!

Slepptu röðinni og fáðu nýja dótið sent heim að dyrum, sæktu á afhendingarstað Dropp eða veldu að sækja í Nova Lágmúla. Við hlaupum út í bíl til þín með græjurnar!